

Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2010–2011



*Forsíðumyndin er úr sýningunni Heilapveglar (Laveurs de Cerveaux)
sem franskur leikhópurinn l'Asse du coin sýndi á NEATA-hátíðinni á Akureyri 2010
Ljósmyndari: Hjalti Stefán Kristjánsson*

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík

Símar: 551 6974 og 562 2944

Fax: 562 2984

Netfang: info@leiklist.is

Veffang: www.leiklist.is

Efnisyfirlit

Leiðari	5
Aðildarfélög BÍL leikárið 2010–2011	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Leiklistarskóli BÍL	8
Fundargerðir stjórnar BÍL	12
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	16
Ársreikningur 2010	28
Stuttverkahátíð í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ, 29. apríl 2011	37
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	38
Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2010–2011	40
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna	42
NEATA-hátíðin á Akureyri	81
Leiklist undir berum himni	88
Allt fyrir andann	90
Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga	90

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason

Guðfinna Gunnarsdóttir

Ása Hildur Guðjónsdóttir

Halldór Sigurgeirsson

Ólöf Þórðardóttir

Uppsetning efnis:

Ármann Guðmundsson

Prófarkarlestur:

Sævar Sigurgeirsson

Leiðari

Amo, amas, amat, amatör, áhugamaður.

Orðið amatör hefur oft verið notað í neikvæðri merkingu en ef við lítum nánar á málið þá má sjá að orðið amatör er dregið af latnesku sögninni að elska og amatör þýðir sá sem hefur ást á viðfangsefni sínu, hvorki meira né minna.

Alltaf verð ég jafn undrandi, spennt og ánægð að fylgjast með hverju leikfélaginu á fætur öðru setja upp sýningu eftir sýningu, ár eftir ár, aftur og aftur. Hvað drífur fólkið áfram? Stórgóðar sýningar um allt land, aðsóknarmet slegin, fjölbreytnin í verkefnavali sérlega skemmtileg, metnaður mikill og gleðin endalaus.

Leikárið 2010–2011 var engin undantekning í þessari hringrás, nema að því leiti að við héldum umfangsmikla og vel heppnaða leiklistarhátíð á Akureyri í ágúst. Þar sannaðist heldur betur að sameiningarmætti og sannfæringskrafti áhugaleikhússfólks eru engin takmörk sett. Undirbúningur hátíðarinnar átti sér langan aðdraganda og gekk fullkomlega upp og þar spilaði þáttur sjálfboðaliða stóran þátt ásamt gríðargóðri undirbúningsvinnu starfsfólks skrifstofu Bandalagsins.

Stjórn Bandalagsins ákvað í samráði við framkvæmdastjóra að ná mætti fram meiri hagræðingu í rekstri með flutningi skrifstofu Bandalagsins í minna leiguhúsnæði. Skrifstofan flutti af Suðurlandsbraut 16 yfir á Kleppsmýrarveg 8 í sumar og er skemmst frá því að segja að vel fer um starfsfólkið og búðina á nýjum stað. Niðurskurður á styrkfé til aðildarféлага og skrifstofu Bandalagsins hefur óneitanlega haft áhrif á rekstur leikfélaganna í heild sinni, en vonandi verður samdrátturinn aðeins tímabundinn.

Þrátt fyrir samdrátt í samfélaginu sýna tölur frá leikárinu 2010–2011 svo ekki verður um villst að leikfélögin eru útsjónarsöm á tímum samdráttar og öflugri ef eitthvað er. Á leikárinu voru 60 aðildarfélög í Bandalaginu en fjöldi féлага með starfsemi á árinu var 39 og í þeim félögum störfuðu 2.522 félagar. Sett var upp 91 leiksýning, þær sýndar 572 sinnum og tóku 1.682 manns þátt í þeim. Heildarfjöldi áhorfenda á sýningum Bandalagsleikfélaganna var 38.956 manns. Stórgott ekki satt!

Höldum áfram að vera æðrulaus þegar á móti blæs, höldum áfram veginn, eins og Góði dátinn Svejk og leikum alltaf, endalauast aftur og aftur með endalauða ást á viðfangsefni okkar.



*Guðfinna Gunnarsdóttir,
varaformaður*

Aðildarfélag BÍL leikárið 2010–2011

Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar	Leikfélag Sólheima, Grímsnesi
Borgarbörn, Reykjavík	Leikfélag Vestmannaeyja
Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði	Leikfélag Þórshafnar
Halaleikhópurinn, Reykjavík	Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn
Hugleikur, Reykjavík	Leikfélagið Baldur, Bíldudal
Leikdeild Umf. Gnúpverja	Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi
Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi	Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri
Leikfélag Blönduóss	Leikfélagið Peðið, Reykjavík
Leikfélag Dalvíkur	Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi
Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Leikfélagið Skrugga
Leikfélag Hafnarfjarðar	Leikfélagið Sýnir, á landsvísu
Leikfélag Hofsóss	Leikflokkurinn Hvammstanga
Leikfélag Hornafjarðar	Leikhópurinn Lopi, Hornafirði
Leikfélag Hólmanvíkur	Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði
Leikfélag Húsavíkur	Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal
Leikfélag Hveragerðis	Leikklúbburinn Krafla, Hrísey
Leikfélag Hörgdæla	Leikklúbburinn Saga, Akureyri
Leikfélag Keflavíkur	Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg
Leikfélag Kópavogs	Leiklistarfélag Seltjarnarness
Leikfélag Mosfellssveitar	Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði
Leikfélag Ólafsfjarðar	Litli leikklúbburinn, Ísafirði
Leikfélag Ólafsvíkur	Snúður og Snælda, Reykjavík
Leikfélag Patreksfjarðar	Stúdentalleikhúsið, Reykjavík
Leikfélag Rangæinga	Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri
Leikfélag Raufarhafnar	Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð
Leikfélag Reyðarfjarðar	Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal
Leikfélag Sauðárkróks	Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal
Leikfélag Selfoss	Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri
Leikfélag Seyðisfjarðar	Umf. Reykdæla, Reykholti
Leikfélag Siglufjarðar	Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

Stjórn, starfsfólk og nefndir



*Meðstjórnandi og húsnæðisnefnd
Ása Hildur Guðjónsdóttir
Reykjavík*



*Varaformaður
Guðfinna Gunnarsdóttir
Selfossi*



*Formaður
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík*




*Ritari stjórnar, nefnd um
NEATA-hátíð og húsnæðisnefnd
Ólöf Þórðardóttir
Mosfellsbæ*



*Meðstjórnandi
Halldór Sigurgeirsson
Akureyri*



*Varastjórn
Hjalti Stefán Kristjánsson
Reykjavík*



*Varastjórn
Bernharð Arnarson
Höngárdal*



*Varastjórn
Elva Dögg Gunnarsdóttir
Reykjavík*



*Varastjórn
Halla Rún Tryggvadóttir
Húsavík*



*Varastjórn
Magnús J. Magnússon
Höfn í Hornafurði*



*Framkvæmdastjóri, framkvæmdastjóri
NEATA-hátíðar og húsnæðisnefnd
Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Reykjavík*



*Ritari skrifstofu og nefnd um
leikritasafn
Ármann Guðmundsson
Reykjavík*



*Skólanefnd
Hrunn Ólafsdóttir
Reykjavík*




*Skólastýra
Dýrléif Jónsdóttir
Reykjavík*



*Skólastýra og
nefnd um leikritasafn
Hrefna Fríðriksdóttir
Reykjavík*



*Skólanefnd
Gunnhildur Sigurðardóttir
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd
Herdís Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd
Sigríður Karlsdóttir
Selfossi*



*Nefnd um NEATA-hátíð
Þráinn Sigvaldason
Reykjavík*



*Lénshefnd og nefnd um
NEATA-hátíð
Hörður Sigurðarson
Reykjavík*



*Nefnd um leikritasafni
Örn Alexandersson
Reykjavík*



*Fulltrúi BÍL í NUTU
María Björt Ármannsdóttir
Reykjavík*

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Eftir 13 ára veru að Húsabakka í Svarfaðardal var skólinn haldinn í fyrsta sinn að Húnavöllum í Austur-Húnavatnssýslu dagana 12. til 20. júní 2010. Eins og jafnan voru haldin þrjú námskeið en auk þess var sú nýbreytni tekin upp að boðið var upp á „Höfundar í heimsókn“, þ.e. að áhugasamir gátu komið og nýtt sér aðstöðuna til leikritaskrifa. Námskeiðin sem boðið var upp á voru Grunnnámskeið í leikstjórn, kennari Sigrún Valbergsdóttir, Röddin í leikhúsinu II, kennari Þórhildur Örvarsdóttir og Leiklist I – grunnnámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir. Þátttökugjald á öll námskeiðin var 50.000 kr. en 38.000 kr. fyrir „Höfunda í heimsókn“.



Skólastýrurnar Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir, voru kennurum og nemendum til halds og trausts að Húnavöllum.

Textinn um námskeiðin hér á eftir er úr skólabæklingi.

Grunnnámskeið fyrir leikara Leiklist I – kennari Ágústa Skúladóttir

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikara og þeir ganga fyrir sem ekki hafa sótt Leiklist I. Næsta sumar verður haldið framhaldsnámskeið sem byggir á þessu námskeiði.

Á námskeiðinu verður farið í grunnatriði í list leikarans. Lögð verður áhersla á að leysa úr viðjum frumorku, einlægni og sköpunargleði, samband leikarans við sjálfan sig, meðleikara og áhorfendur. Unnið verður með líkamsbeitingu og texta og einnig verður kíkt á mismunandi leikaðferðir eða leikstíla eins og t.d. trúðleik-harmleik-Bouffon og melódráma.

Nemendur munu takast á við agann sem þarf að vera til staðar í stórum, stílfærðum hópsenum en einnig verður farið í spuna í smærri hópum, tvíleik og stuttum einleikjum.

Mikilvægi liðsheildar hóps verður ríkjandi þáttur námskeiðsins því þegar hlustun og leikgleði ráða ríkjum getur allt gerst!

Mottó námskeiðsins: Einn fyrir alla – allir fyrir einn!!

Þetta er í sjötta sinn sem Ágústa kennir við skólann.



Nemendur Ágústu:

Auður Anna Kristjánsdóttir	Jóhanna Sólveig Hallgrímsdóttir
Árný Fjóra Ásmundsdóttir	Katrín Aagestad Gunnarsdóttir
Elin Sveinsdóttir	Kristín Rós Birgisdóttir
Elva Dögg Gunnarsdóttir	Margrét Þorgeirsdóttir
Erla Dan Jónsdóttir	Silja Kjartansdóttir
Erna Björk Hallbera Einarsdóttir	Jóna Dagmar Hólmfríðardóttir
Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir	Sigríður Hafsteinsdóttir
Guðlaug Björk Eiríksdóttir	Sveinbjörn Hjálmarsson
Halla Marín Hafþórsdóttir	Sæþór Gunnarsson
Halldóra Guðjónsdóttir	Telma Kjartansdóttir
Heiðdís Buzgó	

Grunnámskeið fyrir leikstjóra

Leikstjórn I – kennari Sigrún Valbergsdóttir

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhverja reynslu af starfi í áhugaleikhúsi og vilja auka við þekkingu sína með það fyrir augum að spreyta sig í leikstjórn.

Í fyrirlestri og umræðum verður farið fræðilega í gegnum ferli uppsetningar í leikhúsi. Greiningarvinnu verða gerð sérstök skil. Undirbúningsvinna leikstjórans verður skoðuð og staldrað við hina ýmsu verkþætti sem hann ber ábyrgð á og tekur endanlega afstöðu til, svo sem leikmyndavinnu, hljóðmynd, búningagerð, leikmunagerð, hönnun lýsingar, hárgreiðslu, förðun o.s.frv. Einnig undirbúning og skipulag frá degi til dags.

Meginhluti námskeiðsins er verklegur. Þar verður sjónum beint að nokkrum grundvallaratriðum í vinnunni með leikurunum. Þar verður unnið með leikrit og senur sem þátttakendur verða búnir að kynna sér fyrirfram. Við skoðum t.d. persónugreiningu, vendlipunkta, fókus o.fl. Einnig verður unnið með spuna sem aðferð til undirbúnings við val á leikurum og til að leita leiða á lausnum og útfærslu.

Þetta er í níunda sinn sem Sigrún kennir við skólann.



Nemendur Sigrúnar:

Arndís Pétursdóttir
Einar Þorgeirsson
Daníel Freyr Jónsson
Friðjón Elli Hafliðason
Gísli Björn Heimisson
Guðfinna Gunnarsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Halldór Magnússon
Jón Pétursson
Magnús J. Magnússon
Þróstur Ólafsson

Röddin í leikhúsinu II

Kennari Þórhildur Örvarsdóttir

Námskeiðið er framhald frá fyrra ári og ætlað þeim sem það sóttu en hentar einnig þeim sem hafa góðan grunn í Complete Vocal Technique kerfinu.

Á námskeiðinu er unnið útfra Complete Vocal Technique kerfinu þar sem öll hljóð mannsins eru leyfileg og heilbrigði raddarinnar er ávallt höfð í fyrirrúmi. Á námskeiðinu verður tæknilegur skilningur nemandans dýpkaður og aukin áhersla lögð á að flétta saman tækni og túlkun. Mest verður unnið með Masterclass-formið en einnig í minni hópum.

Námskeiðið er tvískipt:

Fræðilegur hluti. „Grunnatriðin þrjú“ og mikilvægi þeirra verður skoðað bæði útfra sjónarhorni raddheilbrigðis og raddhljóms. Farið verður mjög vel í fjóra gíra/stillingar raddarinnar, einkenni og reglur og hlustunargreining þjálfuð. Einnig verða unnin verkefni, litlar rannsóknir þar sem ólíkar raddir og söngvarar úr ólíkum tegundum tónlistar eru skoðaðir. Texti og túlkun fær einnig sitt vægi.

Verklegur hluti. Þar er unnið með tækni, túlkun, spuna og hend-ingamótun beint í gegnum tónlist og texta. Nemendur munu vinna samsöngsverkefni og dúetta. Kennslan fer fram sem Masterclass þar sem allir eru virkir þátttakendur – allan tímann.

Söngvararnir/leikararnir læra að vinna af ábyrgð með eigin rödd og að þekkja möguleika sína og takmarkanir. Nemendur skulu undirbúa lög og talaðan texta til að vinna með á námskeiðinu.

Alltaf er unnið með þann grunn sem hver og einn hefur. Allir fá að halda sínum stíl og sérkennum óareittir.

Þetta er í annað sinn sem Þórhildur kennir við skólann.



Nemendur Þórhildar:

Fanney Valsdóttir
Gunnhildur Sigurðardóttir
Hulda B. Hákonardóttir
Katrín Ragnarsdóttir
Kristín Svanhildur Helgadóttir
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Silja Björk Huldudóttir
Thomas Brorsen Smidt



Nemendur, kennarar, skólastýrir og höfundar í heimsókn.

Höfundar í heimsókn voru:

Embla Guðmundsdóttir
Oddný Sv. Björgvins
Unnur Guttormsdóttir
Ylfa Mist Helgadóttir
Þorgeir Tryggvason
Þórunn Guðmundsdóttir
Örn Alexandersson



Busavígslan var skrautleg sem endranær, Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrirverandi skólastýra bregður á leik.



Sena úr Vatnsdælasögu leikin í óvissuferðinni.



Dýrleif skólastýra svindlar sér inn í málverk Baltasars af Vatnsdælasögu.



Morgunleikfimin var auðvitað á sínum stað.



Hópurinn í óvissuferð.



Eva og Sólveig frá Leikfélagi Blönduóss stýrðu óvissuferðinni af mikilli röggsemi.



Hópurinn hennar Ágústu.



Í óvissuferðinni afrekaði Ágústa það að verða fyrsti leiðbeinandinn í sögu skólans til að vera étin af hesti.



17. júní var að sjálfsgöðu haldinn hátíðlegur.



Þessi mynd er ekki lýsandi fyrir siðferðisástand skólans.



Nemendur Þórhildar þóttu sérlega einbeittir.

Fundargerðir stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2010–2011

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Sveinbjarnargerði í Eyjafirði 2. maí 2010

Mætt voru: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Elva Dögg Gunnarsdóttir, Bernharð Arnarson, Halla Rún Tryggvadóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi er varaformaður, Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ er ritari og Halldór Sigurgeirsson, Akureyri og Ása Hildur Guðjónsdóttir, Reykjavík eru meðstjórnendur.
2. Ákveðið að úthlutunarfundur verði haldinn. 9.–10. júlí í þjónustumiðstöðinni, Suðurlandsbraut 16.
3. Ákveðið að fara yfir verklagsreglur handritasafnsins á næsta stjórnarfund. Handritasafnsnefnd mun skila inn tillögum sínum að þeim fyrir þann fund.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í þjónustumiðstöð Bandalagsins, Suðurlandsbraut 16, 9. júlí 2010

Mætt voru: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ólöf Þórðardóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Halla Rún Tryggvadóttir, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Úthlutun styrkja menntamálaráðuneytisins vegna leikársins 2009–2010.

Ákveðið að hafna umsókn Borgarbarna um sérstakt frumkvæði vegna Ævintýraprinsins og Maríu, asnans og gjaldkeranna.

Ákveðið að veita Halaleikhópnum frumkvæðisstyrk vegna umfangsmikillar tónlistar og hljóðmyndar í Sjöunda og Reköldin.

Ákveðið að veita Hugleik frumkvæðisstyrk vegna mikillar frumsaminnar tónlistar í Rokki.

Ákveðið að hafna umsókn Leikfélags Fljótsdalshéraðs um sérstakt frumkvæði fyrir Elvis – leiðin heim vegna breytinga á sýningarhúsnæði.

Ákveðið að hafna umsókn Leikfélags Hafnarfjarðar um sérstakt frumkvæði vegna spunasýningarinnar Hótel Paradís. Einnig er umsókn um styrk vegna námskeiðs hafnað þar sem leiksýningin var afrakstur þess og ekki er veittur styrkur fyrir námskeið sem enda með styrkhæfri sýningu.

Ákveðið að hafna umsókn Leikfélags Hólmavíkur um sérstakt frumkvæði vegna samstarfs við skóla.

Ákveðið að samþykkja umsókn Leikfélags Kópavogs um sérstakt frumkvæði fyrir Umbúðalaust vegna afar skemmtilega útfærðrar leikmyndar.

Ákveðið að samþykkja umsókn Leikfélags Mosfellssveitar um sérstakt frumkvæði fyrir Mjallhvíti vegna frumsaminnar tónlistar.

Ákveðið að samþykkja umsókn Leikfélags Selfoss um sérstakt frumkvæði fyrir Birting vegna afar vel útfærðrar og viðamikillar leikmyndar.

Ákveðið að hafna umsókn Leikfélags Seyðisfjarðar um frumflutning á Blúndum og blásýru þar sem breytingar á handriti veita ekki tilefni til þess. Leikmynd er heldur ekki nógu sérstök til að verðskulda frumkvæðisstyrk. Þátttakendalista fyrir förðunarnámskeið vantar.

Ákveðið að samþykkja umsókn Leikfélags Sólheima um sérstakt frumkvæði fyrir Þar sem sólin á heima vegna frumsaminnar tónlistar.

Ákveðið að samþykkja umsóknir Leikfélagsins Peðsins um sérstakt frumkvæði fyrir Grandlendingasögu og Komið og farið vegna frumsaminnar tónlistar.

Ákveðið að samþykkja umsókn Umf. Eflingar um sérstakt frumkvæði fyrir Ólafíu vegna frumsaminnar tónlistar.

Þátttakendalista vantar frá Umf. Skallagríms vegna námskeiðs.

Umsókn Leikfélags Ölfuss um styrk vegna útvarpsleikrita hafnað.

2. Starfsáætlun leikársins 2010–2011 yfirfarin

1. Vilborg hefur náð samningi við leigusala um að leigja Suðurlandsbraut 16 fram til áramóta og lækkun á leigu um 100.000 kr. á mánuði. Fyrsta skólaár Leiklistarskóla Bandalagsins á nýjum stað að Húnavöllum tókst í alla staði vel. Hins vegar stóð skólinn ekki undir sér þar sem ýmsilegt var ekki innifalið í verðinu sem var það á Húsabakka og margt ófyrirséð þegar starfsemi er flutt á nýjan stað. Þetta leiddi til þess að skólinn var rekinn með rúmlega 300.000 kr. halla.

2. Vilborg var kölluð á fund með fulltrúa menntamálaráðuneytis, formanni Sjálfstæðra leikhópa og forseta Leiklistarsambands Íslands með það að markmiði að finna flöt á því að samnýta á einhvern hátt þær 11,5 milljónir sem þessum samtökum eru samanlagt eyrnamerkar á fjárlögum ársins 2010. Ekki fannst sá flötur.

Þorgeir formaður, Vilborg framkvæmdastjóri og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður, fóru á fund með Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra og Karítas Gunnarsdóttur deildarstjóra menningarsviðs menntamálaráðuneytisins. Þau gerðu þeim grein fyrir starfsemi Bandalagsins og lögðu sérstaka áherslu á þátt þjónustumiðstöðvarinnar í þeim tilgangi að reyna að hífa framlag ríkisins upp á næsta ári. Í framhaldi af hugmyndum menntamálaráðuneytisins um einhvers konar samnýtingu Bandalagsins og annarra listastofnana á húsnæði o.þ.h., benti Þorgeir á að Íslenska tónverkamiðstöðin er með svipaða starfsemi og Bandalagið fyrir tónlistargeirann. Þorgeir telur einsýnt að halda verði áfram að beita fjárlaganefnd og þingmenn þrýstingi til að verja styrki til áhugaleiklistarstarfs í landinu.

3. Þorgeir greindi frá reynslu Hugleiks af sýningunni á Rokki í

Þjóðleikhúsinu. Kvaðst ánægður með hana en Þjóðleikhúsið hefði verið mjög undirmannað sem hefði getað leitt til vandræða ef eitthvað hefði út af borið. Sem gerðist þó ekki.

NEATA-hátíð á Akureyri

Undirbúningur fyrir NEATA-hátíð á Akureyri 10.–15. ágúst í fullum gangi. Nú liggur mest á að vinna að kynningarmálum. Ármann og Þorgeir ætla að fara í þau í samvinnu við norðanmenn. Þorgeir ætlar að vera í sambandi við Rúnar Guðbrands-son leikstjóra varðandi opunarathöfnina sem verður í Hofi.

Vilborg, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir umsjónarmaður þjónustumiðstöðvar hátíðarinnar og Benedikt Axelsson yfirtæknistjóri fara til Akureyrar í næstu viku og hitta norðanfólk og fara yfir stöðuna þar.

3. IATA-hátíðin í Tromsø 2011

Ísland hefur þegar sótt um sem þátttökuland. Nú þarf að auglýsa eftir sýningu og skipa til þess valnefnd ef sótt verður um fyrir meira en eina sýningu. Niðurstaða þarf að liggja fyrir ekki seinna en 14. september en þá þarf að senda öll umbeðin gögn til Noregs.

4. Leikritasafn Bandalagsins

Ármann lagði fram drög að reglum Leikritasafnsins sem eru í raun þær verklagsreglur sem unnið hefur verið eftir á þjónustumiðstöðinni. Í þeim hefur ekki verið tekið á rafrænni dreifingu en ljóst er að hún yrði eingöngu á PDF-formati ef af yrði. Meðal þess sem nefndin leggur til er að rætt verði við réttindahafa um samþykki á miðlun handrita og samvinnu við öflun þeirra. Fundarmenn ekki á eitt sáttir um tillögurnar. Ákveðið að nefndin ræði til að byrja með óformlega við fulltrúa hlutaðeigandi aðila um einhvers konar samstarf.

5. Laun starfsmanna þjónustumiðstöðvar

Laun starfsfólks Þjónustumiðstöðvar eru skv. samningum endurskoðuð árlega. Ákveðið að formaður og varaformaður kanni launapróun og komi í framhaldinu með tillögur.

6. Boð á NAR-ráðstefnu í Osló 25. og 26. október 2010

Vilborg lagði fram boð frá Norðmönnum um NAR-ráðstefnu, svipaða og haldin var hér á landi fyrir tveimur árum. Þangað er boðið fjórum frá hverju Norðurlandanna. Beðið er upplýsinga um styrk frá Nordisk Kulturfond.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

Stjórnarfundur haldinn að Suðurlandsbraut 16, þann 15. október 2010

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ólöf Þórðardóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Bernharð Arnarson og Vilborg Valgarðsdóttir. Ármann Guðmundsson kom kl. 18.00.

1. Innbrotið á skrifstofuna og afleiðingar þess

Brotist var inn í þjónustumiðstöð Bandalagsins aðfaranótt 20. september og öllum tölvum ásamt ýmsu smálegu stolið. Mestur hluti gagna, þ.m.t. handritasafnið, var til í afriti en Vilborg greindi frá því að ekkert af þeim gögnum sem af einhverjum ástæðum höfðu ekki afritast, hefðu fengist til baka, þ.m.t. gögn fyrir Ársritið, lokaskýrsla um NEATA-hátíðina og bókhaldsgögn frá sept-

ember 2009 til innbrotisdags. Skipt hefur verið um bókhaldsforrit og bókhaldið er nú unnið í Netbókhaldi og er Vilborg að læra á það og komin nokkuð á veg með að slá inn bókhaldsgögnin sem glötuðust. Áskrift að Netbókhaldi kostar um 120.000 kr. á ári.

Gerður hefur verið samningur við Securitas um öryggisvörslu og er kostnaður um 120.000 kr. á ári. Einni eftirlitsvél hefur verið komið upp í þjónustumiðstöðinni og á Hörður Sigurðarson hana. Ákveðið að hafa tvær vélar framvegis til að dekkja mót-tökuna alveg. Hörður mun sjá um að kaupa vélarnar fyrir Bandalagið og setja þær upp.

Þetta tvennt og endurbætt afritunarkerfi ætti að duga til að fyrirbyggja samskonar tjón vegna innbrota og borgar það sig tvímælalaust að leggja út í þennan kostnað til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Stjórn Bandalagsins vill þakka Herði sérstaklega fyrir alla aðstoð í tengslum við þetta innbrotsmál.

2. NEATA-hátíðin 2010

Vilborg lagði fram bráðabirgðauppgjör fyrir NEATA-hátíðina og er hún samkvæmt því réttu megin við núllið. Þó eru ekki öll kurl komin til grafar. Umræður urðu um að okkur hafi vantað leiðbeinandi tilmæli fyrir svona hátíðir, þannig að umsjónarlönd hátíða vissu nákvæmlega hvenær þyrfti að gera hvað. Þorgeir velti fyrir sér hvað við hefðum lært af því að halda þessa hátíð og hvort að við ættum að útbúa sjálf slíkar leiðbeiningar.

Umræður einnig um það hvort að barna- og unglíngahópar eigi erindi á svona hátíðir. Mikið var að gerast á kvöldin og þar urðu þau svolítið útundan – spurning um að setja 18 ára aldurstakmark á svona hátíðir. Fólk sammála að það hafi komið vel út að hafa ekki þá kvöld á leikhópunum að þeir væru með atriði á kvöldskemmtun eins og gjarnan hefur verið á svona hátíðum.

Rætt um að leiðinlegt hefði verið að Freyvangsleikhúsið og Leikfélag Selfoss skyldu ekki stytta sýningar sínar niður í tilskilinn tíma. Á sumum hátíðum eru ljósin einfaldlega slökkt á sýningum ef þær fara fram yfir tímamörk.

Rætt um fyrirkomulag á miðaaafhendingu á sýningum og það að þrátt fyrir að hætt hefði verið að afhenda miða á sýninguna á Vinlandi hafi heilar sætaraðir verið ónotaðar.

Ákveðið að senda fyrirtækjum sem að studdu okkur á hátíðinni jólakort.

Ása Hildur velti fyrir sér hvort ástæða hefði verið til að gera leikfélagameðlimum sem ekki voru starfsmenn á hátíðinni kleift að tryggja sér miða á sýningar með kaupum á passa og þá einnig að þeir hefðu getað keypt sér mat með þátttakendum. Almenn-ingur gat keypt sig inn á lokahófið.

3. Frumvarp til fjárlaga 2011

Meðal fundargagna var útprentað yfirlit yfir framlög ríkssjóðs frá árinu 2006 og var þróunin skoðuð og rædd. Árið 2011 eru áætlaðar 3,6 milljónir fyrir skrifstofuna og 17 milljónir til leikfélaganna, alls 20,6 milljónir.

Rætt um að andmæla þyrfti frekari lækkunum og senda menntamálaráðherra og fjárlaganefnd bréf þar sem fram kemur að við sýnum erfiðri fjárhagstöðu ríkissjóðs skilning en væntum þess að framlög hækki aftur þegar fram líða stundir. Fylgjast þarf með því ef hækkan verður hjá sambærilegum aðilum og vekja athygli réttra aðila á því og að séð verði til þess að áhuga-leikfélögin fái sambærilega hækkan. Þorgeir ætlar að skrifa

bréfið f.h. stjórnar.

4. NAR-ráðstefnan í Osló 24.–26. október

Þorgeir og Vilborg fara bæði á norrænt skrifstofumót í Osló. Rætt um dagskrá fundarins og hvar við stöndum gagnvart þeim flokkum sem ræða á um. Þarna verður þéttskipuð dagskrá í þrjá daga.

Umræður um skönnun handrita og dreifingu þeirra. Ármann bar málið undir Hávar Sigurjónsson formann Félags handritshöfunda en hann sagði eins og vænta mátti að það þyrfti leyfi hvers og eins höfundar, eins og með alla aðra dreifingu höfundarvarins efnis. Í Danmörku er einhver safnsjóður, nokkurs konar stefgjöld, sem renna til höfunda. Mögulega fræðast Þorgeir og Vilborg eitthvað um það fyrirkomulag í Osló. Þau munu á fundinum greina frá hvernig staðan er á handritamálum hérlendis.

Eitt af umræðuefnum er menningarpólitik landanna. Eitthvað er óljóst um hvað er verið að ræða, stefnu Bandalagsins eða opinbera stefnu Íslands. Menningarstefnan er í raun okkar stefna en ekki vissi stjórn til að til sé opinber stefna.

Einnig átti að ræða um byggða- og útileikhús og ætlar Þorgeir að fá skýrslu frá Guðbjörgu Árnadóttur sem sótti ráðstefnu um útileikhús í Danmörku fyrr á árinu.

5. Leikfélagið Skrugga, aðildarumsókn

Um er að ræða endureisn Leikfélagsins Skruggu í Reykhólasveit, félagið hefur ekki starfað síðan 1982. Aðildarumsókn samþykkt.

6. Önnur mál

a) NEATA YOUTH

Beiðni hefur komið frá stjórn NEATA YOUTH um að Bandalagið aðstoði þau við að finna íslenskan fulltrúa í stjórn. Rætt um að setja frétt á heimasíðuna og auglýsa eftir áhugasömum fulltrúa. Starfsemi NUTU var komin í fastar skorður og farin að virka ágætlega en óvíst er hvaða áhrif aðkoma baltnesku landanna hefur. Vilborg ætlar að senda stjórn NEATA YOUTH póst og athuga með kostnaðarhlið þess að eiga fulltrúa.

b) Svein Svensson og Hilmar Joensen, formenn Bandalaga Noregs og Færeyja hafa óskað eftir því við Þorgeir að hann bjóði sig fram sem varaformaður NEATA. Hann hefur áhuga á að bjóða sig fram en þetta útheimtir töluverð ferðalög með tilheyrandi kostnaði sem myndi falla á Bandalagið. Ákvörðun þarf að liggja fyrir á næsta fundi í stjórn NEATA eftir áramót. Stjórn er mjög jákvæð gagnvart þessu og íhugar þetta með fjárhagslegu hliðina í huga.

c) Stuttverkahátíð í Færeyjum verður ekki haldin næsta vor heldur að öllum líkindum næsta haust.

d) Aðalfundur Bandalagsins verður fyrstu helgi í maí (6.–8.) og mun Leikfélag Mosfellssveitar halda fundinn. Haldin verður einþáttungahátíð í tengslum við fundinn.

e) Þorgeir ræddi val á leiksýningu sem fulltrúa Bandalagsins á IATA-leiklistarhátíð í Tromsø 2011. Í greinargerð valnefndar var farið fram á skýrari reglur varðandi val á svona hátíðir. Hann taldi að ekki væri hægt að semja einhverjar einar reglur sem giltu fyrir allar dómnefndir í framtíðinni, þær þyrfti sennilega að gera í hvert skipti með mismunandi forsendur í huga. Ein leið væri að valnefnd sé álitsgjafi en lokaákvörðun væri síðan stjórnar en mikið þyrfti að koma til til þess að stjórn færi gegn áliti valnefndar. Það þyrftu hins vegar alltaf að vera mjög skýr fyrir-

mæli um til hvers er ætlast af nefndinni.

f) Umræða um leiklistarhátíð fyrir börn sem haldin verður Norður-Noregi í ágúst á næsta ári og Bandalagið hefur verið beiðni um að finna íslenska sýningu á. Spurning hvort sýning þarf að vera fullmótuð og frumsýnd áður en umsóknarfrestur rennur út eða hvort að nægjanlegt sé að geta hvaða sýningu á að setja upp. Flestir á því að það ylti svolítið á því hverjir stæðu að sýningunni en viðkvæmt sé að fara í slíkt manngreinarálit.

Dagskrá tæmd klukkan 19.40.

Fundargerð rituðu Ólöf Þórðardóttir og Ármann Guðmundsson

Stjórnarfundur haldinn að Suðurlandsbraut 16, Reykjavík, 12. mars 2011

Mætt voru: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ólöf Þórðardóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin samþykkt.

2. Starfsáætlun 2010–11

a. Leiklistarskólinn.

Skólabæklingurinn fór út í sl. viku. Þrjú námskeið verða í boði auk höfunda í heimsókn. Verð hefur hækkað upp í 59.500.

Sigríður Karlsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í skólanefnd en nefndin stingur upp á Hrund Ólafsdóttur í hennar stað. Stjórn samþykkir tillöguna. Sigríði eru þökkuð frábær störf í þau 16 ár sem hún hefur setið í skólanefnd.

Ákveðið að skipunartími skólanefndarfólks verði áfram 2 ár í senn.

b. Leiklistarvefurinn.

Vefurinn heldur sínu striki.

Mismikil ánægja hjá leikfélögum með gagnrýnendafyrirkomulag, bæði með kostnað og að gagnrýni berist seint inn á vefinn. Þetta eru vonandi bara byrjunarörðugleikar sem félögin sem standa að þessu leysa úr.

c. Þjónustumiðstöðin.

Starfsemi þjónustumiðstöðvar komin í alveg eðlilegt horf eftir innbrot.

Því fer fjarri að rekstur standi undir sér en þó hefur sala verið góð það sem af er ári.

Þorgeir telur að fyrr eða síðar þurfum við að taka ákvörðun um framtíðarhúsnæði þar sem við höfum ekki efni á áframhaldandi veru á Suðurlandsbrautinni. Rætt um að setja jafnvel ýmislegt sem ekki er í daglegri notkun í geymslu ef ódýrt húsnæði fæst sem er of lítið fyrir núverandi starfsemi. Ákveðið að skipa nefnd til að leita að nýju húsnæði undir þjónustumiðstöð. Ása Hildur og Ólöf skipaðar í nefndina með Vilborgu.

Vilborg segir að fyrir liggja að gera átak í að selja Sögu Banda-

lagsins á bókasöfn. Á næsta ári má setja hana á bókamarkaðinn í Perlunni og bjóða meðlimum leikfélaganna og jafnvel öðrum leiklistartengdum samtökum hana með afslætti, það sé betra en að sitja uppi með lager upp á 600 bækur.

Árman tekur að sér að sjá til þess að merkingar verði fjarlægðar af Laugaveginum.

d. Leitað eftir auknum framlögum.

Varnarbaráttan heldur áfram, engar líkur taldar á að það fáiast auknir styrkir neinstaðar frá á þessu ári.

e. Þjóðleikhússýningin

Heldur áfram eins og áður.

f. NEATA-hátíðin

Hátíðin var haldin með glans. Rætt um hvort og þá hver og hvernig eigi að taka saman skýrslu um hvernig framkvæmd hennar tókst. Ákveðið að Vilborg hafi yfirumsjón með því þar sem hún var framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

3. Aðalfundur 2011 undirbúinn

Vilborg segist vera óánægð með þjónustu endurskoðanda Bandalagsins og vill skipta um. Stjórn samþykkir og felur henni að finna annan endurskoðanda. Engar athugasemdir gerðar við ársreikning og hann samþykktur af stjórn.

Hilmar Joensen formaður MÁF í Færeyjum hefur lýst áhuga á að koma á aðalfund Bandalagsins. Þorgeir leggur til að Bandalagið borgi gistingu undir hann ef af verður. Stjórn samþykkir.

Þorgeir hyggst gefa kost á sér áfram sem formaður. Óljóst með að aðra stjórnar- og varastjórnarmenn.

Rædd tillaga að starfsáætlun. Almenn starfsemi óbreytt. Lagt til að Stuttverkahátíð í Færeyjum verði gerð að sérverkefni. Það samþykkt sem eina tillaga stjórnar að sérverkefni næsta leikárs.

Árman ætlar að gera Facebook-viðburð fyrir einpáttungahátíð. Ákveðið að fá Bandalagsfólk til að fjalla um sýningarnar á hátíðinni, „félagslega skoðunarmenn leiksýninga“.

4. Lög Leikdeildar Umf. Gnúpverja

Yfirfarin lög Leikfélags Gnúpverja sem sótt hefur um inngöngu í Bandalagið. Þau eru nú í góðu lagi og samþykkt. Ása Hildur var þeim innan handar við að semja þau.

5. Verkefnið Paunk

Tekið fyrir erindi frá menningarverkefninu Paunk sem verið er að hrinda í gang á Húsavík og á að gefa ungu fólki tækifæri á að kynnast og vinna með ólíkum listmiðlum. Þar er fyrst og fremst verið að falast eftir ráðgjöf, t.d. varðandi leiklistartengd námskeið. Vel tekið í erindið.

6. Erlent samstarf

María Björt Ármansdóttir samþykkt sem fulltrúi Bandalagsins í NEATA-Youth sem kom í stað NUTU á síðasta ári.

Tekið fyrir erindi frá AMATEO sem eru einhvers konar regnhlífar-samtök menningartengdra áhugasamtaka. Ákveðið að ganga ekki í samtökin þar sem við höfum lítið sem ekkert þangað að sækja.

Lög NAR. Eftir að starfsemi NAR var breytt var ljóst að breyta þyrfti lögum þess til að laga að nýjum forsendum. Tekin fyrir tillaga frá Norðmönn um að nýjum lögum. Þorgeir hyggst gera athugasemd við að í lögnum sé verið að blanda saman lögum og starfsáætlun.

Ætlunin er að halda NAR-ráðstefnu í Tana í Norður-Noregi viku eftir að IATA/NEATA/NAR-fundur verða haldnir í Tromsø í júlí. Ákveðið að senda einn fulltrúa (Þorgeir) til Tromsø en engan til Tana, fyrst og fremst af fjárhagslegum ástæðum. Þetta má endurskoða ef það fer íslenskur hópur á barnaleiklistarhátíðina í Tana, þá mætti mögulega skipa fulltrúa úr hópnum.

7. Önnur mál

Tekið fyrir erindi frá Leiklistarsambandinu um Kynningarmiðstöð sviðslista. Varpað fram þeirri spurningu hvaða hugmyndir við hefðum um starfsemi slíkrar miðstöðvar. Engar hugmyndir komu fram. Vilborg svarar erindinu með því að við viljum fylgjast með framgöngu málsins og líta á okkur sem aðila að þessu batterí.

Ákveðið að stefna að því að dagsetning úthlutunarfundar verði 1.–3. júlí.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

Stjórnarfundur í Bandalagi íslenskra leikfélaga í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ 29. apríl 2011

Mætt voru: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Elva Dögg Gunnarsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Tekin fyrir aðildarumsókn frá Áhugamannaleikklúbbsi Grundarfjarðar. Ákveðið að samþykkja aðild leikklúbbsins að Bandalaginu.
2. Verkefnum skipt niður á stjórnarmenn fyrir aðalfund.
3. Ákveðið að leggja til óbreytt árgjald.
4. Rædd húsnæðismál, ákveðið að segja upp húsnæðinu að Suðurlandsbraut fyrir mánaðamót og gera tilboð í húsnæði við Kleppsmýrarveg 8. Vilborgu falið að fara í málið.
5. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ, 30. apríl 2011

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað.

Þorgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins bauð fundargesti velkomna. Hann stakk upp á Grétari Snæ Hjartarsyni og Péttri Ragnari Péturssyni frá Leikfélagi Mosfellsveitar sem fundarstjórum og Ármanni Guðmundssyni, ritara skrifstofu, og Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Hugleik, sem riturum fundar. Samþykkt.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir til-lögum.

Kjörnefnd, skipuð Dýrleifi Jónsdóttur, Hugleik, Emblu Guðmundsdóttur, Umf. Reykdæla og Gerði Sigurðardóttur, Leikfélagi Selfoss og Leikfélaginu Sýni, afgreiddi kjörbréf og skýrði stöðu framboðsmála.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum og stjórn Bandalagsins, las menningarstefnuna. Engar umræður.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellsveitar og ritari stjórnar, greindi frá hvaða félög hefðu sótt um inngöngu og hver væru á leið úr Bandalaginu. Úr Bandalaginu gengu Skagaleikflokkurinn, vegna skulda og Umf. Tálknafjarðar og Umf. Stafholtstungna að eigin ósk. Leikfélagið Skrugga, Leikdeild Umf. Gnúpverja og Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar höfðu sótt um inngöngu og fundurinn staðfesti ákvörðun stjórnar um að taka þau í Bandalagið.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerðin samþykkt einróma.

6. Skýrsla stjórnar.

Þorgeir Tryggvason flutti skýrslu stjórnar.

Skýrsla formanns um leikárið 2010–2011, flutt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga í Mosfellssveit 30. apríl 2011.

I – Stjórn

Stjórn var þannig skipuð á starfsárinu: Þorgeir Tryggvason, Reykjavík, formaður
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, varaformaður
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, ritari
Ása Hildur Guðjónsdóttir, Reykjavík
Halldór Sigurgeirsson, Akureyri

Í varastjórn voru þau Hjalti Stefán Kristjánsson, Magnús J. Magnússon, Elva Dögg Gunnarsdóttir, Bernharð Arnarson og Halla Rún Tryggvadóttir.

Í þjónustumiðstöðinni starfa síðan Vilborg Árný Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri og ritarinn Ármann Guðmundsson.

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu, flestir í höfuðstöðvunum í Reykjavík, en einnig í tengslum við aðalfund. Stjórnarmönnum og starfsfólki er þakkað fyrir góða og vinnusama fundi á starfsárinu.

II – Starfsemi félaganna

96 verkefni fengu styrk leikárið 2009–2010. Fullur styrkur reyndist vera 310.000 kr. Báðar tölur lækka nokkuð frá leikárinu áður. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemi. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en félögin í Bandalaginu eru nú 60.

III – Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og mun ég fara yfir hana og geta þess hvernig unnið var að hverjum lið fyrir sig.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Fastir liðir fóru fram eins og föstum liðum sæmir, þó enn hafi skóinn kreppt í styrkjamálum bæði til leikfélaganna og þjónustumiðstöðvarinnar.

Fulltrúar skóla- og vefnefndar munu gera grein fyrir því sem lýtur að skólanum og Leiklistarvefnum, og rekstrarmál þjónustumiðstöðvarinnar koma best fram í ársreikningum sem framkvæmdastjóri skýrir síðar á dagskránni.

Á árinu tókst Vilborgu með harðfyli að ná fram umtalsverðri lækkun á húsaleigu þjónustumiðstöðvarinnar, sem engu að síður er of há fyrir okkur, og húsnæðið í raun óþarflega stórt fyrir starfsemi. Vilborg, Ása Hildur og Ólöf höfu markvissa leit að hentugra og ódýrara húsnæði og útlit er fyrir að sú leit sé að bera árangur þegar þetta er skrifað.

Þann 20. september var brotist inn í þjónustumiðstöðina og tölvubúnaði stolið. Þetta var auðvitað mikið áfall og kostaði ómældu vinnu við endurfærslu á bókhaldi bæði Bandalagsins og leiklistarhátíðarinnar. Í framhaldinu voru öryggisráðstafanir efldar, afritunarkerfi endurbætt og er bókhald Bandalagsins nú fært í gegnum netbókhald.

Einn af föstum liðum í starfinu er samstarf við erlend áhugaleikhúsbatterí. Aðalfundur NEATA var að þessu sinni haldinn á Akureyri í tengslum við leiklistarhátíðina sem nánar verður vikið að síðar. Á fundinum kom m.a. fram að formaður NEATA mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu og verður nýr formaður kjörinn á næsta fundi sem verður í Tromsø í júlí í tengslum við alþjóðlegu hátíðina þar. Þá var gengið frá því að næsta NEATA-hátíð verður í Danmörku næsta sumar.

NAR hefur undanfarin ár verið í miklum breytingarfasa. Tveir fundir voru haldnir á árinu, annar í Lysebu í Noregi, þar sem lögð voru drög að framtíðarskipulagi og hlutverki NAR, og var þeirri vinnu haldið áfram í Kaupmannahöfn í janúar. Vilborg og undirritaður sóttum fundinn í Lysebu, og ég var í Kaupmannahöfn.



Vilborg framkvæmdastjóri í pontu. Í bakgrunni má sjá Grétar Snæ fundarstjóra, Þorgeir formann og Guðfinnu varaformann.



Einbeittir fundarritarar, Ármann og Sigríður Lára.

NAR sér hlutverk sitt sem samráðsvettvang og mun berjast fyrir því að verða sá aðili sem norræn batterí á borð við Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina leita til með allt sem snýr að áhugaleiklist. Einnig mun NAR berjast fyrir því að fá aftur möguleika á að veita styrki til gestaleikjaferða, en að missa þá fjármuni er sennilega sú breyting sem mestu skiptir fyrir norrænt samstarf á okkar sviði. Þá hyggst NAR halda áfram að halda barnaleiklistarhátíðir annað hvert ár, en er reyndar nýbúið að aflýsa næstu slíkri hátíð sem átti að vera í Tana í Samalandi í sumar. Einnig lítur NAR á samstarf okkar, Færeyinga og Norðmanna um stuttverkahátíðir sem áhugaverðan vaxtarbrodd. Færeyingar skipuleggja nú næstu slíka hátíð og hún verður í Þórshöfn 15. október næstkomandi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Í frumvarpi til fjárlaga var okkur ætlaður sambærilegur niðurskurður og öðrum sambærilegum liðum og ákvað stjórn að fara ekki í sérstakar aðgerðir vegna þess, enda vandséð að það myndi einhverju skila í núverandi árferði. Við höfum þó gert stjórnvöldum ljóst að við munum ekki geta sinnt okkar víðtæka þjónustustarfi óbreyttu ef ekki koma til hækkanir á framlögum bráðlega.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

Hugleikur sýndi Rokk í Kassanum í júní. Tvær sýningar fyrir fullu húsi og eru Hugleikarar hæstánægðir með öll samskipti sín við Þjóðleikhúsið.

4. Sérverkefni

Sérverkefni ársins voru tvær leiklistarhátíðir, önnur lítil og nett, hana héldum við í gærkveldi og litlu við það að bæta. Hin var hinsvegar gríðarstór.

Formaður framkvæmdanefndar hátíðarinnar mun flytja skýrslu sína undir liðnum skýrslur nefnda. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að NEATA-hátíðin á Akureyri hafi heppnast vonum fram- ar. Allt hélst þar í hendur. Aðstaðan var prýðileg og veðrið var að langmestu leyti til stakrar fyrirmyndar. Gott ef það sáust ekki norðurljós á lokakvöldinu. Stór hluti sýninganna var flytjendum sínum og þjóðum til sóma, sumar reyndar frábærar og þær sem tókust miður gerðu ekki annað en að gera áhorfendur þakkláta fyrir hinar framúrskarandi. Erlendir gestir okkar voru í skýjunum að því ég best gat hlerað – fyrir marga þeirra var þetta auðvitað

ævintýraferð hvað sem allri leiklist leið. Og síðast en ekki síst – hátíðin er réttu megin við núllið fjárhagslega. Það má lengi telja upp fólk úr þeim óvíga her sem gerði þessa hátíð að veruleika. Ég á samt ekki von á að neinn móðgisti alvarlega þó ég biðji viðstadda að klappa sérstaklega fyrir kraftaverkakonunni Vilborgu Valgarðsdóttur.

IV – Lokaorð

Við erum auðvitað vígamóð, stolt og fegin að þessi hátíð er að baki sem svo lengi vofði yfir en stóð svo bara í nokkra daga. Næstu stórverkefni okkar eru ekki síður mikilvæg en snöggjum leiðinlegri og þau munu alveg örugglega ekki standa yfir í tæpa viku. Við þurfum að taka á fjárhagsvanda okkar, berjast fyrir bættum styrkjum og auknum skilningi á þörfum okkar, rýna af útsjónarsemi í útgjöldin.

Og meðan við fáumst við þetta megum við ekki missa sjónar af tilgangi þess að standa í slíku. Við verðum að leika, við verðum að skapa, við verðum að beita metnaðinum og sköpunarkraftinum fyrir leikhúsvagninn okkar og draga hann inn á menningar- borg. Eins og fíflíð Fjasti söng í Prettándakvöldi Shakespeares:

„Það rignir alltaf dag eftir dag.“

En hann klikkti samt út með að syngja:

„En við lyftum tjaldinu dag eftir dag.“

Gerum það.

Reykjavík 29. apríl 2011

Þorgeir Tryggvason, formaður

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg Valgarðsdóttir lagði fram reikninga síðasta árs.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Hörður Sigurðarson spurði um hversu mikilli lækkun á húsaleigu Vilborg hefði náð fram. Vilborg svaraði að húsaleiga hefði farið úr 350.000 í 250.000 og hækkun skv. vísitölu hefði verið afnum- in.

Hulda B. Hákonardóttir, Hugleik, spurði hvort til greina hafi komið að láta sölnuna á húsnæðinu við Laugaveg ganga til baka. Vilborg sagði svo ekki vera þar sem þá þyrfti að borga til baka



Fundargestir voru vel með á nótunum.

Það sem þegar hefur verið greitt. Ætlunin væri að bíða á meðan nýr eigandi breytir húsnæðinu í íbúðarhúsnæði og vona að hann nái að kljúfa þetta fjárhagslega.

Reikningar samþykktir.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

a. Skýrslu skólanefndar flutti Hrefna Friðriksdóttir.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 30. apríl 2011

Fyrst er frá því að segja að nýlega var skólanefnd skipuð að nýju og í henni eiga nú sæti auk mín Dýrleif Jónsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir, Herdís Þorgeirsdóttir og Hrund Ólafsdóttir. Skólanefnd þakkar Sigríði Karlsdóttur kærlega fyrir öll hennar merku og miklu störf um leið og Hrund er boðin hjartanlega velkomin í hópinn. Ég nota líka þetta tækifæri til að þakka öllum samnefndarkonum mínum vel unnin störf.

Leiklistarskólinn var settur í 14. sinn þann 12. júní 2010. Þessari skólasetningu fylgdi óneitanlega nokkuð meiri spenna og eftirvænting en oft áður – eins og ég sagði frá í fyrra þá voru þetta merk tímamót í sögu skólans þegar hann flutti frá Húsabakkaskóla og var settur í fyrsta sinn að Húnavöllum í Húnavatshreppi.

Það er skemmt frá því að segja að þetta tókst afskaplega vel – það fór mjög vel um okkur í Húnavallaskóla – aðbúnaðurinn var góður, starfsfólk lagði sig fram um að mæta okkar þörfum og við lögðum staðinn undir okkur! Ég vil þakka Leikfélagi Blönduóss sérstaklega fyrir aðstoð og samvinnu við skipulagningu óvissuferðar sem vonandi verður árlegur viðburður. Hinn eini sanni skólaandi sveif yfir öllu skólafyrirfinningu og við hlökkum til

áframhaldandi samstarfs.

Skólann sóttu alls 40 nemendur sem sátu 3 námskeið:

1. Byrjendanámskeið í leiklist. Kennari Ágústa Skúladóttir.
2. Byrjendanámskeið í leikstjórn. Þar mætti enn og aftur til leiks Sigrún Valbergisdóttir.
3. Framhaldsnámskeið í söng- og raddbeitingu út frá Complete Vocal Technique kerfinu undir stjórn Þórhildar Örvarsdóttur – en þarna var um að ræða framhald af námskeiði sem Þórhildur var með sumarið áður.

Auk þessara námskeiða var bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða höfundum í heimsókn. Höfundum var boðið að dvelja á staðnum við skapandi skrif og boðið að taka þátt í skemmtilegheitum utan hefðbundinna kennslustunda. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir, alls mættu 7 höfundar í styttri eða lengri tíma.

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til almennrar ánægju með skólafyrirfinningu.

Árið 2011 er starfstími skólans ráðgerður frá 11.–19. júní að Húnavöllum.

Í ár er eins og oftast áður boðið upp á þrjú námskeið. Við fylgjum föstum hefðum og bjóðum upp á framhald af byrjendanámskeiðum síðastliðins árs – Ágústa Skúladóttir ráðgerir að kenna Leiklist II og Sigrún Valbergisdóttir Leikstjórn II.

Þá er boðið upp á sérnámskeið fyrir leikara með það markmið að gefa nemendum grundvallarskilning á vinnu leikarans með leikverkið. Í upphafi gerðum við ráð fyrir að Steinunn Knútsdóttir myndi kenna. Svo gerðist það að Steinunn fékk starf sem deildarforseti leiklistardeildar LHÍ og varð að hætta við. Við óskum

Steinunni til hamingju með starfið. Um leið erum við nokkuð stoltar af því að hafa fengið Rúnar Guðbrandsson til að koma í hennar stað. Rúnar hefur áður kennt við skólann við mjög góðan orðstír. Núna er að sjálfsgöngu ráðgert að hann muni – í góðri samvinnu við Steinunni – ganga inn í að kenna það námskeið sem lagt hefur verið upp með. Skólanefnd hefur tilkynnt öllum skráðum nemendum á sérnámskeiðinu um þessa breytingu og er það von okkar að þetta muni engin áhrif hafa á aðsóknina.

Að lokum ákváðum við að bjóða höfundum aftur í heimsókn með sama sniði og í fyrra.

Þetta er sem sagt skólinn sem við bjóðum upp á í ár og vonum að verði. En – nú brennur svo við að aðsókn er dræm og enn sem komið er minni en ásættanleg. Staðan í dag er því sú að við munum hugsanlega neyðast til að fella skólann niður í ár. Það er ljóst að skólinn verður að standa undir sér og 36 er sá lágmarksfjöldi nemenda sem þarf til að svo megi verða. Í dag eru 33 nemendur skráðir.

Eins og mörg ykkar hafa eflaust orðið vör við þá var frestur til að sækja um skólavist framlengdur til 4. maí. Við viljum skora á alla sem hér eru að sækja um eitthvað af þessum spennandi námskeiðum og að láta boð út ganga til allra sinna félagsmanna um að skoða þetta vandlega. Það eru laus pláss á öllum námskeiðin.

Vonandi gengur þetta nú allt saman upp. Skólanefnd mun – að höfðu samráði við stjórn Bandalagsins – taka endanlega ákvörðun um framhaldið á fundi fimmtudaginn 5.5. klukkan 5.

*F.h. skólanefndar,
Hrefna Friðriksdóttir*

Hörður Sigurðarson, lénsherra, flutti skýrslu vefnefndar.

Skýrsla vefnefndar 2011, lögð fram á aðalfundi BÍL í Mosfellsbæ 30. apríl–1. maí 2011

Á ýmsu hefur gengið með Leiklistarvefinn á liðnu ári og ekki var það allt jákvætt. Það sem helst hefur angrað aðstandendur eru viðvarandi vandamál með útsendingu fréttabréfa auk annarra smærri vandamála. Rót þeirra vandamála var að þeir sem sjá um hýsingu á vefnum uppfærðu ýmsa hluti á miðlara án þess að hafa samband við okkur áður. Breytingarnar gerðu það að verkum að ýmis virkni fór úr skorðum svo sem myndastjórn og póstlistaútsendingar auk annarra hluta. Að mestu leyti var vandamáluþing kipt í liðinn fljótt og vel en þar voru póstlistar þó undanskildir. Í kjölfarið tók við langur tími þar sem útsending fréttabréfa var í ólestri og ekki nema hluti af þeim sem skráðir voru á póstlista fengu senda vikulega fréttapósta. Það hefur tekið nokkra mánuði að koma öllu í rétt horf en loks virðist það hafa tekist og útsending fréttabréfa á því að vera komin í lag.

Að flestu öðru leyti hefur vinna við vefinn gengið sinn vanagang. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjá að mestu leyti um að setja efni á vefinn eins og verið hefur en undirritaður er til aðstoðar þegar á þarf að halda. Þá gerði undirritaður skurk í útlitsmálum á forsiðu fyrir nokkru og er hún nú orðin öllu stílhreinni en áður var. Mjög þarft væri að halda starfsdag þar sem lénsherra og starfsmenn hreinsuðu aðeins til á vefnum og stilltu saman strengi með ýmislegt sem honum tengist. Ekki síst þyrfti að hreinsa til í föstum síðum á borð við upplýsingasiðu Leiklistar-skólans og þá mætti endurskoða ýmsar aðrar.

Leiklistarvefurinn er öflugt tæki sem nýtist vel til að framkvæma þau markmið sem kveðið er á um í 3. grein laga Bandalagsins. Það má þó nefna að vefurinn er að sumu leyti lítt eða ekki nýttur eins og hægt væri. Þar má t.d. benda á möguleika til að

virka almenna félagi til að bæta við og uppfæra Leikritasafnið og einnig eru möguleikar til að bæta upplýsingar um vöruúrval verslunarinnar svo eitthvað sé nefnt.

Vefnefnd fékk einnig það verkefni í tengslum við NEATA-hátíðina á Akureyri að koma upp og viðhalda upplýsingasiðum á ensku um hátíðina. Þeir erlendu þátttakendur sem tjáðu sig, lýstu ánægju með upplýsingarnar sem þar komu fram enda var sennilega meira lagt í að þjóna erlendum gestum en áður hefur verið á slíkri hátíð.

Á liðnum árum hafa af og til komið upp álitamál varðandi efni sem borist hefur vefnum. Það er ekki mjög skýrt eftir hverju skuli farið í slíkum málum né heldur hver fer með ritstjórnarvald og -ábyrgð. Í því samhengi hefur undirritaður velt því fyrir sér hvort ekki sé kominn tími til að móta betur hlutverk þeirra sem vinna við vefinn. Þó vefnefnd hafi starfað frá því vefurinn var opnaður hefur skipulag hennar verið frekar laust í reipunum og t.d. hefur ekki verið gefið út skipunarbréf fyrir hana eins og þó hefur staðið til að gera fyrir nefndir Bandalagsins. Undirritaður hefur auk þess starfað sem Lénsherra frá upphafi án þess þó að það embætti hafi formlega verið sett á laggirnar né því mót-aður rammi eða starfssvið. Það mætti gjarnan ræða það innan stjórnar hvort ekki sé ástæða til að koma þessum málum í fastari skorður og í framhaldi móta ritstjórnarstefnu fyrir vefinn. Því er hér með beint til stjórnar að taka þessi mál til umræðu.

Leiklistarvefurinn var formlega opnaður haustið 2001 og verður því brátt 10 ára. Vefurinn hefur fyrir löngu sannað mikilvægi sitt í starfi Bandalagsins og þjónustumiðstöðvarinnar. Það væri kannski ekki úr vegi að setjast niður yfir afmælsköku á þessum tímamótum, ræða hvernig vefurinn hefur þróast, hvernig hann virkar í dag og ekki síður hvernig við viljum að hann vaxi og nýtist okkur sem best næsta áratuginn.

Svo lýkur skýrslu vefnefndar.

*F.h. vefnefndar
Hörður Sigurðarson*

Vilborg Valgarðsdóttir flutti skýrslu NEATA-hátíðarnefndar.

Skýrsla framkvæmdarnefndar NEATA-hátíðar 2010 sem haldin var í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri, dagana 10. til 15. ágúst

Hátíðin tókst afar vel að langflestu leyti. Við höfum fengið þakki frá flestum hinna erlendu gesta sem sóttu hátíðina og hrós fyrir góða skipulagningu, góðan standard á leiksýningum og mjög skemmtilega umgjörð. Einnig var þakkað sérstaklega fyrir frábæra skoðunarferð sem farin var að Mývatni og Námaskarði.

Hátíðina sóttu 11 leikhópar frá 9 löndum, 3 frá Íslandi og einn frá hverju hinna landanna; Noregi, Litháen, Svíþjóð, Frakklandi, Finnlandi, Lettlandi, Danmörku og Færeyjum. Íslensku hóparnir voru Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Selfoss og Freyvangsleikhúsið, Samtals voru 186 manns í leikhópunum.

Hátíðina sóttu einnig erlendir gestir frá NEATA-löndunum og Evrópu, þeir voru frá Danmörku, Lettlandi, Litháen, Svíþjóð, Austurríki, Finnlandi, Noregi, Frakklandi og Englandi. Samtals voru þetta 22 einstaklingar.

40 sjálfboðaliðar, starfsmenn og tæknimenn, unnu við hátíðina myrkanna á milli og það var þeim að þakka hversu allt gekk smurt fyrir sig og án vandamála.

Hátíðina sóttu samtals um 250 manns.



Hópavinna, Einar Andrésón, Halaleikhópnum, Kristín Rós Birgisdóttir, Lf. Hafnarfjarðar og Árný Leifsdóttir, Lf. Ölfuss.



Hópavinna, Bryndís Halldórsdóttir, Lf. Fljótsdalshéraðs, F. Elli Hafliðason Lf. Selfoss, Hanna M. Kristleifsdóttir, Halaleikhópnum og Axel Vatnsdal, Lf. Hörgárdals.

Hátíðin var sett í Menningarhúsinu Hofi kl. 20.00 þriðjudaginn 10. ágúst. Þar fluttu ræður forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti NEATA, Line Hauger frá Danmörku og formaður Bandalagsins, Þorgeir Tryggvason, sem setti hátíðina með frumsömdu lagi sem hann kenndi hátíðargestum þar og þá og mátti alla hátíðina heyra þá raula fyrir munni sér „Art of the heart“. Að hátíðlegri og líflegri dagskrá lokinni var svo sest inn í stóra salinn í Hofi þar sem Leikfélag Kópavogs sýndi Umbúðalaust, fyrstu leiksýningu hátíðarinnar. Að henni lokinni var svo opnaður hátíðarklúbburinn sem starfaði á hverju kvöldi á sama stað, í Hofi.

Dagskrárliðir hátíðarinnar gengu svo hver af öðrum; leiksmiðjur, gagnrýni, hádegisverður, leiksýningar, kvöldverður, hátíðarklúbbur og samvera. Dagskrá hátíðarinnar er á Leiklistarvefnum og óþarfi að lista hana upp hér.

Upplýsingamiðstöð hátíðarinnar var í anddyri Hofa, við hlið miðasölnunnar, og gekk allt það samstarf eins og í sögu. Starfsmenn miðstöðvarinnar, með Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í broddi fylkingar, sáu um að manna alla pósta og höfðu heildaryfirsýn yfir alla dagskrárliði hátíðarinnar og gátu því brugðist við umsvifalaust ef eitthvað bjátaði á. Leiksviðin tvö höfðu líka sína tækni- og starfsmenn sem unnu ekkert minna en kraftaverk við frumsýningar á 11 leiksýningum í glænýjum leikhússölum á 5 dögum.

Áhorfendur voru frá 144 til 150 á sýningar í minni salnum en frá 160 til 500 í stóra salnum. Samtals áhorfendur á allar sýningar voru um 2.300 manns.

Hátíðinni var slitið með hátíðarkvöldverði, ræðuhöldum og skemmtiatriðum í Hofi laugardagskvöldið 14. ágúst og gestir héldu svo heim á leið sunnudaginn 15. en við starfsfólkið gengum frá í Hofi fram eftir degi. Flestir voru þó komnir til síns heima um kvöldið.

Fyrir jólin síðustu sendum við svo öllum leikhópum hátíðarinnar jólakveðju ásamt DVD-diski þar sem Hörður Sigurðarson hafði klippt saman „highlights“ frá hátíðinni. Starfsmönnum sendum við einnig jólakveðju og eitt hátíðarglas hverjum.

Í desember var lokauppgjör sent til Norræna menningarsjóðsins en hann var stærsti styrktaraðili hátíðarinnar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk einng lokauppgjör þá en ráðuneytið styrkti hátíðina um 2 milljónir.

Lokauppgjör sýndi að hátíðin stóð undir sér hvað varðar tekjur og gjöld. Reikningar voru settir upp af löggiltum endurskoðanda

PWC.

Ég vil ljúka þessari skýrslu á því að þakka samnefndarfólki mínu, þeim Þráni Sigvaldasyni, Herði Sigurðarsyni og Ólöfu Þórðardóttur samvinnuna. Eins vil ég þakka öllu starfsfólki hátíðarinnar, hinum svokölluðu „grænbolum“. Þeir stóðu sig undantekningarlaust 200% og gerðu hátíðina alfarið að viðburði sem seint gleymist þeim sem sóttu og var okkur Bandalagsfólki til mikils sóma.

Vilborg Valgarðsdóttir
framkvæmdastjóri

Ármann Guðmundsson flutti skýrslu handritasafnsnefndar.

Skýrsla handritanefndar á aðalfundi 2011

Í handritanefnd sitja Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir og Örn Alexandersson.

Handritanefnd fundaði einu sinni á árinu og átti auk þess samskipti í tölvupósti. Helsta verkefni hennar var að reyna að móta stefnu varðandi dreifingu handrita á tölvutæku formi en það hefur sífellt aukist að beðið sé um að handrit séu send þannig. Stefnan hefur verið að gera það ekki nema í undantekningartilfellum.

Það er skemmst frá því að segja að eftir samtali við Hávar Sigurjónsson formann félags leikskálda og handritshöfunda er í raun aðeins ein leið til að fá leyfi til að gera slíkt og það er að fá leyfi hjá hverjum og einum höfundum sem á handrit sem selt er. Þetta gildir reyndar líka um ljósrituð handrit. Höllumst við að því í nefndinni að það sé í raun það sem við ættum að gera, þ.e. að fá leyfi frá aktívum höfundum og þýðendum til að selja handrit að verkum þeirra, hvort heldur er í ljósriti eða pdf-formati, og fá til þess í lið með okkur t.d. fyrrnefnt félag handritshöfunda og fleiri sem málið er skilt. Enn hefur þó engin ákvörðun verið tekin um að fara út í þá vinnu sem vissulega yrði talsverð.

Eitt sem styrkir okkur í þeirri trú að þetta leyfi fengist nánast undantekningarlaust er sú staðreynd að allar helstu stofnanir íslensks leikhúslífs hafa ávallt viðurkennt og stutt Bandalagið í handritasöfnun sinni og öll helstu leikskáld landsins vita af henni og hafa veitt okkur leyfi sitt þótt á óformlegan hátt hafi verið.

Annað markvert sem gerst hefur á leikárinu er að fulltrúar stóru leikhúsanna og félags handritshöfunda höfðu samband við okkur og fóru fram á fund til að ræða það að Bandalagið



Íris Árný Magnúsdóttir, Leikfélagi Selfoss, í pontu.

taki að sér að halda utan um og dreifa safni íslenskra leikrita sem þýdd hafa verið á erlenda tungu. Telja þau að Bandalagið sé sá aðili sem langbest sé í stakk búinn til að halda utan um slíkt safn, sem sýnir hvaða traust þessir aðilar bera til okkar. Handritanefnd telur (eftir að hafa haft samráð við lénsherra) að þetta sé eitthvað sem lítið mál væri fyrir okkur að gera og nýta mætti netskráningarkerfi handritasafnsins okkar til þessa með litlum kostnaði (sem viðkomandi aðilar myndu auðvitað greiða). Þessi fundur hefur enn ekki verið haldinn en verður það líklega nú í maí.

F.h. handritasafnsnefndar
Ármann Guðmundsson

Vilborg Valgarðsdóttir flutti skýrslu húsnæðisnefndar.

Skýrsla húsnæðisnefndar, flutt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga 30. apríl 2011

Nefndin var stofnuð á stjórnarfundum þann 15. mars 2011. Í nefndinni eru, auk undirritaðrar, þær Ása Hildur Guðjónsdóttir og Ólöf Arnbjörg Þórðardóttir.

Hlutverk nefndarinnar var að finna Bandalagsskrifstofunni annað og ódýrara leiguhúsnæði sem fyrst. Nefndin setti sér það markmið að finna sem flesta fermetra á sem aðgengilegustum stað fyrir að hámarki 100.000 þúsund kr. á mánuði.

Eftir nokkra leit skoðuðum við 70–90 fm. húsnæði á jarðhæð við Kleppsmýrarveg 8 í pósthúsnúmeri 104 og leist nokkuð vel á, þótt næstum 20 fm séu í sameigninni. Leigan er auglýst 89.000 á mánuði með rafmagni og hita. Rýmið er aflangt, hólfað í þrennt, stærsta herbergið sem komið er inn í að utan er rúmí 40 fm.

Við nefndarkonur, ásamt Ármanni starfsmanni og Þorgeiri formanni, fórum svo öll á staðinn sl. miðvikudag og mældum og spóguleruðum – og komumst að sameiginlegri niðurstöðu um að við myndum gera tilboð í húsnæðið strax á mánudaginn – þrátt fyrir smávægilega galla, eins og mögulegt loftleysi í innri herbergjum og að ekkert rennandi vatn er í húsnæðinu nema frammi í sameign, en þangað er smá labb.

Við munum eins og áður sagði gera tilboð á mánudaginn og miða við að taka við húsnæðinu ca. 15. maí.

Húsnæðið lítur ágætlega út en skynsamlegt væri sennilega að mála eina til tvær umferðir áður en við flytjum inn en Ólöf hefur, f.h. Leikfélags Mosfellssveitar, boðist til að gefa alla þá málningu sem þarf.



Fundargestir gæða sér á glæsilegum veitingum sem Leikfélag Mosfellssveitar bauð upp á.

Vilborg Árný Valgarðsdóttir,
framkvæmdastjóri

Umræður um skýrslur nefnda

Guðjón Ólafsson, Freyvangsleikhúsinu, beindi þeirri fyrirspurn til skólanefndar hvort mögulegt væri að auka starfsemi skólans með fjarkennslubúnaði eins og Moodle sem hann væri sérfræðingur í og bauð hann fram aðstoð sína.

Hörður Sigurðarson vildi meina að það eina sem hefði ekki tekist nógu vel til með NEATA-hátíðina hefði verið framkvæmd hátíðarklúbbs og rökstuddi það.

Þorgeir Tryggvason sagðist sammála Herði en þetta hefði að mestu ráðist af þeim aðstæðum sem voru á staðnum. Hann sagði að hann og fleiri hefðu sest niður til að gera leiðbeiningar fyrir svona hátíðir og þar væri farið í hátíðarklúbbsmál. Meðal þess sem þarf til að fólk sækji hátíðarklúbba er að áfengi sé selt á skikkjanlegu verði.

Íris Árný Magnúsdóttir, Leikfélagi Selfoss, lýsti yfir áhyggjum sínum af stöðu skólamála í ár. Hún hvatti alla til að gera það sem í þeirra valdi stæði til að ekki þyrfti að fella niður skóla. Skólinn væri einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi Bandalagsins. Hún spurði hvort að leitað hefði verið eftir styrkjum frá sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu til að fjármagna skólann.

Hrefna Friðriksdóttir svaraði fyrirspurn Guðjóns og sagði sjálf-sagt að skoða það með opnum huga að nýta tækni og nýjar aðferðir en námskeiðin sem kennd væru í sumarskólanum hentuðu ekki í það. Hún svaraði Írisi því að Húnavallaskóli væri í Húnavatnshreppi sem væri mjög lítið sveitarfélag og hefði sennilega ekki burði til að styrkja okkar. Það væri þó inni í myndinni að leita til Blönduóss.

Hörður Sigurðarson benti á að flest stéttarfélög veita svokallaða tómsundastyrki sem ná til svona námskeiða. Hann hvatti fundarmenn til að benda þeim sem settu verðið fyrir sig á þetta.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna Gunnarsdóttir kynnti drög að starfsáætlun og skipti fundargestum í hópa. Tillaga stjórnar að starfsáætlun var eftirfarandi:

Tillaga stjórnar að Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2011–2012



Halldór Sigurgeirsson og Guðjón Ólafsson úr Freyvangsleikhúsinu taka við viðurkenningu fyrir athyglisverðustu áhugaleiksyninguna úr hendi Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra en hún skipaði valnefndina ásamt Stefáni Halli Stefánssyni leikara.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.
3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

Sérverkefni ársins

1. Taka þátt í Stuttverkahátíð í Færeyjum 15. október 2011

Hópar tóku til starfa og skiluðu niðurstöðum.

Hópur 1

Hópin skipuðu:

Guðjón Ólafsson, Freyvangsleikhúsinu, hópstjóri
Stefanía Björnsdóttir, Halaleikhópnum
Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykdæla
Próstur Ólafsson, Litla leikklúbbnum
Stefán Ólafsson, Leikfélagi Selfoss
Sigurgeir L. Ingólfsson, Leikfélagi Rangæinga
Fjola Egedía Sverrisdóttir, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs

Guðjón Ólafsson kynnti niðurstöður frá Hópi 1.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Mikil ánægja með störf þjónustumiðstöðvar, en spurt hvort ekki væri hægt að fá einhvers konar lögfræðiálit eða umsögn fasteignasala um það hvort hægt væri að láta sölu hússins á Laugavegi ganga til baka.

Leiklistarskólinn:

Spurt var hvort hægt sé að hafa grunnnámskeið í leiklist til boða á hverju ári, bæði vegna þess að það virðist orðið erfitt að halda skólanum úti vegna fámennis og að stór hluti þeirra sem taka þátt í starfsemi leikfélaga hafa aldrei sótt nein námskeið. Aldurstakmark í skólann er 18 ár. Er möguleiki að taka inn nemendur sem eru yngri? Væri hægt að flytja skólann eða hluta hans á milli landshluta til skiptis? Er hægt að setja upp farandnámskeið sem félög geta fengið til sín? Leikfélög myndu halda uppi kennurum og útvega húsnæði.

Leiklistarvefurinn:

Vefurinn almennt mjög góður og til sóma. Leitaraðferðir í leikritasafninu góðar en bæta mætti útdrætti. Koma Lestarhestum aftur af stað? Félög mættu þó vera duglegri að senda fréttir inn á vefinn.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Stjórnin hvött til áframhaldandi góðra verka. Bent á að stórfyrirtæki eins og Alcoa, Alcan og fleiri styrkja starfsmenn sína til áhugastarfa og því spurning hvort BÍL getur sótt til þeirra.

Senda þarf upplýsingar stanslaust til þingmanna frá félögum og bjóða þeim á sýningar hvar sem þeir eru á landinu.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

Já takk.

Sérverkefni ársins

1. Taka þátt í Stuttverkahátíð í Færeyjum 15. október 2011.

Almennur áhugi á verkefninu innan hópsins.

Hópur 2

Hópurinn skipaður:

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Halaleikhópnum, hópstjóri
F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss
Axel Vatnsdal, Leikfélagi Hörgdæla
Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs
Eypór Brynjólfsson, Umf. Gnúpverja, leikdeild
Einar Andrésson, Halaleikhópnum
Kristín Rós Birgisdóttir, Leikfélagi Hafnarfjarðar
Árný Leifsdóttir, Leikfélagi Ölfuss
Bryndís Halldórsdóttir, Leikfélagi Fljótaldalshéraðs

Bryndís Halldórsdóttir flutti skýrslu Hóps 2

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Það var almenn aðdáun og ánægja með starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar. Þjónustan er góð og skjót. Allir geta leitað til þeirra. Vettvangur fyrir höfunda. Handritaþjónusta – skipulagt og flott starf. Við ræddum um verkefnið „Lestrahestarnir“, þeir áttu að fá send handrit til yfirlestrar og gera útdrátt úr verkunum til að setja á vefinn. Við erum með tillögu um það verkefni. Það mætti bæta handritaupplýsingar en það eru tæknivandamál sem þarf að leysa áður en úr því verður hægt að bæta.

Okkur líst vel á „nýja“ húsnæðið þrátt fyrir loftleysi og vatnsleysi. Allt hægt að gera. Rætt var um framtíðarplön á varanlegri eign leiklistarskólans. Hann er dýr en alls ekki ósanngjarn! Þurfum að áreita til leikfélaganna að senda félagsfólk í skólann. Leikfélög fá endurgreiddar 5000 kr. frá Bandalaginu fyrir hvern félagsmann sem félögin styrkja til að fara í skólann. Spurning um að senda nemendur svo í önnur félög til að kynna og segja frá skólunum. Spurning um vinnustaði sem gætu styrkt starfsmenn sína í skólann. Verkalýðsfélög veita mörg slíka styrki. Um að gera að kynna fólkinu okkar þetta! Töluðum um leiklistarnámskeið fyrir börn og hvernig best væri að finna leiðbeinendur, bent var á að þá má finna á leikstjoralista á Leiklistarvefnum eða hringja á skrifstofuna og leita ráða.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Já! Allir að leggja sig fram, berjast fyrir að ekki verði skorið meira „af okkur“ og minna á okkur. Rætt um hvort menningar-sjóðir væru að virka og standa sig í að styrkja leiklist. „The show must go on“!

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

Ekki spurning! Að okkar mati má þetta alls ekki detta upp fyrir.

Sérverkefni ársins

1. Taka þátt í Stuttverkahátíð í Færeyjum 15. október 2011.

Spurning um hvort einhver útlagður kostnaður yrði fyrir Bandalagið? Kemur í staðinn fyrir Margt smátt, sprettur uppúr því. Gaman að Norðmenn verða með. Mikill áhugi á Færeyjaferð og þetta væri skemmtileg nýbreytni. Spurning hvort það eigi að keppa á milli félaga um besta(u) stuttverkið(in), hvort það verður valnefnd eða hvað. Kostnaður fellur væntanlega á þau leikfélög sem fara. Nett og lítið í sniðum, leikarar færri. Spurning um að fá tilboð í leiguflug? Er Bandalagið búið að mynda sér einhverskonar skipulag eða verklagsreglur í sambandi við þessa hátíð?

Hópurinn lagði til að eftirfarandi yrði bætt á starfsáætlun sem sérverkefni:

„Að bæta handritasafn Bandalagsins, m.a. með því að koma á fót hópi Lestrahesta.“

Hópur 3

Hóp 3 skipaður:

Íris Árný Magnúsdóttir, Leikfélagi Selfoss, hópstjóri
Gunnhildur Sigurðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar
Próstur Jónsson, Halaleikhópnum
Magnþóra Kristjánsdóttir, Leikfélagi Ölfuss
Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir, Leikfélagi Fljótaldalshéraðs o.fl.

Íris Árný Magnúsdóttir kynnti hugmyndir Hóps 3.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

a) Rekstur þjónustumiðstöðvar

- Bráðnauðsynleg.

- Lýsum yfir ánægju með vinnu starfsmanna og stjórnar við að reka miðstöðina vel.

- Áhyggjur af því að starfsmenn miðstöðvar séu að fara í verri aðstöðu og þökkum fórnfýsi þeirra.

- Viljum halda þjónustunni við leikfélögin eins góðri og framast er kostur.

b) Leiklistarskólinn

- Hvetjum leikfélögin til að kynna skólann vel fyrir félagsmönnum og ítrekum að fólki sé bent á að sækja um styrki í stéttarfélag sín.

- Kynna betur að fólk getur sótt um á Leiklist 2 þó það hafi ekki sótt Leiklist 1 ef það hefur næga leikreynslu.

- Gamlir nemendur fari í framhaldsskólana og kynni skólann, sem og til annarra leikféлага.

Hafa það skýrara í bæklingi hverjir mega fara í skólann.

c) Leiklistarvefurinn

- Ítreka það sem áður hefur komið fram að fréttir hverfa of fljótt af forsiðu, við vitum að það er hægt að finna þær undir fréttarflipa en spurning um hvort ekki væri hægt að hafa á forsiðu (neðst) „eldri fréttir“ rétt eins og er á fréttasíðu.

- Ánægja með handritasíður, mætti hafa aðgengi að henni greinilegra eins og með stærri flipa á forsiðu (eins og er með leiklistarskólann).

- Minna leikfélög á að senda lýsingar á þeim verkum sem þau setja upp svo hægt sé að setja í útdrátt í handritasafni.

- Minna fólk á að senda inn reglulegar fréttir af starfsemi sinni.



Prúður Sigurðar og Árný Leifsdóttir úr Lf. Ölfuss.



Pröstur Ólafsson, Litla leikklúbbnum, leggur áherslu á mál sitt, Sólveig H. Stefánsdóttir og Ásgeir Hvítaskáld, Lf. Fljótsdalshéraðs og Hulda B. Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason, Hugleik, fylgjast kankvís með.

d) Fastir liðir

- Leggjum til að þeim verði haldið föstum.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Ekki margar hugmyndir hér um í hvaða sjóði hægt er að sækja, hvorki úr opinberum né frá einkaaðilum.
- Veltum fyrir okkur almennri kynningarstarfsemi á störfum BÍL út á við.
- Minnum á kynningu á BÍL í leikskrá.
- Markaðssetja BÍL í tengslum við atburði (hátiðir og fleira).

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleikssýningu ársins.

- Umræður um hvað leikfélögin telja áhugaverða sýningu – á alltaf að sækja um?
- Gott að sama gildi nú um allar sýningar, þ.e. að dómnefnd sjái allar sýningar á DVD.
- Góð kynning fyrir Bandalagið og erfiðisins virði.
- Umræður um upptökur, félög leggja mismikla vinnu í upptökur, spurningar um hvort það hafi áhrif á val (sem við væntum að dómnefnd ein geti svarað en ekki stjórn BÍL, stjórn gæti þó komið þessari fyrirspurn á framfæri).

Sérverkefni ársins

1. Taka þátt í Stuttverkahátíð í Færeyjum 15. október 2011.

Gott mál – auglýsa eins fljótt og auðið er.

Aukaumræður

Óskað eftir nánari skýringu á gagnrýnendasjóði – ekki nægilega mikil vitneskja um hann.

Hópur 4

Hópin skipuðu:

Prúður Sigurðar, Leikfélagi Ölfuss, hópstjóri
Sigrún Sighvatsdóttir, Leikfélagi Selfoss
Ásgeir Hvítaskáld, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs
Katrín Eiðsdóttir, Umf. Reykdæla
Gerður H. Sigurðardóttir, Leikfélagi Selfoss
Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, Leikfélagi Húsavíkur
Rebekka Atladóttir, Umf. Skallagrími, leikdeild
Hulda Gunnarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss

Prúður Sigurðar flutti skýrslu hóps 4.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

- Vilborg má hvorki hætta né falla frá ;)
- Mikil ánægja er með störf þjónustumiðstöðvar.
- Poppa þarf upp bæklinginn um skólann.
- Benda þarf á að ekki sé nauðsynlegt að hafa tekið Leiklist 1 ef viðkomandi hefur næga leikreynslu.
- Námskeiðssjóður góð hugmynd frá Freyvangi, það að taka andvirði einnar sýningar á ári og setja í sjóð til að greiða fyrir félagi í skólann.
- Á vefinn vantar útdrætti við mörg leikritanna.
- Þyrfti að gera vefinn meira „sexý“.
- Það væri gott ef hægt væri að fá handrit á tölvutæku formi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Veitum stjórn stuðning í því máli en eftirlátum henni annars að finna leiðir.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleikssýningu ársins.

Misjafnar skoðanir á Þjóðleikhússýningunni innan hópsins, vorum sammála um að vera ósammála. En meirihluti þó mjög ánægður með Þjóðleikhúsið.

Sérverkefni ársins

1. Taka þátt í Stuttverkahátíð í Færeyjum 15. október 2011.

Já frábært. Einnig mætti vera meira samstarf innan Íslands, leikferðir á milli staða hér heima.

Umræða um niðurstöður hópa.

Vilborg Valgarðsdóttir benti á að nýbúið væri að senda út á leikfélögin leiðbeinandi yfirlit um hvernig fréttir ættu að vera og hvað væri frétt næmt.

Þorgeir Tryggvason svaraði spurningum um stuttverkahátíðina í



Vilborg Valgarðsdóttir á hátíðarkvöldverðinum.



Hanna M. Kristleifsdóttir og Ása Hildur Guðjónsdóttir Halaleikhópnum, vel til hafðar að vanda.

Færeyjum, sagði að valforsendur myndi MÁF úttæra en kostnaður lenti örugglega á þeim leikfélögum sem færu á hátíðina.

Gunnhildur Sigurðardóttir svaraði athugasemdum um skólann. Hún sagði að það væri erfitt að hafa Leiklist 1 á hverju ári því það kallaði á Leiklist 2 á hverju ári sem væri ekki raunhæft. Upphafleg hugmynd var að hafa skólann sem farandskóla en fallið hafi verið frá því vegna þess hve erfitt hefði verið að finna staði sem hentuðu og voru á ásættanlegu verði. Eftir að misheppnuð tilraun var gerð til að halda sumarnámskeið fyrir unglinga var ákveðið að barna- og unglinganámskeið ættu heima hjá leikfélögunum. Það virtist einfaldlega ekki vera áhugi fyrir slíku námskeiði yfir sumarið.

Guðjón Ólafsson sagði að í öllum grunn- og framhaldsskólum væri hópur stráka (og stelpna) sem væri til í að taka á myndbönd nánast hvað sem er og helst meira en maður kærði sig um. Og væru sumir bara býsna góðir í því. Þetta gætu leikfélög e.t.v. nýtt sér. Hann vildi líka meina að Leiklist 1 þyrfti ekki endilega að kalla á Leiklist 2 strax árið eftir, fólk gæti alveg beðið eftir Leiklist 2 en ef það kæmist ekki á Leiklist 1 þegar það vildi, kæmi það bara ekki.

Embla Guðmundsdóttir sagði að skólinn væri alls ekki dýr, hann væri í raun mjög ódýr og hún bar saman verðið á gistingunni þarna á þinginu og skólanum þar sem helgin kostaði meira en helming af því sem það kostaði að vera á námskeiði í fullu fæði og gistingu í rúma viku.

Hrefna Friðriksdóttir sagði að aðalástæðan fyrir því að erfitt væri að reka námskeið fyrir börn væru ströng lög um forsendur til að halda svoleiðis. Hún hvatti leikfélögin til að að styrkja fólk í skólann þótt ekki væri nema táknrænt. Hún sagði að það virðist hafa hentað vel að manna skólann með 3 námskeiðum sem þýddi auðvitað að það væri aldrei hægt að fullnægja öllum þörfum á hverju ári. Hún sagði að það yrði tekið til skoðunar að „poppa upp“ bæklingsinn.

F. Elli Hafliðason benti á að ef vel ætti til að takast við upptöku á sýningu þyrfti að breyta lýsingu og í raun lýsa sýninguna upp á nýtt. Það væri erfitt en ekki ógerlegt. Hann sagði að aðkeyptir upptökumenn skiluðu oft ekki betra verki en tækju gjarnan mikið fyrir vinnuna. Hann sagði jafnframt mikilvægt að þeir sem hafa farið í skólann kynntu hann fyrir öðrum, benti á að einþáttingahátíðin kvöldið áður væri gott dæmi um hverju skólinn hafi skilað, langflestir höfundar, leikstjórar og leikarar hafi sótt skólann.

Hörður Sigurðarson svaraði fyrirspurn um vefinn. Hann sagði að það væri eðli vefsins að fréttir dyttu út. Hann benti á að það væru aðferðir til að finna þær t.d. með leitarorði. Hann sagðist ætla að skoða það með að setja „minni“ fréttir á einhverskonar rúllandi borða.

Þorgeir Tryggvason vildi meina að það vantaði það fáa til að ná lágmarksfjölda í skólann í ár að það væri ekki ástæða til að örvænta. Hann sagði að kannski væri ástæða til að halda Leiklist 1 á hverju ári og þá með mismunandi kennum. Hann sagðist halda að það hefði verið fyrst nú í ár sem valnefnd Þjóðleikhússins horfði á allar sýningar eingöngu af myndbandi vegna krafna frá aðildarfélögum Bandalagsins. Valnefndin setti engin skilyrði um hvernig þær upptökur væru, öfugt við Bandalagið sem vill fá eina samfellda töku af sýningum með styrkumsóknunum þannig að tímamælingar séu marktækar.

Ása Hildur Guðjónsdóttir sagði að leikhús hentuðu mjög mismunandi vel til myndatöku. Halinn væri t.d. það grunnur og breiður að það yrði að klippa upptökur svo að gagn væri af upptökunum.

Ásgeir Hvítaskáld sagði að kvikmyndaformið væri svo ólíkt leikhúsforminu í leikstíl að það þyrfti að vara sig á að vera að fara mikið í nærmyndir.

Ármann Guðmundsson sagði að sér þætti orðalag tillögu hóps 2 óþarflega loðið þar sem hugmyndin á bakvið hana væri í raun eingöngu að koma á fót lestrarhestahópnum. Hann sagði það alveg óljóst hvað átt væri við með „að bæta handritasafnið“ að það ætti bara að vera „meðal annars“ með því að virkja lestrarhesta. Hann lagði til að orðalagi yrði breytt og það gert nákvæmara.

Hörður Sigurðarson sakaði Ármann um orðhengilshátt og sagði að sér þætti ekkert athugavert við þetta orðalag.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Kjörnefnd gerði grein fyrir stöðu mála og óskaði eftir framboðum.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.



Formannshjónin frá Selfossi. Stefán Ólafsson og Sigrún Sighvatsdóttir, formaður Lf. Selfoss



Skólástýrurnar Dýrleif Jónsdóttir og Hrefna Friðriksdóttir.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Engar tillögur voru lagðar fyrir fundinn.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Tillaga stjórnar að viðbætti tillögu hóps 2 samþykkt. Starfsáætlun fyrir leikárið 2011–12 er því eftirfarandi:

Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2011–2012.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.
3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

Sérverkefni ársins

1. Taka þátt í Stuttverkahátíð í Færeyjum 15. október 2011
2. Að bæta handritasafn Bandalagsins, m.a. með því að koma á fót hópi Lestrarhesta.

15. Stjórnarkjör

Porgeir Tryggvason og Ólöf Þórðardóttir áttu að ganga úr stjórn og gáfu kost á sér aftur. Engin móttframboð bárust.

Hjalti Stefán Kristjánsson, Elva Dögg Gunnarsdóttir og Magnús J. Magnússon áttu að ganga úr varastjórn. Hjalti og Elva Dögg gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Stjórn stakk upp á Þrúði Sigurðar og Emblu Guðmundsdóttur ásamt Magnúsi J. Magnússyni í varastjórn.

Porgeir Tryggvason og Ólöf Þórðardóttir sjálfkjörin í stjórn og Magnús J. Magnússon, Þrúður Sigurðar og Embla Guðmundsdóttir í varastjórn.

Porgeir Tryggvason þakkaði traustið og fráfarandi fólki fyrir samstarfið.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Porgeir Tryggvason stakk upp á að Dýrleif Jónsdóttir og Gerður H. Sigurðardóttir sitji áfram í kjörnefnd og að Sigríður Lára Sigurjónsdóttir taki við sem aðalmaður í kjörnefnd í stað Emblu þar sem hún sitji nú í varastjórn. Samþykkt einróma, Gunnhildur Sigurðardóttir kosin sem varamaður í kjörnefnd. Hrefna Friðriksdóttir og Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis, kosnar sem skoðunarmenn og Júlía Hannam, Hugleik, til vara.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga stjórnar að árgjaldi 2011–2012

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2011–2012 verði kr. 50.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 75.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 100.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða kr. 25.000.

Samþykkt einróma.

18. Önnur mál.

Þrúður Sigurðar ræddi gagnrýnisjóðsmál og var mjög ósátt við framkvæmd þeirra. Gagnrýnandi mætti ekki fyrr en á 13. sýningu hjá Leikfélagi Ólfuss sem væri ekki ásættanlegt. Hún spurði hvort þetta stæði til bóta.

Hörður Sigurðarson svaraði og útskýrði fyrir fundarmönnum út á hvað gagnrýnisjóður gengi. Hann rakti sögu gagnrýnimála frá því að gagnrýni lagðist af í dagblöðum. Hann sagði að það væri búið að taka tillit til framkominna athugasemda um framkvæmd og setja verklagsreglur, þar er t.d. kveðið á um að það þarf að skila gagnrýni inn til birtingar ekki síðar en tveimur dögum eftir að gagnrýnandi sér sýningu. Hann auglýsti eftir að fólk kæmi athugasemdum til sín beint og lofaði að þær yrðu teknar til alvarlegrar athugunar.



Hrefna Vestmann og Eva Björg Harðardóttir úr Lf. Mosfellssveitar.



Sigurreifir Freyvangsleikhúsmenn, Guðjón Ólafsson og Halldór Sigurgeirsson.

F. Elli Hafliðason óskaði eftir að leikfélögin fengju þessar verk-lagsreglur sendar.

Þorgeir Tryggvason sagðist telja eitt af vandamálunum sé að það vantar vettvang fyrir umræður um fyrirkomulag framkvæmdar á gagnrýninni. Hann taldi að þann vettvang þyrfti að búa til og það stæði upp á leikfélögin sem að þessu standa.

Hörður Sigurðarson tók undir með Þorgeiri. Hann lagði til að þau félög sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu samstarfi haldi fund og stofni þetta gagnrýnibandalag formlega. Hann varaði þó við að þetta yrði gert að of miklu bákni.

Íris Árný Magnúsdóttir ræddi starf og námskeið fyrir börn. Hún taldi að leikfélögin ættu að hjálpast að við að byggja upp leiklistarstarf fyrir börn og bauð fram aðstoð Leikfélags Selfoss sem hefur haldið úti öflugum barnastarfi á sumrin.

Ásgeir Hvítaskáld auglýsti eftir samstarfi en hann hefur í samvinnu við Leikfélag Fljótsdalshéraðs gert kvikmynd og önnur er í bígerð. Hann auglýsti eftir samvinnu við önnur leikfélög með leikara, búninga og annað slíkt.

Ólöf Þórðardóttir vildi ítreka að það þyrfti fullt af fólki til aðstoðar við yfirvofandi flutninga þjónustumiðstöðvarinnar, það þyrfti að mála, smíða, bera og m.fl.

Embla Guðmundsdóttir sagði að sér hefði verið falið fyrir löngu að koma á endurfundum grænbolagengisins frá NEATA-hátíðinni sl. sumar en það hefði ekki tekist. Hún tilkynnti að það yrði haldið að Reykholti þann 20. ágúst nk. Þetta verður nánar auglýst síðar.

Stefán Ólafsson sagði að talað hefði verið um að Bandalagið vantaði fé en hann minnti fólk á að Bandalagið ætti kindina Beitu frá Öngulstöðum. Halldór Sigurgeirsson sagði hana hafa borið lambi daginn áður. Stefán fagnaði því og sagði þetta fé greinilega í góðri ávöxtun.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Þröstur Ólafsson bauð fundargestum til Ísafjarðar á vegum Litla leikklúbbsins að ári.

Þorgeir Tryggvason þakkaði Presti fyrir boðið og fundarmönnum fyrir afar góðan og skilvirkan fund. Að því loknu sleit hann fundinum.

Fundargerð rituðu Ármann Guðmundsson og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir



F. Elli Hafliðason, Lf. Selfoss, er stakur bindindismaður.



Guðfinna Gunnarsdóttir, varaformaður Bandalagsins og Ármann Guðmundsson, ritari þess, undrandi yfir ágangi ljósmyndara.

Bandalag íslenskra leikfélaga Ársreikningur 2010

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Skýringar og sundurliðanir	7 - 9

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2010 með áritun sinni.

Reykjavík

12/3 2011

Stjórn:

Þorgeir Trygvason
Guðrún Gunnarsdóttir
Halldór Sigurðsson
Ólaf A. Þrándaróttir
Ísa Ólína Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Kilborg Vafarfulóttur


Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir árið 2010 í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda þess. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur félagsins ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum ekki endurskoðað eða kannað ársreikninginn og látum því ekki ljós álit á honum.


Reykjavík 17/3 2011


PricewaterhouseCoopers hf


Dýri Guðmundsson

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2010 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 3. mars 2011


Anna Jörunn Stefánsdóttir


Hrefna Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýringar	2010	2009
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarféлага		2.910.000	2.780.000
Ríkissjóðsstyrkur		6.140.754	8.774.437
NEATA-leiklistarhátiðin	6	11.031.436	
Leiklistarskóli BÍL	1	2.246.500	2.336.600
www.leiklist.is	2	38.478	54.410
Aðrar tekjur	3	1.686.806	2.079.914
		<u>24.053.974</u>	<u>16.025.361</u>
Sala :			
Sala á farða		3.171.653	2.561.762
Sala á handritum		300.154	289.519
Sala á bókum		-8.270	-17.477
		<u>3.463.537</u>	<u>2.833.804</u>
Rekstrartekjur samtals		27.517.511	18.859.165
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		2.051.326	1.979.112
Handrit		509.817	565.721
Bækur		0	4.579
Birgðabreyting		133.814	275.205
Afskrifaðar ónýtar vörur		28.149	18.392
		<u>2.723.106</u>	<u>2.843.009</u>
Leiklistarskóli BÍL	1	2.649.746	2.418.949
www.leiklist.is	2	161.133	260.825
NEATA-hátið 2010	6	11.057.545	55.810
Laun og launatengd gjöld	4	9.096.676	8.424.114
Húsaleiga og viðhald		3.616.569	3.755.227
Ýmis rekstrarkostnaður	5	2.652.554	3.198.550
Afskriftir fastafjármuna	7	150.280	177.930
Vaxtagjöld		5.842	145.140
		<u>29.390.345</u>	<u>18.436.545</u>
		32.113.452	21.279.554
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>-4.595.941</u></u>	<u><u>-2.420.389</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýringar	2010	2009
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar og húsbúnaður		272.192	331.109
Áhöld og tæki		543.930	344.304
	7	<u>816.122</u>	<u>675.413</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	8	4.436.785	4.598.748
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.140.889	214.358
Handbært fé		6.691.505	12.912.891
Útistandandi vegna sölu fasteignar		9.701.922	9.701.922
		<u>21.971.100</u>	<u>27.427.919</u>
Eignir samtals		<u><u>22.787.222</u></u>	<u><u>28.103.332</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2010	2009
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		26.807.549	29.227.937
Rekstrarhagnaður (- tap)		<u>-4.595.941</u>	<u>-2.420.388</u>
		22.211.608	26.807.549
Skuldir:			
Bankareikningslán		0	962.880
Ýmsir skuldeimlumenn		313.439	71.065
Ógreidd laun og launatengd gjöld		<u>262.175</u>	<u>261.838</u>
		575.614	1.295.783
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>22.787.223</u></u>	<u><u>28.103.332</u></u>

Skýringar

1. Leiklistarskóli BÍL	2010	2009
Tekjur		
Ljósanámskeið - Þátttökugjöld nemenda		357.600
Húnavallaskóli - Þátttökugjöld nemenda	2.246.500	1.734.000
Gervi og leikbúningar - Þátttökugjöld nemenda		245.000
	<u>2.246.500</u>	<u>2.336.600</u>
Gjöld		
Ljósanámskeið		259.868
Húnavallaskóli	2.649.746	1.862.376
Gervi og leikbúningar		296.705
	<u>2.649.746</u>	<u>2.418.949</u>
2. www.leiklist.is		
Tekjur		
Auglýsingatekjur	37.478	48.410
Skráningagjöld	1.000	6.000
	<u>38.478</u>	<u>54.410</u>
Gjöld		
Dropbox vefafritun	24.096	
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	78.781	87.121
Víðhald og endurbætur	58.256	173.704
	<u>161.133</u>	<u>260.825</u>
3. Aðrar tekjur		
Vaxtatekjur	636.441	1.868.020
Tekjur vegna innheimtu höfundalauna	104.780	211.894
Ísland- Litháen ferðasjóður	4.550	
Bætur vegna innbrots	941.035	
	<u>1.686.806</u>	<u>2.079.914</u>
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsfólks	6.192.504	5.851.914
Lífeyrissjóðsgjöld	626.750	585.180
Sjúkra-orlofssjóður, stéttarfélag	89.799	92.470
Tryggingagjald	589.223	398.562
Dagpeningar	1.598.400	1.495.988
	<u>9.096.676</u>	<u>8.424.114</u>

Skýringar

5. Ýmlis rekstrarkostnaður	2010	2009
Rafmagn, hiti og ræsting	358.633	368.365
Víðhald húsnæðis	41.304	
Vátryggingar	85.498	72.231
Akstur og burðargjöld	214.654	178.800
Símakostnaður	95.163	77.390
Ritföng	30.215	33.432
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	79.035	81.209
Rekstur tölvukerfis	10.423	19.990
Kaffi og hreinlætisvörur	42.744	54.772
Kynningarstarf og auglýsingar	75.110	
Gjaldfærð áhöld	169.057	
Stjórnarfundir	114.079	129.080
Aðalfundur BÍL	1.117.554	814.523
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL	(869.100)	(572.900)
Haustfundur		644.925
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar		(436.000)
Kostnaður vegna nefnda	19.874	64.971
Kostnaður v/funda NAR, NUTU, NEATA og IATA	75.476	578.469
Félagsgjald IATA	108.450	101.379
Félagsgjald NAR		182.557
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	20.000	20.000
Securitas	19.832	
Hugbúnaðarleiga, netbókhald	31.394	
Ársuppgjör og bókhaldsþjónusta	211.811	186.190
Áskrift og bókakaup	5.820	10.250
Gjaldfærð tölvukaup	383.242	
Gjafir	25.295	17.845
Útgáfa ársrits		144.266
Smááhöld á skrifstofu	84.034	2.995
Stuttverkahátíðin Margt smátt		357.531
Annar kostnaður		9.800
Afskrifaðir reikningar		21.948
Fjármagnstekjuskattur	102.958	34.532
	<u>2.652.554</u>	<u>3.198.550</u>

6. NEATA-hátíðin 2010**Tekjur**

Styrkir	9.090.561
Endurgreidd gisting	1.940.875
	<u>11.031.436</u>

Gjöld

Undirbúningur	179.038
Leiksmíðjur og gagnrýni	274.642
Gisting	4.487.900
Bankakostnaður	20.668
Tæknistjórn og búnaður	315.360
Gjafir, bolir, glós o.fl.	528.097
Ýmiss kostnaður	168.834
Opnunarhátíð og lokahóf	1.237.926
Skoðunarferð	302.591
Mötuneyti	2.337.977
Leikskrá og auglýsingar	198.595
Húsaleiga og aðstaða í Hofi	425.610
Endurskoðun og Netbókhald	180.307
Framkvæmdastjórn	400.000
	<u>11.057.545</u>

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttingar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Bókafært verð 1/1	331.109	344.304	675.413
Fjárfest á árinu	0	290.990	290.990
Afskrifað á árinu	58.918	91.362	150.280
Bókfært verð 31/12	<u>272.191</u>	<u>543.932</u>	<u>816.123</u>

8. Birgðir

2010

2009

Birgðir greinast þannig:

Handrit	53.000	53.000
Saga BÍL, bókabirgðir	2.200.052	2.165.094
Farði	2.183.732	2.380.654
	<u>4.436.784</u>	<u>4.598.748</u>

Stuttverkahátíð í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ 29. apríl 2011

Föstudaginn 29. apríl 2011 hélt Bandalag íslenskra leikfélaga einþáttungahátíð í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ, í tengslum við aðalfund Bandalagsins sem haldinn var þá um helgina. Sex leikfélög sýndu þar, alls 10 einþáttunga, sem velflestir voru íslenskir. Að sýningum loknum fjölluðu gagnrýnendur um sýningarnar.

Dagskrá einþáttungahátíðarinnar var eftirfarandi:

Kl. 16.00

Mæting í Bæjarleikhúsið og hópferð að Gljúfrasteini.

kl. 18.00

Leikfélag Hafnarfjarðar

Lifðu drauminn

eftir Gísli Björn Heimisson

Leikstjóri: Halldór Magnússon

Leikendur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson og Gísli Björn Heimisson

Hugleikur

Rotið

eftir Árna Friðriksson

Leikstjóri: Hörður S. Dan.

Leikendur: Elísabeth Lind Ingólfssdóttir og Sigurður H. Pálsson.

Leikfélagið Sýnir

Afsakið, er þessi stóll upptekinn?

eftir Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Leikendur: Daníel Sigurðsson, Guðrún Sóley Sigurðardóttir og Loftur S. Loftsson

Leikfélag Selfoss

Til heilla heimskra kvenna

eftir Margaret Atwood

Þýðandi og leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Leikandi: Íris Árný Magnúsdóttir

Leikfélag Hafnarfjarðar

Tortímandinn

eftir Guðmund Lúðvík Þorvaldsson

Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson

Leikendur: Halldór Magnússon og Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Kl. 19.00

Matarhlé

Kl. 20.00

Halaleikhópurinn

Snyrtning

eftir Nínu Björk Jónsdóttur

Leikstjóri: Gunnar Gunnarson, Gunnsó

Leikendur: Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir og Telma Kjartansdóttir

Leikfélag Selfoss

Hefndin er sæt

eftir Nínu Björk Jónsdóttur

Leikstjóri: Marianna Ósk Hölludóttir

Leikandi: F. Elli Hafliðason

Leikfélag Hafnarfjarðar

Fundurinn

eftir Halldór Magnússon

Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Leikendur: Gísli Björn Heimisson og Halldór Magnússon

Hugleikur

Ljóð fyrir 9 kjóla

eftir William Shakespeare og Sigríði Láru Sigurjónsdóttur

Þýðendur: Helgi Hálfðanarson, Matthías Jochumsson og

Sverrir Hólmarsson

Leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikendur: Dýrleif Jónsdóttir, Hulda Björg Hákonardóttir

og María Björt Ármannsdóttir

Píanóleikari: Björn Thorarensen

Leikfélag Selfoss

Love me tender

eftir Hrefnu Friðriksdóttur

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Leikendur: Stefán Ólafsson og Sigrún Sighvatsdóttir

Gagnrýnendur á hátíðinni eru Hrund Ólafsdóttir, Hörður Sigurðarson og Lárus Vilhjálmsson.

Kynnir var Gunnhildur Sigurðardóttir

Tæknimaður var Hörður Guðjónsson

Sviðsstjóri var Ólöf Þórðardóttir

Yfirumsjón með skipulagningu hafði Ármann Guðmundsson

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Alþjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
 2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
 3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemi þarfnast.
 4. Að útvega leikverk og sjá um fjölritun þeirra eða útgáfu.
 5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
 6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
 7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
 8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.
- Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistarinnar sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðni og leggur samþykktar beiðni fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldtagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur

til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögsmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfsþópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundur og aukafundur eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna

varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfundu. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundum á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmatgur ef minnst þrjú aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum Bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublaðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í ársriti Bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008.

Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2010–2011



Sýning Freyvangsleikhússins á Góða dátanum Svejk var valin athyglisverðasta áhugasýningin árið 2011 og sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins.

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í átjándu sinn. Alls sóttu fjórtán leikfélög/hópar um með samtals sextán sýningar og að vanda var það skemmtilegt verkefni að skoða sýningarnar sem sóttu um. Dómnefndina skipuðu að þessu sinni Stefán Hallur Stefánsson, leikari og leikstjóri, og Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

Leikfélag Mosfellssveitar sýndi **Lísu í Undralandi** eftir sögu Lewis Carroll í leikstjórn Agnesar Þorkelsdóttur Wild og Sigrúnar Harðardóttur. Leikrit fyrir börn með börn í hlutverkum. Sýningin var galsakennd og skemmtileg og unnin af natni og tilfinningu fyrir því sem gleður ung augu. Augljóslega vandað til verks hvað varðar tilfinningu ungra leikara fyrir framsetningu og gaman að sjá hvernig hlúð er að framtíðarefnum landsins.

Halaleikhópurinn sýndi **Góðverkin kalla!** eftir þá Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Leikstjórn var í höndum Odds Bjarna Þorkelssonar og Margrétar Sværisdóttur. Hér var á ferðinni vel unnin sýning í einfaldri en fallegri umgjörð. Vönduð vinnubrögð skapa skemmtilega kvöldstund þar sem auðvelt er að spegla sig í örlögum og endurfundum kunnuglegra persónugerða.

Hugleikur sýndi **Helgi dauðans** eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Rúnars Lund og Sigurðar H. Pálssonar, gamanleik sem byggir á miklu samspili leikara og góðri nýtingu á rými. Erlendar fyrirmyndir úr velþekktum gamanþáttum snarað yfir á íslenskan veruleika vekja hlátur en varpa einnig fram gildum spurningum um tilvistarkreppu íslenskra ungmenna.

Hugleikur sýndi einnig **Einkamál.is** eftir Árna Hjartarson. Skemmtileg grunnhugmynd og leikflétta þar sem leikarar nutu sín með ágætum. Hugleikur á hrós skilið fyrir nýstárlegar nálganir á nýjum íslenskum leikritum og hugrekki til að prófa nýjan efnivið með mjög frambærilegum árangri. Leikstjórar voru Hulda B. Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason.

Stúdentaleikhúsið sýndi tvær metnaðarfullar sýningar á árinu. Sú fyrri var **Réttarhöldin** eftir Franz Kafka í leikstjórn Friðgeirs Einarssonar, einstaklega áhugaverð sýning þar sem leiklausnir voru bæði frumlegar, vel unnar og matreiddar innan þess ramma sem leikhópurinn hefur sett sér. Leikstill hentar vel fáránleika efniviðarins og leikarar skila sínu með prýði. Leikstjóri tekur skýrt val í framsetningu og úr verður frambærileg og vel unnin sýning.

Stúdentaleikhúsið sýndi einnig **DNA** eftir Dennis Kelly, leikstjóri, Sara Marti Guðmundsdóttir. Vel unnin og áhrifamikil sýning, þar sem umfjöllunarefnið verður einstaklega áleitnið í meðföllum leikhópsins, sem er á „réttum“ aldri til að takast á við þetta áleitna verk. Efniviðurinn er krassandi, vel útfærður og ber góðri samvinnu leikara og leikstjóra vitni.

Leikfélag Ölfuss sýndi **Stútungasögu**. Höfundar eru Ármann Guðmundsson, Hjördís Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason en leikstjórn annaðist Ármann Guðmundsson. Stílfærð og snoturlega framsett sýningu, sem byggir á þjóðþekktu efni. Sögu og tilurð persóna gerð góð skil og ytra atgervi undirstingur vel tíma verksins sem og hljóðmynd.

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja sýndi **Gauksögu**. Höfundur er Vilborg Halldórsdóttir og var hún einnig leikstjóri. Hér var einnig um að ræða sýningu sem byggir á aldagamalli sagnahefð. Umgjörð sýningarinnar var vel unnin og gaman að sjá hvernig boðskapur verksins stenst tímans tönn. Báðar þessar sýningar, **Stútungasaga** og **Gauks saga** hafa mikið fræðslu- og skemmtanagildi og eru þarft innlegg í varðveislu okkar menningararfs.

Tvo leikfélög sýndu verkið **Með fullri reisn** eftir Terrence McNally. Það voru **Leikfélag Hörgdæla**, en leikstjóri þar var Jón Gunnar Þórðarson, og **Leikdeild Umf. Íslendinga** sem sýndi verkið í leikstjórn Margrétar Ákadóttur.



Svejk sjálfur, Brynjar Gauti Schiöth.



Ingólfur Þórsson í gervi Ottó Katz ásamt Sigríði Jónu Pálsdóttur.



Halldór Sigurgeirsson, formaður, heldur ræðu að lokinni sýningu.



Freyvangsleikhúsfólk slakar á á Stóra sviðinu.

Hörgdælir staðfærðu verkið upp á íslenska bændur í kreppu meðan leikdeild Íslendinga hélt sig við fyrirskrifaðar aðstæður. Báðar þessar sýningar geisluðu af leikgleði þátttakenda og það verður að teljast afrek í sjálfu sér að fá jafnmarga karlmenn til þátttöku í áhugastarfi. Að ekki sé nú talað um það að fá þá til þess að striplast fyrir framan sveitunga sína.

Litli leikklúbburinn sýndi **Emil í Kattholti** eftir Astrid Lindgren í leikstjórn Elvars Loga Hannessonar. Sýning fyrir börn þar sem vel var vandað til verks. Ungir leikarar blómstra í krefjandi hlutverkum. Vel þekkt sagan og sönglög sem hafa greipt sig í þjóðarsálina eru hverri kynslóð nauðsynlegt veganesti. Aðstandendur bera augljósa virðingu fyrir efnivið og boðskap verksins, enda á hann erindi við áhorfendur á öllum aldri. Þetta var 80. verkefni Litla leikklúbbsins á 45 ára afmæli hans.

Leikfélag Selfoss sýndi **Hið dularfulla hvarf Hollvínafélagsins**. Nútímaverk, samið í spunavinnu af leikhópnum og leikstjóranum Gunnari Birni Guðmundssyni. Leiklausnir voru einfaldar og skýrar og leikhópurinn samstilltur og kröftugur. Sýningin ber metnaðarfullu starfi Leikfélags Selfoss vitni, sem fær rós í hnappagatið fyrir að stuðla að nýrri íslenskrri leikritun.

Leikdeild Ungmennafélagsins Grettis sýndi **Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan** eftir Marc Camoletti. Leikstjóri var Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir. Verkið er snotur kómedía sem unnin er af natni og húmor. Afkáralegar kringumstæður, misskilningur og hurðaskellir verksins draga áhorfandann á kunnuglegar slóðir farsakenndrar framvindu og njóta leikarar sín vel í tæknilega erfiðum hlutverkum.

Leikfélag Vestmannaeyja sýndi **Mamma mía** eftir Þórunni Ernu Clausen í leikstjórn Guðjóns Þorsteins Pálmarssonar. Lífliga sýningu byggða á efni sem er bæði stolið og stælt úr samnefndri kvikmynd og söngleik við tónlist hljómsveitarinnar

ABBA. Hvað höfundarrétt varðar, þá er brýnt að leikfélög láti ekki listrænan metnað leiða sig í ógöngur svo að vafi um lög-mæti sýninga skyggi ekki á annars ágæta sýningu.

Freyvangsleikhúsið sýndi **Bannað börnum** eftir Daníel Frey Jónsson, Hjálmar Arinbjarnarson, Karl Pálsson og Sverri Friðriksson. Nýtt verk samið af fjórum leikfélagsmönnum þar sem ýmiss þjóðleg minni setja svip á atburðarásina og **Góða dátann Svejk**, heildstæða sýningu á klassísku meistaraverki sem heppnaðist einkar vel.

Og þá er komið að því að kynna niðurstöðu dómnefndar um val á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2010 til 2011. Fyrir valinu varð að þessu sinni **Góði dátinn Svejk**, leikgerð Colin Teevan eftir sögu Jaroslav Hasek, í uppsetningu Freyvangsleikhússins. Leikstjóri var Þór Tulinius.

Umsögn dómnefndar:

Sýningin ber merki þess að vera unnin af dirfsku og áhuga. Vilji, metnaður og geta lýsa einbeittum ásetningi til að koma sögunni til skila með snjöllum og hugvitsamlegum lausnum. Ytri útfærsla, hvað varðar búninga, leikmynd og lýsingu er til fyrirmyndar. Allir leggjast á eitt um að koma meistaraverki Hasek upp á svið með glæsibrag. Brynjar Gauti Schiöth, sem leikur Svejk, stendur sig frábærlega sem hinn einfaldi en athuguli samfélagsrýnir og Ingólfur Þórsson er einkar trúverðugur í túlkun sinni. Svipaða sögu er að segja um allan hópinn sem í samvinnu við leikstjóran, Þór Tulinius, tónlistarstjóran, Hermann Inga Arason og aðra sem að verkefninu komu, nær að skapa heildstæða og frumlega sýningu.

Þjóðleikhúsið óskar Freyvangsleikhúsinu til hamingju með sýninguna og býður leikfélaginu að sýna Góða dátann Svejk í Þjóðleikhúsinu í lok maí 2011.

Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna leikárið 2010–2011



Jóladagatalið

Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar

Jóladagatalið

Höfundar: Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur

Leikstjóri: Gunnsteinn Sigurðsson

Pátttakendur: 22

Sýningar: 3

Áhorfendur: 200

Skýrsla stjórnar:

Árið 2010 er annað starfsár leikklúbbsins en það fyrsta formlega. Eftir velheppnaða jólaleiksýningu og góðar undirtektir bæjarbúa árið áður var ákveðið að gefa hugmyndinni um leikklúbb í Grundarfirði ennþá meira púður. Ákveðið var að semja lög, fá kennitölu og ganga í Bandalag íslenskra leikfélaga, sækja um styrki, setja upp veglega sýningu árið 2011 og að minnsta kosti eina sýningu á ári eftir það. Stjórn var kosin og var Lára Magnúsdóttir gerð að formanni, Ragnheiður Dröfn Benediktsdóttir að ritara, H. Fjóra Bjarnadóttir að gjaldkera og þær Halldóra D. Hjörleifs-dóttir og Jóhanna Van Schalkwyk settar í meðstjórnendasætin. Stjórnin vann sína vinnu vel og í nóvember 2010 vorum við orðin „lögleg“ og tilbúin að fara að leika. Ákveðið var að setja upp leiksýninguna Jóladagatalið eftir nokkra félagar í Leikfélagi Hólmavíkur. Gunnsteinn Sigurðsson var ráðinn leikstjóri og sýndar voru þrjár sýningar í desember í samkomuhúsi Grundarfjarðar. Húsið rúmar um 100 manns í sæti og segir sig sjálf að við náðum ekki að fylla húsið á allar sýningarnar. Samt sem áður komu um 200 manns að sjá þær og er það flottur fjöldi miðað við 900 manna samfélag. Og við erum reynslunni ríkari fyrir komandi ár.

Æfingaferlið fyrir sýninguna gekk vel, þrátt fyrir að meirihluti leikara væri börn. Erfiðlega gekk að fá eldri leikara í lið með okkur. Þrátt fyrir það sýndum við þrjár flottar sýningar og stóðu krakkarnir sig ótrúlega vel. Æfingar stóðu yfir í um sex vikur. Ellefu leikarar léku á sviðinu en mun fleiri komu að verkinu með beinum eða óbeinum hætti, t.d. Sögumiðstöðin með Inga Hans innanborðs en hann lánaði okkur leikmuni, Leikfélagið Grímnir í Stykkishólmi lánaði okkur einnig leikmuni sem og fjölmargir bæjarbúar, svo að sjálf sögðu Grunnskólinn sem lánaði okkur jólasveinabúninga. Við fengum frábært fólk til að vinna og aðstoða okkur með sviðsmynd og búninga- og förðunarvinnu. Í heildina vorum við um 10–12 sem stóðum með beinum hætti að sýningunni, að stjórn meðtaldri.

Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar hugsar stórt og mun á næstu árum leika sér í leiklist á meðan áhuginn er til staðar. Litlir fuglar hvísla því reglulega að okkur að fjölmargir bæjarbúar eigi sér ósk um að standa einn daginn á sviði að leika fyrir framan fólk. Áhersla var lögð á áhugasviðið með því að skíra klúbbinn Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar, þó svo ávallt sé talað um leikklúbbinn.

Að lokum viljum við þakka öllum sem komu að uppsetningum á Jóladagatalinu og Aðfangadagur á háaloftinu (sem sýnt var í des 2009), með beinum eða óbeinum hætti, kærlega fyrir. Einnig þeim sem hafa klappað á bak okkar og hvatt okkur áfram. Góðir hlutir gerast hægt og það er sannarlega að sýna sig í starfi leikklúbbsins okkar.

Stjórn Áhugamannaleikklúbbs Grundarfjarðar mun verða óbreytt árið 2011. Ákveðið hefur verið að setja upp sýningu í fullri lengd í nóvember á verkinu Sköllotta söngkonan eftir Eugene Ionesco og höfum við fengið Kára Viðarsson til að leikstýra okkur. Það eru því spennandi tímar framundan hjá okkur.

Lára Magnúsdóttir, formaður

Borgarbörn, Reykjavík

Leikfangalíf

Höfundur og leikstjóri: Erla Ruth Harðardóttir
Þátttakendur: 30 Sýningar: 25 Áhorfendur: 1629

Skýrsla stjórnar:

Stjórn skipa: Erla Ruth Harðardóttir formaður, Ragnheiður Hall gjaldkeri, Steinunn Hall ritari, Marólína G. Erlendsdóttir og Elfar Elí Schweitz Jakobsson.

Borgarbörn, barna og unglingleikhús setti upp sitt árlega jólaleikrit. Þetta var sjötta árið sem jólaleikrit er sett upp á vegum leikhússins. Árlega setur leikhúsið upp eitt til tvö verk.

Leikritið „Leikfangalíf“ eftir Erlu Ruth Harðardóttur var frumsýnt 27. nóvember 2010 í lðnó. Leikritið fjallar um leikföng sem komið hefur verið fyrir í endurvinnslu þar sem eigendur þeirra hafa ekki not fyrir þau lengur. Leikföngin héldu að lífi þeirra væri þar með lokið. Þrjú jólaálfar, sem gegna því hlutverki að lappa upp á notuð leikföng, gerðu þeim grein fyrir að hægt væri að öðlast framhaldslíf hjá nýjum eigendum. Jólin nálgast, leikföngin búa sig undir að verða gjöf handa nýju barni, þegar óvænt bætist nýtt leikfang í hópinn, Bratzbídúkka, sem þverneitar að horfast í augu við þá staðreynd að henni hafi verið hent. Leikritið er fullt af boðskap og inniheldur vinsæl lög ásamt sköndnum texta, uppákomum og dönsnum.

Erla Ruth sá einnig um leikstjórn og vann að leikmynd með leikurum ásamt aðstoðarfólki (sex unglingum). Einnig komu nokkrir foreldrar þar að. Tuttugu og sex leikarar æfðu í tveimur hópum (13 leikarar í hvoru holti) og sýndu til skiptis. Aðstoðarfólk voru 6 krakkar. Búningar komu úr förum búningageymslu Borgarbarna, úr höndum leikara og einnig var fengið lán- að frá búningadeild RÚV. Þóra Ólafsdóttir, móðir Jafets Mána (Bóbó) leiðbeindi leikurum um förðun fyrir frumsýningu, sem síðar varð í höndum leikara og aðstoðarfólks. Ljósahönnun sá Lárus, pabbi Láru Borg (Bratsbí í hópi 2) um og stýrði aðstoðarfólk, ásamt Erlu Ruth, ljósum og eltiljósum á hverri sýningu. Hljóðmynd sá Ragnheiður um ásamt söngstjórn. Aðstoðarfólk stýrði hljóði á öllum sýningum. Sýningar urðu samtals 23 og var almenn ánægja með það þó svo að alltaf sé hægt að óska eftir fleiri áhorfendum.

Við stofnun Borgarbarna var aðallega horft til skólasýninga á skólatíma. Borgarbörn fara ekki inn í skólana með sýningarnar heldur sýna einungis í leikhúsi því sem uppfærslan er í hverju sinni. Fyrstu tvö árin gengu jólasýningarnar afar vel, þar sem skólar gripu fegins hendi það tækifæri að fara með nemendur sína í leikhús fyrir lítinn pening – því það er jú eitthvað sem skólarnir reyna að gera á aðventunni, þ.e. að bregða út af vananum og gera eitthvað til hátíðarbrigða. Eftir hrun hefur að sjálfsögðu verið fækkun á skólasýningum og þá aðallega á skólatíma. Því var brugðið á það ráð að fjölga eftirmiðdagssýningum og sýningum um helgar. Hafa bæði bekkjarfulltrúar og starfsmannafélög notfært sér þau tækifæri. Miðaverð frá upphafi (2006) hefur verið 500 kr. á mann ef keypt er ein sýning (miðað við 150 sæti) en 1000 kr. annars (var reyndar 800 kr. í upphafi, en var hækkað fyrir tveimur árum). Ákveðið var á fundi stjórnar að halda þessum upphæðum einnig fyrir næstu uppsetningu. Piparkökur og djús hefur alltaf verið í boði og er stefnan að halda því áfram. Einnig hvað varðar jólagjafasöfnun – en þá koma áhorfendur með jólagjafir á sýningu (eitthvað sem heimili þeirra er hætt að nota, en nýtist öðrum) merktan kyni og aldri og taka leikarar hvern sýningar á móti þessum pökkum bæði fyrir og eftir sýningu. Þegar sýningum er svo hætt er pökkunum komið til Mæðrastyrksnefndar. Þessari föstu venju Borgarbarna verður haldið áfram.

„Sönglistin 2010“ var gefin út. Útgefendur eru Borgarbörn. Geisladiskurinn kom í hús miðvikudaginn 22. desember 2010. Flytjendur eru Bjarki Lárusson, Edda Margrét Erlendsdóttir, Elísabet Metta Ásgeirsdóttir, Ólöf Kristín Þorsteindóttir og Raket Björk Björnsdóttir. Einnig er Stúlknasveitin Kári? á disknum með frumsamið lag. Stúlknasveitina skipa þær Auður Finnbogadóttir, Lilja Eivor Gunnarsdóttir Cederborg, Margrét Indra Daðadóttir og Sýlvía Björgvinsdóttir. Allir flytjendur hafa verið meðlimir



Leikfangalíf

Borgarbarna og tekið þátt í sýningum leikhússins. Lagaval á disknum tengist þó ekki sýningum leikhússins. Tókst að ná samningum um sölu disksins hjá Hagkaupum og Eymundsson. Einnig er diskurinn til sölu hjá Sönglist, söng- og leiklistarskóla.

Til stóð að setja upp sýningu á vegum Borgarbarna síðastliðið sumar. Æfingar áttu að vera í júní og júlí og frumsýning í byrjun ágúst – af því varð hinsvegar ekki og spilaði þar aðallega inn í æfingatími (sem átti að vera fyrir hádegi alla virka daga). Ætluðu Borgarbörn þarna að koma til móts við atvinnuleysi það sem mikið var talað um í fjölmiðlum (þá er átt við atvinnuleysi unglinga) Flestir meðlimir Borgarbarna fengu þó sem betur fer vinnu og því varð lítið af æfingum. Ekki gekk að flytja til æfingatíma því sá leikstjóri sem ráðinn var til verksins, Ólafur Sk. Þorvaldz, var í öðrum verkum eftir vinnutíma unglanna. Ætlun er þó að láta verða af næsta sumar.


Erla Ruth bauðst aftur til að sjá um og skrifa jólaleikrit Borgarbarna fyrir árið 2011 – Var það samþykkt. Vinnuheiti á því verki er „Óværuenglarnir“. Sýningarstaður var ákveðinn í Iðnó og áætluð frumsýning er 1. des. Það verk, mun sem fyrr innihalda fjölda laga – textagerð við þau lög sér Erla Ruth um. Ragnheiður mun sem fyrr sjá um söngstjórn og hljóðmynd. Búningar og leikmynd verður í höndum leikara, aðstoðarfólks og einnig verður leitað til foreldra leikara ef þörf þykir á. Ljósahönnun ætlar okkar dásamlegi Lárus (Lalli ljós) að sjá um aftur fyrir okkur.

Möguleiki á samstarfi við annan leikstjóra kom einnig til tals, en ágætur leikstjóri, Inga Bjarnason, hafði samband við leikhúsið og bauð fram krafta sína. Ákveðið var að nýta þá og stefna að sýningu á söngleik fyrir börn og unglinga um vorið 2012. Ekki er búið að fastákeða verkið.

Erla Ruth Harðardóttir, formaður



Bannað börnum



Af gæsum og mönnum

Freyvangsleikhúsið, Eyjafjarðarsveit

Bannað börnum

Höfundar: Daníel Freyr Jónsson, Hjálmar Arinbjarnarson, Karl Pálsson og Sverrir Friðriksson

Leikstjóri: Daníel Freyr Jónsson

Þátttakendur: 26 Sýningar: 8 Áhorfendur: 270

Af mönnum og gæsum (Kabarett)

Höfundar: Leikhópurinn

Kabarettnefnd: Theodór Ingi Ólafsson og Pétur Guðjónsson

Leikstjóri: Ragnur Elías Ólafsson

Þátttakendur: 30 Sýningar: 2 Áhorfendur: 178

Góði dátinn Svejk

Höfundar: Colin Teevan og Jaroslav Hasek

Þýðing: Guðjón Ólafsson

Leikstjóri: Þór Tulinius

Þátttakendur: 56 Sýningar: 24 Áhorfendur 1863

Í stjórn Freyvangsleikhússins sátu:

Halldór Sigurgeirsson, formaður

Jónsteinn Aðalsteinsson, varaformaður

Daníel Freyr Jónsson, ritari

Steingrímur Magnússon, gjaldkeri

Anna Bryndís Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Elísabet Katrín Friðriksdóttir, varastjórn

Theodór Ingi Ólafsson, varastjórn

Haukur Guðjónsson, varastjórn

Aðalfundur Freyvangsleikhússins var haldinn í Freyvangi 12. september 2010. Þar var tillaga fráfarandi stjórnar að aðalverkefni vetrarins borin upp og samþykkt en það var ný leikgerð eftir Colin Teevan eftir hinu margrómaða skáldverki Jaroslav Hasek um góða dátann Svejk.

Um sumarið hafði undirbúningur að haustverkefni félagsins hafist en að þessu sinni höfðu fjórir meðlimir Freyvangsleikhússins, þeir Daníel Freyr

Jónsson, Hjálmar Arinbjarnarson, Karl Pálsson og Sverrir Friðriksson, samið gamanleikrit sem byggir á íslenskum þjóðsagnaarfi um álfa og galdramenn. Verkið hlaut nafnið Bannað börnum og var frumsýnt þann 30. september. Þetta var í annað sinn sem Freyvangsleikhúsið stendur að haustverkerkefni til að gefa félögum sínum tækifæri til að spreyta sig á sem flestum þáttum leikhússtarfsins.

Föstudaginn 5. nóvember og laugardaginn 6. nóvember var kabarett Freyvangsleikhússins, Af mönnum og gæsum, sýndur. Kabarettnefnd skipuðu að þessu sinni þeir Theodór Ingi Ólafsson og Pétur Guðjónsson og fengu þeir Ragnar Elías Ólafsson til að sjá um leikstjórn. Kabarettinn var saminn af þátttakendum og lögðu þar margir hönd á plóginn. Óhætt er þó að þakka Pálma Rey Þorsteinsyni, húsverði í Freyvangi, sérstaklega fyrir aðstoðina.

Samlestur fyrir aðalverkefni vetrarins, Góða dátann Svejk, hófst svo 25. nóvember. Leikstjórinn, Þór Tulinius, hélt í framhaldinu leiklistarnámskeið fyrir leikhópinn og fljótlega upp úr því var svo skipað í hlutverk. Æfingar hófust strax upp úr áramótum og verkið var svo frumsýnt þann 25. febrúar. Leikritið hlaut strax lofsamlega dóma og okkur bárust mörg hlýleg orð, t.d. frá Práni Karlssyni, leikara, og kunnum við honum miklar þakkir fyrir þau. Um vorið höfðum við sýnt Svejk 23 sinnum fyrir 1363 áhorfendur.

Um vorið bárust okkur einnig þau gleðitíðindi að Góði dátinn Svejk hefði verið valin athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2010–2011 og okkur var boðið að setja verkið upp í Þjóðleikhúsinu sunnudaginn 29. maí. Skemmst er frá því að segja að ferðin suður heppnaðist í alla staði ákaflega vel og það seldist upp á sýninguna. Þannig að tæplega 500 manns til viðbótar sáu Svejk í Þjóðleikhúsinu.

Um vorið fóru svo tveir félagar í Freyvangsleikhúsinu, þeir Daníel Freyr Jónsson og Steingrímur Magnússon, í leiklistarskóla BÍL og komu til baka margs fróðari.

Lauk þannig öðru starfsári félagsins þar sem ráðist er í þrjár uppsetningar og er stefnt að því að halda því fyrirkomulagi áfram á meðan áhugi félagsmanna leyfir.

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Góðverkin kalla!

Höfundar: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason

Leikstjórar: Margrét Sverrisdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson
Þátttakendur: 31 Sýningar: 14 Áhorfendur: 576

Snyrting

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjóri: Gunnar Gunnarsson, Gunsó
Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 50

Í stjórn eru:

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, formaður
Höskuldur P. Höskuldsson, varaformaður
Kristín M. Bjarnadóttir, gjaldkeri
Ása Hildur Guðjónsdóttir, ritari
Guðríður Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Í varastjórn eru:

Þröstur Jónsson, Einar P. Andrésson og Elísa Ósk Halldórsdóttir

Haldinn var einn félagsfundur, tveir þankaroksfundir og 23 stjórnarfundir auk þess sem stjórn hafði mikil samskipti gegnum netið. Síðasta sumar var einn Haladagur í Krika við Elliðavatn. Við sendum út fimm fréttabréf auk þess sem ritariinn var duglegur við að senda félögum alls kyns póst um leiklistartengt efni úr ýmsum áttum.

Haustið 2010 réðum við Margréti Sverrisdóttur og Odd Bjarna Þorkelsson til að halda 20 tíma leiklistarnámskeið og leikstýra aðalleikriti leikársins.



Góði dátinn Svejk



Góðverkin kalla!

Einnig réðum við þau til að hafa yfirumsjón með afmælisárinu, finna höfundu til að skrifa stuttverk sem sýnd yrðu í kringum afmælisdaginn og að leikstýra okkur næsta vetur. Námskeiðið vakti mikla lukku og sóttu það 20 nemendur.

Í nóvember hófum við svo æfingar á Góðverkin kalla! eftir þá Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Við frumsýndum 4. febrúar og sýndum 14 sýningar fyrir fullu húsi. 31 félagi tók þátt í uppsetningunni á einn eða annan hátt, þar af 14 leikarar.

Þrjú Halafélagar fóru á leiklistarskóla BÍL 2010 að Húnavöllum. Einnig fór einn á námskeið í leikhúslýsingu hjá Tækniskólanum. Ása Hildur fór á framhaldsnámskeið í markaðssetningu á Facebook hjá Endurmenntun HÍ.

Stjórn skipaði Afmælisnefnd til að vinna með stjórn að undirbúningi fyrir 20 ára afmæli Halaleikhópsins 27. september 2012. Tveir Halafélagar voru starfsmenn á NEATA-hátíðinni sem haldin var á Akureyri 10.–14. ágúst 2010 og auk þess sóttu sex aðrir Halafélagar hátíðina sem var mjög glæsileg.

Við tókum þátt í einþáttungahátíð Bandalagsins í Mosfellsbæ 29. apríl sl. með eitt stuttverk, Snyrtingu eftir Nínu Björk Jónsdóttur í leikstjórn Gunnsó. Fjórir félagar tóku þátt í því verkefni.



Helgi dauðans



Einkamál.is

Hugleikur, Reykjavík

Helgi dauðans

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikstjórar: Rúnar Lund og Sigurður H. Pálsson

Þátttakendur: 19 Sýningar: 9 Áhorfendur: 330

Einkamál.is

Höfundur: Árni Hjartarson

Leikstjórar: Hulda B. Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason

Þátttakendur: 19 Sýningar: 10 Áhorfendur: 400

Rotið

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Hörður S. Dan.

Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 50

Ljóð fyrir 9 kjóla

Höfundur og leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Þátttakendur: 5 Sýningar: 3 Áhorfendur: 130

Formáli

Höfundur og leikstjóri: Sigurður H. Pálsson

Þátttakendur: 1 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Orðlaus

Höfundur: Hulda B. Hákonardóttir

Leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Shakespeare úr hatti

Höfundur: Þórarinn Stefánsson

Leikstjóri: Hörður S. Dan

Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Skoska morðgátan

Höfundur: Þorgeir Tryggvason eftir sögu James Thurber

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Að vera eða ekki vera

Höfundur og leikstjóri: Árni Friðriksson

Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Rætur Vilhjálms Shakespeares

Höfundur: Árni Hjartarson

Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir

Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Hin einkar hörmulega ópera um grimman dauða Píramusar og Píspu

Höfundur og leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Liberetto: William Shakespeare og Helgi Hálfðanarson

Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Eftirmáli

Höfundur og leikstjóri: Sigurður H. Pálsson

Þátttakendur: 1 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

Panþol

Höfundur: Hulda B. Hákonardóttir

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 10

Beljur

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Sigurður H. Pálsson

Þátttakendur: 2 Sýningar: 1 Útvarpsleikrit

Í stjórn Hugleiks leikárið 2010–2011 sátu Ásta Gísladóttir gjaldkeri, Guðrún Eysteinsdóttir ritari, Silja Björk Huldudóttir formaður, Þórarinn Stefánsson meðstjórnandi og Þráinn Sigvaldason varaformaður. Í varastjórn sátu Árni Friðriksson, Guðmundur Erlingsson og Þorgeir Tryggvason. Stjórnin fundaði alls 16 sinnum á leikárinu og kann ég henni bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Námskeið

Eina námskeið leikársins var haldið í október 2010 þar sem Þorvaldur Þorsteinsson myndlistarmaður, rithöfundur og kennari hélt höfundasmiðju undir yfirskriftinni: „Að skapa er að skrifa – Inngangur að skrifum fyrir leikhús (með a.m.k. átján neyðarútgöngum fyrir bæði nýkomna og löngu mætta).“ Alls voru 11 þátttakendur á námskeiðinu sem kennt var á 18 klst. Góður rómur var gerður að smiðjunni og skilaði hún nokkrum nýjum einþáttungum sem m.a. voru sýndir á Sjeikspír-dagskrá Hugleiks (eins og lesa má um hér að neðan) sem og á aðalfundi félagsins sem haldinn var 31. maí, þar sem fundargestum gafst tækifæri á að sjá Panþol eftir Huldu B. Hákonardóttur í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar.

Situr einn og segir frá, sveitist við að ljúga

Í október hafði Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, samband og óskaði eftir því að Hugleikur yrði einn fjögurra aðila sem ynnu 50 mínútna þætti sem fluttur voru milli jóla og nýjárs (hinir þrír voru Uppstandsstelpur, listafólk frá Ísafirði og hópur eldri borgara úr Félagsmiðstöðinni í Hæðargarði). Þættirnir voru hugsaðir sem framlag fólksins í landinu til dagskrár RÚV í tilefni af 80 ára afmæli þess og voru efnistökin algjörlega í okkar höndum. Eina krafan var að þetta ætti að vera skemmtilegt. Stjórn Hugleiks þáði umsvifalaust boðið og skipaði í útvarpsráð Hugleiks þau Ástu Gísladóttur, Guðmund Erlingsson, Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og Þorgeir Tryggvason sem sáu um að velja leikið efni og tónlist í þáttinn og skipuleggja upptökur. Þátturinn, sem fluttur var fimmtudaginn 30. desember, hlaut nafnið Situr einn og segir frá, sveitist við að ljúga. Hann samanstóð af fjórum eintölum og völdum söngvum úr eldri uppfærslum leikfélagsins. Þarna flutti Hulda B. Hákonardóttir Eina litla jólasögu eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Sigurður H. Pálsson Beljur eftir Árna Friðriksson og var þar um frumflutning að ræða, Ásta Gísladóttir Snakk eftir Júlíu Hannam og Hörður S. Dan. Engla í snjónum eftir Unni Guttormsdóttur. Allt var þetta bráðskemmtilega kynnt af Júlíu Hannam og Flosa Þorgeirssyni. Þess má til gamans geta að á gamlársdag var fluttur sérstakur 1,5 klst. þáttur þar sem búið var að velja það besta úr þáttunum fjórum og er skemmst frá því að segja að allt efnið úr þætti Hugleiks rataði í þennan „best of“ þátt.

Uppsetningar vetrarins

Fyrir tæpu ári auglýsti stjórnin eftir fullskrifuðum eða langt komnum leikritum sem og leikgerðum til uppsetningar leikárið 2010–2011 og skiluðu



Hin einkar hörmulega ópera um grimman dauða Píramusar og Píspu



Skoska morögátan



Að vera eða ekki vera



Rætur Vilhjálms Shakespeares

tíu handrit sér. Líkt og í fyrra hafði stjórn það að leiðarljósi að halda útgjöldum í lágmarki þetta leikárið og sem lið í því var stefnt á sjálfbærni í verkefnum með leikstjórum úr röðum félagsmanna auk þess sem ljóst var að allar uppfærslur yrði að vera hægt að sýna hér á Eyjarslóðinni til að spara leigu á sýningarhúsnæði. Að teknu tilliti til þessara tveggja skilyrða, forvaldi stjórn þau fimm leikrit sem henni fannst koma til greina að setja upp á yfirstandandi leikári og var boðað til samlestra á þeim í haust sem leið og óskað eftir áhugasömum leikstjórum eða leikstjórnarteymum. Alls gáfu sex leikstjórar kost á sér til að leikstýra, ýmist einir eða í félagi við aðra, og var stjórn því nokkur vandi á höndum við að setja saman dagskrá leikársins. Að endingu var ákveðið að setja upp annars vegar Helgi dauðans þar sem unga fólkið var í forgrunni, en í verkinu beinir höfundur sjónum sínum að veruleika íslenskra háskólanema sem reyna eftir fremsta megni að feta einstigið milli lærdóms og skemmtunar, þó skemmtunin verði óvart lærdómsríkari en gott þykir. Og hins vegar Einkamál.is þar sem á ferðinni var dramatískur fjölskyldugamanleikur um samtímafjölskyldu í heimatilbúnum vanda. Þar var leitað svara við því hvað barnelskur karl gerir þegar hann kemst að því að einkasonur hans og tengdadóttir hafa ákveðið að eignast ekki börn. Auk þessara tveggja leikrita í fullri lengd hafði stjórn að markmiði að setja upp tvær stuttverkadagskrár, en vegna anna við stóru verkefnið þurfti að slá fyrri dagskrána, sem vera átti snemma árs, af vegna manneklú. Okkur tókst engu að síður að koma 10 stuttverkum og einni öróperu á svið þetta leikárið. Eins og fyrr var getið þurfum við að nýta Eyjarslóðina til bæði æfinga og sýningarhalds til að halda útgjöldum í lágmarki. Það er hins vegar ekkert launungarmál að það að halda námskeið, æfa og sýna allt sem við setjum á svið á Eyjarslóðinni setur okkur þrengri skorður þar sem vandasamt er að gera margt í einu auk þess sem enn mikilvægara en áður er að allir tímarammur standist.

Helgi dauðans

Sem fyrr segir var fyrsta frumsýning leikársins Helgi dauðans eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Rúnars Lund og Sigurðar H. Pálssonar. Frumsýnt var 22. janúar í húsnæði leikfélagsins að Eyjarslóð og sýndar 9 sýningar sem um 330 gestir sáu. Alls tóku 19 félagsmenn þátt í sýningunni, þar af 7 nýliðar. Í gagnrýni Lárusar Vilhjálmssonar á Leiklistarvefnum sagði m.a. um leikritið: „Framsetning verksins, sem gerist allt á sama stað, er einnig í anda bandarískra gamanþátta. Þarna hefur höfundur tekist vel til. Persónur eru sannferðugar og skemmtilegar, samtöl ísmeygileg og fyndin, og framvinda og flétta ganga vel upp. Það má líka hrósa höfundur fyrir að þrátt fyrir allt glensíð er ekki langt í óhugnaðinn og vangaveiltur um rasisma gott innlegg.“ Í gagnrýni sinni skrifaði Silja Aðalsteinsdóttir m.a. á vef Tímarits Máls og menningar: „Helgi dauðans er skemmtilegt stykki, hnyttið og nokkuð markvisst, og eins og ævinlega hjá Hugleik var virkilega gaman að horfa á leikinn, jafnvel þótt hér sé óvant fólk á sviðinu. [...] Sigríður Lára er vel heima í jargonni háskólastudenta af öllu tagi og það var oft rosalega gaman að hlusta á umræðurnar á sviðinu.“

Einkamál.is

Önnur frumsýning leikársins var Einkamál.is eftir Árna Hjartarson í leikstjórn Huldu B. Hákonardóttur og Þorgeirs Tryggvasonar. Frumsýnt var 15. apríl á Eyjarslóð. Alls voru sýndar 10 sýningar og nær uppselt á þær allar sem þýðir að tæplega 400 manns sáu sýninguna. Ekki reyndist unnt að bæta við fleiri sýningum vegna anna leikhópsins, en verið er að skoða þann möguleika að taka sýninguna aftur upp í haust. Alls tóku 19 félagsmenn þátt í sýningunni, þar af 3 nýliðar. Í gagnrýni Lárusar Vilhjálmssonar á Leiklistarvefnum sagði m.a. um sýninguna: „Hugleikur sannar það enn einu sinni að leikfélagið er í fremstu röð þegar kemur að því að setja á svið ný íslensk leikverk. Verk Árna er í senn fyndið og harmrænt í einfaldri sögu í anda klassískra grískra leikbókmennta. [...] Leikstjórn verksins er fumláus hjá þeim Huldu Hákonardóttur og Þorgeiri Tryggvasyni. Þau þjóna vel innihaldi verksins og stjórna leikurum af röggsemi. Nýting á rými í leikhúsi þeirra Hugleiksmanna er alveg frábær og þjónar verkinu mjög vel. Leikmyndin er einkar vel hugsuð og skipting á milli rúms og tíma er vel útfærð. Leikhópurinn í sýningunni er afar góður og má þar fremstan telja Rúnar Lund sem á sannkallaðan stjörnuleik í burðarhlutverki verksins þar sem honum tekst á frábæran hátt að sýna manni persónu sem er bæði harmræn um leið og hún er fyndin.“ Í gagnrýni Silju Aðalsteinsdóttur á vef Tímarits Máls og menningar sagði m.a.:

„Einkamál.is er afbragðsvel fléttaður og vel skrifaður gamanleikur sem líka nýtir húsnæði leikflokksins vel. [...] Það gleður mann alltaf alveg sérstaklega að sækja sýningar hjá Hugleik en sjaldan held ég að þeim hafi tekist eins vel upp. Efnið er gott, sviðsetningin gerð af skemmtilegri hugkvæmni og leikurinn allur hinn vandaðasti, hófstílltur og einlægur um leið og leikarar túlkuðu skoplegar aðstæður sínar.“

Gamli góði Villi – Sjeikspír í höndum Hugleiks

Þriðja og síðasta frumsýning leikársins var stuttverkadagskráin Gamli góði Villi – Sjeikspír í höndum Hugleiks, sem frumsýnd var 29. maí og endurtekin 30. maí. Aðeins voru sýndar þessar tvær sýningar og má reikna með að um 80 manns hafi séð þær. Alls komu 23 félagsmenn að dagskránni, þar af einn nýliði. Á aðalfundi leikfélagsins vorið 2010 lagði Árni Friðriksson til að sett yrði á svið einþáttungadagskrá sem hefði William Shakespeare sem þema og mæltist það afar vel fyrir á fundinum. Stjórn fól því Árna og Þorgeiri Tryggvasyni að halda utan um slíka dagskrá og mátti sjá afraksturinn síðustu helgina í maí þar sem sýndir voru 8 einþáttungar og ein órpera. Þar var um að ræða Formála og Eftirmála eftir Sigurð H. Pálsson í leikstjórn höfundar, Orðlaus eftir Huldu B. Hákonardóttur í leikstjórn Sigríðar Láru Sigurjónsdóttur, Ljóð fyrir 9 kjóla eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttir í samvinnu við Shakespeare sjálfan og í leikstjórn þeirrar fyrrnefndu, Shakespeare úr hatti eftir Þórarín Stefáns-son í leikstjórn Harðar S. Dan., Skosku morðgátuna sem var leikgerð Þorgeirs Tryggvasonar á smásögunni The Macbeth Murder Mystery eftir James Thurber í leikstjórn Þorgeirs, Að vera eða ekki vera eftir Árna Friðriksson í leikstjórn höfundar, Rætur Vilhjálms Shakespeares eftir Árna Hjartarson í leikstjórn Hrundar Ólafsdóttur og Hina einkar hörmulegu óperu um grimman dauða Píramusar og Píspu eftir Þorgeir Tryggvason við líbrettó Williams Shakespeare og Helga Hálfdanarsonar í leikstjórn Þorgeirs. Ekki var óskað eftir gagnrýni frá Leiklistarvefnum á stuttverka- dagskrána til þess að halda útgjöldum félagsins í lágmarki og aldrei þessu vant sá Silja Aðalsteinsdóttir sér ekki fært að koma.

Einþáttungahátíð Bandalagsins í Mosfellsbæ

Hugleikur átti tvo fulltrúa á einþáttungahátíð Bandalags íslenskra leikfél-aga sem haldin var 29. apríl í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ í tengslum við aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga. Annars vegar var um að ræða Ljóð fyrir 9 kjóla eftir Sigríði Láru sem fyrr var getið í leikstjórn höf-undar og hins vegar Rotið eftir Árna Friðriksson í leikstjórn Harðar S. Dan. Alls komu 9 Hugleikarar að uppsetningu þessara tveggja þátta sem hlutu góðar viðtökur jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda.

Silja Björk Huldudóttir, formaður

Leikdeild Umf. Gnúpverja

Gauks saga

Höfundur og leikstjóri: Vilborg Halldórsdóttir
Þátttakendur: 16 Sýningar: 9 Áhorfendur: 800

Í stjórn eru:

Sigrún Bjarnadóttir, Fosnesi, formaður
Eyþór Brynjólfsson, Hamragerði, ritari
Þóra Þórarinsdóttir, Haga, gjaldkeri

Og geirraddar gladdi
Gaukur Trandilsson hauka
geig vann heldur að hjaldri,
hann ófáum manni.

Eftir nokkurra ára hvíld á leikstarfssemi, tóku nokkrir félagar sig til og stofnuðu leikdeild innan U.M.F.G. Fyrsta verkefnið veturinn 2009–2010 var að halda leiklistarnámskeið og tóku 10 manns þátt í því. Leiðbein- endur voru Vilborg Halldórsdóttir og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir tónlist- armiðlari. Var þetta góður undirbúningur fyrir leikritið Gauks sögu sem byrjað var að æfa veturinn 2010–2011.

Vilborg Halldórsdóttir leikkona úr Reykjavík var fengin til að gera handrit um Gauk Trandilsson á Stöng í Þjórsárdal og leikstýrði hún einnig verk-



Eftirmáli



Gauks saga

inu. Fékkst í þetta verkefni styrkur frá Vaxtasamningi Suðurlands og Menningarráði Suðurlands. Órlygur Benediktsson samdi tónlistina.

Frumstýnt var í félagsheimilinu Ánesi 26 mars. Sýningar urðu 9 og sáu um 800 manns leikritið. Leikendur voru 13 auk annarra hjálparkokka.

Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

Á þriðju hæð

Höfundur: Vilhelm Mejo

Leikstjóri: Þorsteinn Logi Einarsson

Þátttakendur: 16

Sýningar: 4

Áhorfendur: 270

Amor ber að dyrum

Höfundur: Georg Falk

Leikstjóri: Þorsteinn Logi Einarsson

Þátttakendur: 16

Sýningar: 4

Áhorfendur: 270

Í stjórn sitja:

Formaður: Þorsteinn Logi Einarsson

Gjaldkeri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Ritari: Guðmunda Ólafsdóttir



Á þriðju hæð



Amor ber að dyrum

Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku var haldinn í Þjórásarveri 12. október þar sem stjórnin var endurkjörin og ýmis mál rædd. Meðal fundarefnis var leikverk vetrarins en ákveðið var að þar sem félagið hefði ekki efni á að setja upp stóra sýningu í vetur, yrðu æfð upp tvö styttri verk og þau sýnd saman. Ákveðið var að leikstjórn yrði í höndum félagsmanna og yrði þessi uppsetning því góður skóli og reynsla í bankann fyrir deildina. Á aðalfundi var einnig ákveðið að fara í hópferð til Þorlákshafnar til þess að sjá uppfærslu á Stútungasögu hjá Leikfélagi Ölfuss. Lögð var áhersla á að kalla saman gamla leikhópin sem stóð að Stútungasögu hjá leikdeild Umf. Vöku árið 2005. Ferðin var farin 6. nóvember og var hin mesta skemmtun.

Fyrsti samlestur á verkum vetrarins var haldinn 13. janúar. Fjögur verk voru skoðuð og síðan tvö af þeim valin til uppfærslu. Það voru verkin Amor ber að dyrum eftir Georg Falk og Á þriðju hæð eftir Vilhelm Mejo. Hvort tveggja gamanleikir í farsakendum dúr. Þorsteinn Logi Einarsson tók að sér leikstjórn verkanna. Það gekk brösulega til að byrja með að manna leikverkin, en á endanum varð til 8 manna leikhópur sem samanstóð af ungu og misreyndu fólki. Tveir leikaranna léku í báðum verkunum þannig að mikið mæddi á þeim, ásamt leikstjóranum sem einnig lék eitt hlutverk, smíðaði og hannaði leikmyndina og sinnti ýmsu í tengslum við leikverkin. Í mörg horn var að líta fyrir sýninguna, þótt smá væri í sniðum, en 16 manns komu að leiksýningunni á einn eða annan hátt. Uppsetning og prentun leikskrár var í höndum leikdeildarinnar. Í leikskránni voru stuttir pistlar um leikarana, leikdeildina, ljósmyndir frá æfingafærlinu og fleira. Hönnun og uppsetning lýsingar var í höndum leikstjórans sjálfs og kom ljómandi vel út. Búningar og leikmunir voru grafnir upp í geymslum eldra fólks í sveitinni en verkin áttu bæði að gerast í kringum 1960. Það sem ekki fannst var saumað og fönðrað. Sérstakar þakkir fyrir lán á búningum og leikmunum fá Leikfélag Selfoss, Laufey Guðmundsdóttir, Eyrún Guðmundsdóttir og Kristín Stefánsdóttir.

Ákveðið var að skapa kaffihúsastemningu í salnum í Þjórásarveri og sátu áhorfendur við borð með kertaljósi. Í hléi var selt kaffi, súkkulaðitertu-sneiðar og vöflur með rjóma. Æfingar urðu um 13 talsins á hvoru verki en hefðu kannski mátt vera aðeins fleiri. Frumstýnt var föstudaginn 25. febrúar og urðu sýningar alls fjórar. Aðsókn var ágæt, um 270 manns sáu sýninguna. Af þessu má sjá að ekki þarf alltaf að hafa mikinn tilkostnað til þess að gleðja bæði áhorfendur og þátttakendur, en verkin fengu prýðilega dóma, bæði frá gagnrýnanda og almenningi.

Að lokum þakkar Leikdeild Umf. Vöku öllum þeim sem komu að sýningunni fyrir hjálpinu og þeim sem komu að sjá verkið fyrir komuna.

Guðmunda Ólafsdóttir, ritari

Leikfélag Blönduóss

Leikárið 2010–2011 var með rólegra móti hjá LB og ekki sett upp leikrit en æ erfiðara reynist að fá fólk til starfa. Félagið sá þó um að semja og flytja skemmtiatriði á Porrablótí kvenfélagsins Vöku eins og undanfarin ár. Þar með er starfsemin það leikárið upptalin.

Leikfélag Dalvíkur

Saga hússins

Höfundur og leikstjóri: Arnar Símonarson
Þátttakendur: 51 Sýningar: 8 Áhorfendur: 416

Heima hjá ömmu

Höfundur: Neil Simon
Þýðing: Ólafur Gunnarsson
Leikstjóri: Aðalsteinn Bergdal
Þátttakendur: 28 Sýningar: 11 Áhorfendur: 509

Leikfélag Dalvíkur átti í samvinnu við Dalvíkurskóla haustið 2010 með uppsetningu á unglíngaverki. Þetta samstarf hófst fyrir 6 árum og miðar að því að efla og hvetja unglínga í byggðarlaginu til frekari þátttöku í leiklist og almennu leikstarfi. Arnar Símonarson skrifaði verkið Saga hússins fyrir leikhópin og æfingar hófust í byrjun september. Æft var síðdegis og á kvöldin alla virka daga og frumsýnt var í byrjun nóvember. Sýningar urðu 8 talsins og tæplega 500 manns sáu uppfærsluna. Gerður var góður rómur að og krakkarnir fengu mikið lof og hrós fyrir frammistöðuna. Alls tóku 32 ungmenni þátt í uppsetningunni. Félagar úr LD sáu um framkvæmdastjórn, miðasölu og uppgjör. Leikfélagið lánaði til uppsetningarinnar leikmynd, leikmuni, ljós, hljóðtæki, smink og búninga, að ógleymdu húsnæði. Er það von stjórnar að þetta samstarf megi áfram lifa og dafna. Nú, þegar 6 ár eru liðin síðan við hófum þetta samstarf, erum við farin að njóta krafta þessara ungmenna sem hafa tekið þátt í uppfærslum. Og er það vel.

Á aðalfundi haustið 2010 var tekin sú ákvörðun að selja húsnæði LD að Skíðabraut á Dalvík. Var það gert vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Húsið seldist á vordögum og hófust þá flutningar yfir í Sigtún, sem er áfast við Ungó. Dalvíkurbyggð lét félaginu í té herbergi og geymslu til afnota án endurgjalds. Búningar og leikmunir voru flokkaðir og öllu komið haganlega fyrir. Nokkrir félagar tóku þátt í þessari miklu vinnu og ber þeim að þakka.

Í febrúar 2011 hófust æfingar á leikverkinu Heima hjá ömmu eftir Neil Simon. Ráðinn var leikstjóri frá Hrísey, Aðalsteinn Bergdal. Æft var á kvöldin og um helgar. Frumsýnt var í lok mars. Um 25 manns tóku þátt í uppfærslunni með einum eða öðrum hætti. Sýningar urðu 14 talsins og rétt ríflega 600 manns komu og sáu verkið. Fella þurfti niður einstaka sýningar vegna lélegrar miðsölu. Þeir sem mættu í Ungó að sjá verkið voru almennt mjög ánægðir.

Félagar í LD komu að norrænni bókasafnsviku í menningarhúsinu Bergi á Dalvík veturinn 2010–2011 með því að lesa fyrir ungmenni úr Dalvíkurskóla fimm morgna. Þemað voru galdrar og töfrar í bókmenntum. Þá komu félagar úr LD að Norrænni vinabæjarheimsókn vorið 2011 með því að leiklesa nokkrar valdar sögur um þá Bakkabræður úr Svarfaðardal.

Kristján Guðmundsson, einn félagi úr LD slasaðist illa í maí 2011 og lá lengi á sjúkrahúsi. Efnt var til styrkarsamkomu og komu leikfélagar að henni með undirbúningi, framkvæmd og þá sérstaklega kynningum á skemmtuninni sjálfri. Gekk öll þessi vinna sérlega vel fyrir sig. Uppselt var á samkomuna.

Á Fiskideginum mikla 2011 fóru nokkrir aðilar úr félaginu inn á hátíðarsvæðið við höfnina og skemmtu gestum í gervi Bakkabræðra. Var það gert í sjálfboðavinnu eins og annað á Fiskidaginn.

Leikfélagið fékk 300.000 króna styrk frá Samherja um áramótin 2011, en sá styrkur var einkum veittur til þeirra félaga og samtaka sem starfa með



Saga hússins



Heima hjá ömmu

börnum og unglingum í Eyjafirði undir merkjum forvarna. Kom þessi styrkur sér ákaflega vel og ber að þakka hann.

Leikfélagið hefur ávallt verið tilbúið að lána út búninga og leikmuni til almennra nota, hvort sem er til einstaklinga eða hópa. Nokkuð hefur verið um þessar beiðnir, en jafnframt hafa margir verið duglegir við að gefa LD hina ýmsu muni og búninga og ber að þakka þann hlýhug.

Dalvíkurbyggð hefur staðið þétt við bakið á Leikfélagi Dalvíkur og komið fram með útrétta hönd þegar þess hefur þurft við á erfiðum tímum. Farið var í endurgerð samninga við félagið til 3 ára. Í þeim felst að Dalvíkurbyggð lánar félaginu húsnæði sitt að Sigtúni án endurgjalds til næstu fimm ára. Sýningarhúsnæði Leikfélagsins, Ungó, er líka í eigu Dalvíkurbyggðar.

Annasamt ár er að baki. Mikið hefur mætt á fáum aðilum innan Leikfélagsins. Ekki tókst að manna nýja stjórn á síðasta aðalfundi. Þó reynt væri. Mæting á þann fund var samt þökkaleg. Stjórn sú, sem situr í dag, hefur setið sem „viðreisnarstjórn“ eftir áföll síðustu ára og finnst okkur nú að kominn sé tími til að aðrir og nýir aðilar taki við keflinu og beri það áfram. Fjárhagur félagsins stendur föstum fótum og búið er að fleyta starfsemi áfram yfir erfiðan hjalla. Bjart er framundan hvað þessa þætti varðar. Búið er að ganga frá ráðningu á leikstjóra fyrir næsta vor og endurskipulagning á ýmsum þáttum í starfsemi er komin í fastan farveg.

Stjórn LD vill hvetja þá sem bera hagsmuni félagsins sér fyrir brjósti, að mæta á aðalfund og koma til starfa með félaginu, því ef ekki næst að manna nýja stjórn, þá er ljóst að saga félagsins er skrifuð til enda. Það yrði slæm afmælisgjöf á 70 ára afmæli LD árið 2014.



Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan

Leikfélag Fljótshéraðs

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan

Höfundur: Marc Camoletti

Þýðing: Sigurður Atlason

Leikstjóri: Einar Rafn Haraldsson og Freyja Kristjánsdóttir

Þátttakendur: 25 Sýningar: 8 Áhorfendur: 645

Við í Leikfélagi Fljótshéraðs héldum aðalfund þann 24. febrúar sl. og var þá kosin ný stjórn og hún er svona:

Gunnar Heiðberg Gestsson, formaður

Bryndís Halldórsdóttir, ritari

Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir, gjaldkeri

Ásgeir Þórhallsson, meðstjórnandi

Fjola Egeða Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Hólmfríður Sigurbjörnsdóttir, varamaður

Eygló Daniélsdóttir, varamaður

Á aðalfundi í febrúar 2010 varð nokkur breyting á stjórn. Nýr formaður var kjörinn Daníel Behrend og aðrir nýir stjórnarmenn voru kjörnir Bryndís Halldórsdóttir og Eygló Daniélsdóttir. Nýir varamenn komu einnig inn; Hólmfríður Sigurbjörnsdóttir og Ragnar Rúnar Svavarsson. Fyrir í stjórninni voru þær Dís María Egilsdóttir og Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir. Daníel baðst lausnar af persónulegum ástæðum sem formaður í ágúst og tók Eygló við því starfi.

Tveir fulltrúar fóru frá LF á aðalfund BÍL í byrjun maí sem að þessu sinni var haldinn í Sveinbjarnargerði við Eyjafjörð.

Í maímánuði fengum við góðan gest frá Noregi, þótt danskur væri. Hann var að kynna sér starf áhugaleikfélaga og tók LF á móti honum og fræddi um starfsemi sína, sögu félagsins og aðstöðu. Félagar fjölmenntu á loka-sýningu Leikfélags Seyðisfjarðar á Blúndum og blásýru í endaðan maí og er það eitthvað sem vilji er til að halda áfram að gera, fara saman að sjá hvað félagar okkar á öðrum stöðum eru að bjástra við. Þetta teljum við geta aukið á samstarf og samhug milli félaga á svæðinu.

Þetta árið fór enginn frá leikfélaginu í leiklistarskóla Bandalagsins sem

var að hefja starfsemi sína á nýjum stað þetta árið; Húnavöllum.

Að loknum sumarleyfum hófst vinna við uppsetningu haustverksins, Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan. Leikstjórar voru heimamennirnir Einar Rafn Haraldsson og Freyja Kristjánsdóttir sem ekki voru að koma að leikstjórn í fyrsta sinn. Fyrst var áætlað að setja upp tvö styttri verk en ekki fengust nógu margir karlar í hlutverkin í þeim að þessu sinni. Fyrirhugað er að setja upp annað verkið nú í vor. Æfingar hófust í Sláturhúsinu því ekki tókust strax samningar við rekstraraðila Valaskjálfar um að leikfélagið fengi þar inni. Eftir að sveitarfélagið sagði upp samningi sínum við rekstraraðila var leikfélagið fengið til að sjá um húsið, þar til æfinga- og sýningatímabili lyki. Þetta fyrirkomulag hentaði leikfélaginu vel og áhorfendum virtist einnig líka þetta vel. Frumsýnt var þann 12. nóvember og var verkið sýnt á 9 sýningum. Alls voru áhorfendur 645.

Fyrir jólin var leikfélagið tvisvar sinnum með jólastundir á Bókakaffi Hlöðum, annað skiptið hugsað sérstaklega fyrir börnin en hitt fyrir fullorðna. Félagar voru með ljóðalestur, uppistand og litla leikþætti. Viðtökur voru ágætтар og er horft á framhald slíkra skemmtikvölda í samstarfi við Bókakaffi á vormánuðum.

Grýla, jólasveinar og jólakötturinn mættu í Safnahúsið fyrir jólin til að skemmta börnum en eins og gömlu jólasveinanna er von og vísa gekk mikið á.

Á þessu ári hefur verið unnið að skipulagningu og tiltekt á búningaloftri undir stjórn umsjónarmanns þess, Fjólu Egedíu. Húsnæðismál félagsins hafa verið ótrygg mörg undanfarin ár og þessi geymsla það eina fasta sem félagið hafði. Nú hillir undir breytingar á því með föstum samningi við nýjan rekstraraðila félagsheimilisins okkar. Leikfélagið er nokkuð vel státt með ljósabúnað en orðið er brýnt að fjárfesta í hljóðbúnaði sem nýtist félaginu næstu árin.

Í samvinnu við Hrafnkelsdalsfélagið er verið að vinna handrit til sýningar eða leiklesturs á Hrafnkelsdeginum sem þeir hafa undanfarið verið með í samvinnu við leikara að sunnan. Fagna má því að slík vinna er komin í hendur heimamanna sem vel eru til þess fallnir.

Unnið hefur verið í því að færa mastera af eldri sýningum á DVD-diska og koma þeim í varanlega geymslu til heimildavörslu. Stjórnin vill að endingu þakka öllum sem lagt hafa hönd á plóg þetta árið; við erum það sem við gerum.

Fyrir hönd stjórnar,
Eygló Danielsdóttir, formaður

Leikfélag Hafnarfjarðar

Fúsi froskagleypir

Höfundur: Ole Lund Kirkegaard
Þýðing: Olga Guðrún Árnadóttir
Leikstjóri: Björk Jakobsdóttir
Þátttakendur: 28 Sýningar: 10 Áhorfendur: 1380

Mysingssamloka með sveppum

Höfundur: Jón St. Kristjánsson
Leikstjóri: Kristín Rós Birgisdóttir
Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 90

Tortímandinn

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 50

Lifðu drauminn

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
Leikstjóri: Halldór Magnússon
Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 50



Fúsi froskagleypir



Mysingssamløka með sveppum

Fundur

Höfundur: Halldór Magnússon

Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Þátttakendur: 3

Sýningar: 1

Áhorfendur: 50

Starf Leikfélags Hafnarfjarðar á leikárinu litaðist nokkuð af flutningum í Gaflaraleikhúsið í nóvember 2010. Starfsemin var ekki mikil um sumarið og haustið 2010 en þó styrkti félagið tvo félaga til uppsetningar á verkinu Ómynd sem sýnt var á Artfart listahátíðinni og var með námskeið fyrir börn um sumarið. Strax á aðventunni tók félagið síðan þátt í jólaþorpínu í Hafnarfirði með skemmtilegum uppákomum nokkurra félaga.

Um áramótin fór svo í gang námskeið fyrir börn og unglínga í samstarfi við Gaflaraleikhúsið undir stjórn Bjarkar Jakobsdóttur. Þau gengu mjög vel og var mikið stuð í hópunum. Einnig var námskeið fyrir fullorðna í apríl undir stjórn Bjarkar og Gunnars Helgasonar.

Í janúar hófust æfingar á verkinu Fúsa Froskagleypi í leikstjórn Bjarkar og var það frumsýnt í byrjun apríl. Aðsókn var mjög góð og þurfti félagið því miður að hætta sýningum í byrjun maí. Félagið tók einnig þátt í einþáttingahátíð BÍL í Mosfellsbæ í lok apríl með þremur verkum; Lifðu drauminn eftir Gísli Björn Heimisson, Tortímandanum eftir Guðmund L. Þorvaldsson og Fundinum eftir Halldór Magnússon. Unglingdeild leikfélagsins sýndi síðan verkið Mysingssamløka með sveppum í lok maí í leikstjórn Kristínar Rósar Birgisdóttur.

Á afmæli félagsins þann 16. apríl fékk félagið góða heimsókn frá Færeyjum þegar leikfélagið Roynin frá Færeyjum sýndi verkið Havgird í leikstjórn Ágústu Skúladóttur.

Félagið áætlað að sýna Fúsa Froskagleypi í haust og halda áfram námskeiðahaldi fyrir börn og unglínga. Í byrjun árs 2012 verður síðan hafist handa við æfingar á nýju verki sem ekki hefur enn hlotið nafn. Leikstjóri að því er Gunnar B. Guðmundsson.

Félagar í Leikfélagi Hafnarfjarðar telja nú 42 og er um helmingur þeirra virkur.

Leikfélag Hofsóss

Stjórn félagsins skipa:

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður

Kristján Jónsson, ritari

Sigmundur Jón Jóhannesson, gjaldkeri

Helgi Thorarensen, meðstjórnandi

Svanhildur Harpa Kristinsdóttir, meðstjórnandi.

Leikfélag Hofsóss hélt sinn árlega aðalfund þann 12. desember 2010 og er óhætt að segja að þar hafi verið fámennst en góðmennt. Stjórn félagsins var endurkjörin og falið að huga að verkefnum komandi árs. Samkvæmt hefð undanfarinna ára átti verkefnalítið ár að vera framundan en það hefur verið stefna félagsins að setja aðeins upp sýningar annað hvert ár. Hins vegar var talsvert rætt um hvort ekki væri vert að brjóta þá hefð þar sem félagið á hundrað ára afmæli árið 2011 og var stjórn falið að taka ákvarðanir þar um.

Ekki var þó ráðið í uppsetningu í tilefni afmælisins og munu hátíðahöld biða betri tíma. Eina verkefni félagsins á leikárinu var hefðbundin þátttaka í Jónsmessuhátíð þar sem félagið sá um atriði á kvöldvöku.

Leikfélag Hornafjarðar

Leikfélag Hornafjarðar setti ekki upp á síðasta leikári og hélt hvorki aðalfund, námskeið né gerði nokkuð annað. Ástæðan fyrir þessu var fyrst og fremst sú að allir stjórnarmenn utan undirritaður fluttu af staðnum. En þetta stendur þó til bóta því áhugasamir aðilar haft samband við mig og vilja koma leikfélaginu af stað aftur eftir áramót svo vonandi verður frá meiru að segja í næsta ársriti.

Ingólfur Baldvinsson, gjaldkeri LH

Leikfélag Hólmavíkur

Með táning í tölvunni

Höfundur: Ray Cooney

Þýðing: Jón St. Kristjánsson

Leikstjóri: Arnar Snæberg Jónsson

Þátttakendur: 17 Sýningar: 9 Áhorfendur: 670

Jóladagatalið – útvarpsleikrit

Höfundur: Félagar úr Leikfélagi Hólmavíkur (samið 1991)

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 13 Útsending: 1 Útvarpsleikrit

Í stjórn Leikfélags Hólmavíkur sátu:

Kristín Sigurrós Einarsdóttir, formaður

Ingibjörg Sigurðardóttir, ritari

Salbjörg Engilbertsdóttir, gjaldkeri

Jónas Gylfason kom inn sem varamaður fyrir Ingibjörgu í nokkra mánuði.

Aðalfundur Leikfélags Hólmavíkur var haldinn 7. október. Þar fór fram hugarflug um verkefni vetrarins, sem stjórnin vann síðan úr. Á leikárinu 1. júní 2010 til 31. maí 2011 voru eftirfarandi verkefni hjá Leikfélagi Hólmavíkur:

Upplestur á Þjóðsögum á bæjarhátíðinni Hamingjudagar á Hólmavík.

Fjöldi hátíðargesta leit við og hlustaði á upplestur félaga úr leikfélaginu sem fram fór í gamla Fiskmarkaðnum á Hólmavík.

Útvarpsleikritið Jóladagatalið.

Leikrit sem samið var af nokkrum félögum úr leikfélagi Hólmavíkur árið 1991 og hefur tvisvar verið sett upp á sviði í samstarfi við Grunnskólann á Hólmavík, var að þessu sinni flutt í jólaútvarpi Vestfjarða.

Kvikmyndaleikur.

Nokkrir félagar út leikfélaginu sátu fyrir og tóku þátt í upptökum á kvikmynd í janúar. Kvikmyndatökukonan er frönsk, Clementine að nafni, og dvaldi í Skelinni, lista- og fræðimannaíbúð meðan hún var við upptökur á Ströndum.

Leiklistarnámskeið.

Góð þátttaka var á leiklistarnámskeiði sem leikfélagið hélt fyrir tvo mismunandi aldurshópa í janúar. Kennari var Smári Gunnarsson leikari, sem fæddur er og uppalinn á Hólmavík. Annað leiklistarnámskeið var haldið á vegum leikkonu sem einnig dvaldi í Skelinni. Það var fámennnt en góðmennt.

Einleikurinn Skjaldbakan.

Í ársbyrjun 2011 hófst vinna við einleikinn Skjaldbökuna, sem Smári Gunnarsson leikari semur og leikur. Leikstjóri er Árni Grétar Jóhannsson. Verkefnið er samstarfsverkefni Smára og Leikfélagsins og verður frumflutt á Hamingjudögum á Hólmavík í ár. Einnig verður það flutt á einleikjahátíðinni Act alone. Skjaldbakan hlaut myndarlegan styrk úr Menningarráði Vestfjarða.

30 ára afmæli LH.

Leikfélagið átti 30 ára afmæli 3. maí síðastliðinn. Engin formleg hátíðarhöld voru þann dag, en segja má að starfsemi leikársins og næsta leikárs verði með öflugra móti í tilefni afmælisins. Á haustdögum stendur til að fagna afmælinu með veglegri veislu og frumsýna um leið heimildarmynd um leikfélagið sem Arnar S. Jónsson vinnur að.

Með táning í tölvunni.

Í janúar hófust samlestrar á ýmsum leikritum og var þar farið yfir nokkuð víðan völl. Loks varð niðurstaðan sú að setja upp sprellfjörugan farsa, enda hefur starfsemi leikfélagsins síðustu 30 árin einkennst af försum og leikferðum og hefur það sýnt á yfir 50 stöðum á landinu í gegnum tíðina. Arnar S. Jónsson var ráðinn leikstjóri og er þetta þriðja sýningin sem hann leikstýrir hjá LH. Leikarar eru sjö og tíu til fimmtán manns hafa komið að vinnunni á bak við tjöldin. Fimm sýningar eru að baki á Hólma-



Með táning í tölvunni

vík og farin hefur verið leikferð um Vestfirði þar sem sýnt var á Patreksfirði, Bolungarvík og Súðavík. Menningarráð Vestfjarða styrkti leikferðina. Lokasýning verður í Árneshreppi 16. júní.

Auk áðurtalinna verkefna var unnið að praktískum verkefnum eins og tölvuskráningu handritasafns, sem telur í dag 202 titla og verið er að undirbúa varðveislu og skráningu myndbanda í eigu félagsins.



Að eilífu

Leikfélag Húsavíkur

Að eilífu

Höfundur: Árni Ibsen

Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson

Þátttakendur: 48

Sýningar: 17

Áhorfendur: 1336

Stjórn félagsins fram að aðalfundi var eftirfarandi:

Halla Rún Tryggvadóttir, formaður

Hjálmar Bogi Hafliðason, gjaldkeri

Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, ritari

Dóra Ármannsdóttir og Ingvar Björn Guðlaugsson, meðstjórnendur.

Eftir aðalfundinn, sem haldinn var 28. október 2010, urðu eftirtaldar breytingar: Halla Rún Tryggvadóttir gaf ekki kost á sér áfram og var Gunnar Jóhannsson kjörinn formaður í hennar stað, Ingvar Björn Guðlaugsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var Sólveig Jóna Skúladóttir kosin í hans stað. Aðrir sátu áfram.

Á leikárinu lánuðu nokkrir félagar LH raddir sínar á samvinnusýninguna í Safnahúsinu. Upptökur fóru fram í Samkomuhúsinu í júní. Mikið líf var í Samkomuhúsinu á árinu, því auk leiksýninga LH þá sýndu 10. bekkingar Borgarhólsskóla leikverk þar og Píramus og Þispa nýttu einnig húsið til sýninga. Stoppaleikhópurinn kom og sýndi Bólu-Hjálmar og þá kom einnig Kómedíuleikhúsið og sýndi Heilsugæsluna. Vinna við aðstöðuna á Höfðanum er eilífðarverkefni LH og er það hús orðið að miðstöð vinnu og fundahalda fyrir LH.

Leikverk þessa leikárs var leikritið Að eilífu eftir Árna Ibsen. Jón Stefán Kristjánsson tók að sér leikstjórn og hóf hann æfingar í byrjun nóvember. Leikritið var frumsýnt þann 20. janúar og sáu rúmlega 1300 manns sýninguna.

Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, ritari

Leikfélag Hveragerðis

Galdra Loftur

Höfundur: Jóhann Sigurjónsson

Leikstjórar: Kolbrún B. Sigfúsdóttir og Erlingur G. Einarsson

Þátttakendur: 13

Sýningar: 8

Áhorfendur: 251

Blessað barnalán

Höfundur: Kjartan Ragnarsson

Leikstjóri: Sigurður Blöndal

Þátttakendur: 11

Sýningar: 12

Áhorfendur: 622

Sumarstarf.

- Stuttur leikþáttur með börnum fluttur í Lystigarðinum.

- Leikarar úr Emil í Kattholti brugðu sér í Eden og fluttu þar nokkur lög fyrir mikinn fjölda fólks.

- Í ágúst fór fríður flokkur leikara, um 10 manns, og tók þátt í upptökum á kvikmyndinni Okkar eigin Osló og höfðu allir gaman af og mikil reynsla fyrir marga.

Haustönn.

- Fengum til liðs við okkur tvo leikstjóra að sunnan þau Erling Grétar Einarsson og Kolbrúnu Björt Sigfúsdóttur. Í samráði við þau var ákveðið að setja upp Galdra Loft eftir Jóhann Sigurjónsson. Skemmst er frá því að



Galdra Loftur

segja að enginn var nú gróðinn af þeirri uppfærslu heldur ljótur mínus. En huggun harmi gegn var að við fengum til liðs við okkur unga og mjög svo frambærilega leikara sem eiga eftir að verða okkur vonandi tekjulind í framtíðinni.

- Gerðum tilraun með að efla barna- og unglíngastarf innan félagsins í samstarfi við Leynileikhúsið, en því miður var þátttaka ekki næg. Reynum bara aftur síðar.

Jól.

- Jú jólasveinavertið gekk að vanda vel. Okkur grunar að einhver met hafi verið sett í magni pakka og þurftu þeir tveir sem hafa staðið í þessu undanfárin ár að kalla á liðsauka. Og fengu þrjá unga og spræka sveina ofan úr fjalli sem rumpuðu þessu af með hæfilegum látum.

Vorönn.

- Ákveðið var að fá fólk til að hlæja svolítið eftir áramót og var haft samband við stærðfræðikennarann góðkunna, Sigurð Blöndal, um leikstjórn. Í samráði við hann var ákveðið að setja upp Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson. Í stuttu máli sagt gekk sú uppfærsla eins og í sögu og margir hlógu dátt að tilþrifum leikfélagsmanna á sviðinu. Og eins og áður var þetta blanda af óreyndum og reyndum leikurum og unun var að fylgjast með nýliðunum okkar. Sama hvert lítið var innan sviðs sem utan þá var virkilega gaman að sjá hversu fólk var ákveðið að láta þetta ganga upp.

Annað.

- Ljósaborðinu okkar var stolið
- Nýtt ljósaborð keypt
- Tókum á tryggingamálum félagsins
- Uppþvottavélin hrundi
- Ný keypt
- Salerni máluð

*Guðmundur Erlingsson,
formaður*

Leikfélag Hörgdæla

Með fullri reisin

Höfundur: Terrence McNally

Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson

Leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson

Þátttakendur: 19 Sýningar: 30 Áhorfendur: 2800

Nú verður stiklað á stóru í starfi Leikfélags Hörgdæla á síðasta starfsári. Leikárið 2010–11 er á margan hátt sögulegt, sýningarmet og áhorfendamet slegin og sér ekki fyrir endann á því. Leikárið byrjaði á því að haldið var námskeið í svokölluðu leikhússporti og var það vel sótt. Umsjón með því hafði Jón Gunnar Þórðarson en leikfélagið hafði þá einnig ráðið hann til að leikstýra uppfærslu leikársins. Ákveðið var að setja upp leikritið Með fullri reisin í þýðingu Karls Ágústar Úlfssonar.

Þegar vinna hófst varð fljótt ljóst að lítið mál væri að staðfæra verkið og var það gert, að mestu af Jóni Gunnari leikstjóra en með góðri hjálp frá leikhópnum. Æfingar hófust í janúarbyrjun og frumsýnt var 3 mars, fyrir fullu húsi í leikhúsinu okkar á Melum. Óhætt er að segja að viðtökur við leiksýningu okkar hafi verið ótrúleg. Sýnt var 30 sinnum á rétt rúmlega 60 dögum þannig að sýnt var u.þ.b annan hvern dag. Uppselt var á allar sýningar og urðu áhorfendur um 2800. Vegna þessara frábæru viðtaka var ákveðið að taka leikritið aftur upp nú í haust.

Fljótlega eftir að leikritið var ákveðið kom upp sú hugmynd að gefa út dagatal með myndum af Hörgdælskum bændum, nöktum við ýmis, almenn sveitastörf. Einn besti ljósmyndari landsins, Ragnar Th Sigurðsson, tók myndirnar og útkomuna þekkjum við öll. Öllu þessu fylgdi talsverð umfjöllun í fjölmiðlum landsins, meiri en við eigum að venjast og nutum við klárlega góðs af því. Dagatalið sem við gáfum út hefur til dæmis verið sent um allan heim.



Blessað barnalán



Með fullri reisin

Leikfélagið átti að venju fulltrúa í árshátíðarnefnd og tveir félagar sátu aðalfund Bandalagsins sem haldinn var í Mosfellssbæ. Þrír félagar sóttu námskeið á árinu, einn í Bandalagsskólann og svo fóru tveir á tækninám-skeið. Í Hörgársveit hefur verið haldinn svokallaður sæludagur í sveitinni á laugardegi um verslunarmannahelgi og hafði leikfélagið nú í ár í fyrsta skipti beina aðkomu að þeim degi. Voru félagar úr leikfélaginu sem sáu um ljóðalestur á þrem stöðum í sveitarfélaginu. Í Fagraskógi voru lesin ljóð Davíðs Stefánssonar, á Hliðum voru lesin ljóð skáldkonunnar Huldu og í Jónasarlaug, þ.e. sundlaug sveitarinnar, var lesið úr verkum Jónasar Hallgrímssonar. Var gerður góður rómur að þessum gjörningum öllum. Leikfélagið tók einnig þátt í draugagöngu á Akureyri í tengslum við Akureyrarvöku. Eins og heyra má á þessu þá var síðastliðið leikár mjög gott fyrir okkur og vonandi verður ekkert stopp á þeim skriði sem leikfélagið er á.

Stjórn leikfélagsins var svo skipuð eftir síðasta aðalfund, Bernharð Arnarson, Axel Vatnsdal, Stefán Jónsson, Sigríður Svavarsdóttir og Helga Jónsdóttir. Í sumar sagði Helga Jónsdóttir sig úr stjórn og í hennar stað kom reynsluboltinn Fanney Valsdóttir. Helgu eru hér með þökkun góð störf.



Slappaðu af

Leikfélag Keflavíkur

Slappaðu af

Höfundur: Felix Bergsson

Leikstjóri: Valgeir Skagfjörð

Þátttakendur: 53 Sýningar: 11 Áhorfendur: 671

Bærinn bræðir úr sér

Höfundar: Gustav H. Haraldsson, Arnar I. Tryggvason og Breiðbandið

Leikstjóri: Helga Braga Jónsdóttir

Þátttakendur: 30 Sýningar: 11 Áhorfendur: 837

Daginn fyrir jól

Höfundar og leikstjórar: Arnór Sölvason og Jón Bjarni Ísaksson

Þátttakendur: 28 Sýningar: 5 Áhorfendur: 500



Bærinn bræðir úr sér

Leikárið 2010–2011 hefur verið viðburðaríkt og settum við upp þrjár frá-bærar sýningar ásamt því að taka þátt í fullt af verkefnum í bæjarfélaginu. Sumarið byrjaði með því að unglिंगadeildin tók að sér skemmtun fyrir 17. júní, þau sömdu leikrit með söng og fjöri sem þau sýndu. Unglingadeildin starfaði einnig yfir sumarið með reglulegum spunakvöldum. Á Ljósanótt var svo komið að Skessunum tveimur sem sáu um að kynna og unglिंगadeildin var með gjörning og fígúrir niðri bæ. Á þessum tíma tóku Arnór og Jón Bjarni alveg yfir til sín Unglingadeildina og keyrðu hana áfram, en nánar að því síðar.

Síðasta haust hafði nemendafélagið við Fjölbautarskólann á Suðurnesjum svo samband við okkur og spurði hvort við gætum ekki unnið saman og eftir nokkra fundi höfðum við ákveðið leikverk og leikstjóra. Slappaðu af eftir Felix Bergsson varð fyrir valinu og leikstjóri sýningarinnar var Valgeir Skagfjörð. Það má segja að vel hafi tekist til og var gaman að vinna með NFS-fólkinu. Sýningin gekk ágætlega, fáar sýningar en fjölmennt þó.

Um leið og þeirri sýningu var lokið, ákvað unglिंगadeildin að hafa jóla-sýningu sem þau sömdu sjálf. Arnór og Jón Bjarni fóru fyrir leikstjórn og var ein sýning ákveðin. Eftir fimm fullar sýningar þurftum við að hætta þar sem komið var að jólum. En gjaldkeranum til ómældrar ánægju var ákveðið að bjóða fólki frítt á þessa sýningu og grét hann sig í svefn eftir það, en sýningin kom út í mínus vegna þess að bílfarmar af piparkökum og djús fylgdu með.

Á sama tíma byrjaði stjórnin að hitta Breiðbandið og Helgu Brögu en þá hafði verið tekið ákvörðun um að sýna revíu og var fyrsti brainstormfundurinn haldinn. Í janúar var handritið til og samlestur byrjaði. Sýningin var í leikstjórn Helgu Brögu og samin af Breiðbandinu, Gustav og Arnari Inga. Við frumsýmdum svo í mars og gekk vel og aftur voru fáar sýningar en fjölmennt. Heyra mátti á umtali í bænum að þetta hafi eflaust verið ein af grófari revíunum en skemmtileg þó.

Á sama tíma var unglíngadeildin, með Arnór og Jón Bjarna í fararbroddi, út um allan bæ að sjá um skemmtanir, en þau tóku þátt í listahátíð barnanna, opnum degi á Ásbrú, fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar og sumardeginum fyrsta. Eflaust er ég að gleyma einhverju. Starfsemi unglíngadeildarinnar var komin í fullan gang og nú höfðu þeir bætt við sig liði, Arnar Már og Elvar, „Stubburinn frá Dalvík“, voru nú með. Enn keyrir unglíngadeildin áfram og gerir sig klára í 17. júní.

Leikfélagið hefur einnig farið fram á það við Reykjanesbæ að samningur um húsnæðið verði lengdur um fjögur ár svo hægt sé að leggja pening í nauðsynlega vinnu í húsinu og eru samningar við það að nást. Við munum vinna í húsinu í sumar og hvet ég alla til að taka þátt í þeirri vinnu, fylgist með á Facebook.

Það má sjá á leikárinu að færri komu í leikhús en áætlað var, og tel ég það stóra verkefni nýrrar stjórnar að finna leið til að fá fólk aftur í leikhúsið. En framtíðin er björt hjá leikfélaginu, með áframhaldandi styrkingu á starfsemi og unglíngadeildinni. Ég og stjórnin þökkum fyrir skemmtilegt leikár og vonumst til að halda áfram að gera leikhúsið okkar að okkar stolti.

Að lokum vil ég persónulega þakka tveimur aðilum sem eru nú að hætta í stjórn og leggja land undir fót. Arnar Ingi og Halla Karen hafa unnið frábært starf í leikhúsinu og verður þeirra sárt saknað og get ég fyrir mitt leyti sagt að ég bíð spennur eftir að þau komi til baka. Góða ferð og takk fyrir alla vinnuna, fjörið, gleðina og gangi ykkur vel.

Leikfélag Kópavogs

Beðið eftir græna kallinum

Höfundur: Gríma Kristjánsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Gríma Kristjánsdóttir

Þátttakendur: 6 Sýningar: 6 Áhorfendur: 195

Bót og betrun

Höfundur: Michael Cooney

Þýðing: Hörður Sigurðarson

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Þátttakendur: 10 Sýningar: 11 Áhorfendur: 509

Enn eitt leikárið er að baki. Það hófst fyrr en venjulega þar sem sýningin Umbúðalaust var valin til að vera opnunarsýningin á NEATA-leiklistarhátíðinni á Akureyri í ágúst á síðasta ári. Ekki aðeins var það heiður fyrir okkur að opna hátíðina heldur vorum við ekki síður stolt af því að vera fyrsta opinbera sýningin í hinu nýja og stórglæsilega menningarsetri Norðlendinga, Hofi. Sýningunni fyrir norðan var ákaflega vel tekið og okkar fólk var til sóma á allan hátt, á sviði sem utan þess. Gagnrýnendur luku lofsorði á Umbúðalaust og mál manna að sýningin hefði sómt sér vel sem opunar-sýning hátíðarinnar.

Unglíngadeildin okkar hóf störf í september undir stjórn Grímu Kristjánsdóttur. Eftir stutt og snarpt námskeið þar sem farið var í grunnatriði hóp-vinnu í leikhúsi hóf fríður hópur 6 unglínga, æfingar á nýju frumsömdu verki. Það hlaut nafnið Beðið eftir græna kallinum og var þemað græðgi og undirferli. Það verður að segjast að leikstjóra og hóp tókst einstaklega vel upp og áhorfendur sáu áhrifamikla og skýra sögu með einföldum og sterkum boðskap sem krydduð var dágóðum skammti af húmor. Unglíngarnir lögðu einnig land undir fót og fóru í leikferð austur á Sólheima í jólamánuðinum og sýndu eina sýningu þar. Var þeim vel tekið af íbúum og gestum staðarins. Stjórn hefur þegar átt viðræður við Grímu um framhald á starfi hennar með Unglíngadeild og er allar líkur á að hún taki til óspilltra unglínganna þegar kemur fram á haust.

Stóra verkefni leikársins var farsinn Bót og betrun eftir Michael Cooney. Var þar um að ræða Íslandsfrumsýningu á farsanum sem var þýddur fyrir uppsetninguna af Herði Sigurðarsyni sem einnig sá um leikstjórn. Tíu manna leikhópur hóf æfingar um miðjan janúar og frumsýnt var 11. mars. Sýningunni var afar vel tekið af áhorfendum og aðsókn mjög góð fyrstu átta sýningarnar. Því miður þurfti að gera hlé á sýningum í lok mars þar



Daginn fyrir jól



Beðið eftir græna kallinum



Bót og betrun

sem Leikfélag Nemendafélags MK fékk húsið þá til umráða. Það verður að segjast að tímasetningin var okkur mjög óhagstæð. Mjög góður gangur var kominn í miðasölu og sýningin hafði greinilega spurst vel út. Þrjár aukasýningar voru í byrjun maí þegar við fengum húsið aftur til umráða en ekki reyndist unnt að sýna oftart vegna tímaleysis ýmissa þátttakenda enda hafði leikhópurinn þá verið að í langan tíma. Leikmynd Bót og betrun sem var nokkuð viðamikil og lýsing var í umsjá félaga okkar í fjöllistahópnum Norðanbáli og skiluðu þeir góðu verki. Leikhópurinn sá um búninga og leikmuni og ýmsir aðrir félagsmenn lögðu einnig hönd á plóginn.

Það er ljóst að félagið varð af allnokkrum tekjum vegna komu MK-inga í leikhúsið þó ekki væri við þá að sakast í þeim efnum. Þá varð vera skólans í húsinu einnig til þess að Kvikmyndaskóli Íslands sem hefur verið reglulegur leigjandi í húsinu varð að leita annað með vorverkefni sitt og urðum við þar einnig af húsaleigutekjum. Hinsvegar verður að geta þess að mikil umbreyting varð á veru Menntskælinga í húsinu. Eftir erfiðar samvistir og slæma umgengni undanfarin ár brá svo við að þeir voru til fyrirmyndar í umgengni og samneyti. Það má að mestu ef ekki öllu leyti rekja til þess að í fyrsta sinn var skipaður fulltrúi frá skólanum sem sýndi mikið og gott aðhald og var í góðum samskiptum við okkur. Stjórn hefur nú ritað bréf sem ætlunin er að senda til yfirmanna skólans þar sem þakkað er fyrir samstarfið og ánægju lýst með þau umskipti sem orðið hafa.

Eins og áður sagði þurfti Kvikmyndaskólinn að leita annað með vorverkefni sitt en þau höfðu húsið hinsvegar á leigu í desember eins og undanfarin ár. Samstarf við skólann er með miklum ágætum og vonandi að framhald verði á því. Af öðrum verkefnum má nefna að um áramót var haldið hið árlega Stjörnuljósakvöld þar sem félagar komu saman og skemmtu sér og hver öðrum með ýmsu móti. Þá sýna nokkrir félagar nú stutta dagskrá örleikrita í tengslum við aðalfund.

Götuleikhúsið sem er á vegum Vinnuskóla Kópavogs hafði aðstöðu í húsinu á tímabilinu júní–júlí á síðasta ári eins og kveðið er á um samkvæmt samningi félagsins við bæinn. Samstarfið við Götuleikhúsið hefur gengið vel enda hafa báðir aðilar lagt sig fram um að allt gangi vel fyrir sig.

Enn standa yfir framkvæmdir í leikhúsinu og hefur það hægt og bítandi verið að taka á sig endanlegt útlit. M.a. er búið að koma hitakerfi hússins í betra lag, salerni fyrir fatlaða hefur verið tekið í notkun og ræstikompa og geymsla fyrir verkfæri og ýmsan búnað tekin í gagnið. Tækjabúnaður hefur verið eflidur og við erum nú betur í stakk búin til að taka á móti utanaðkomandi hópum sem vilja nýta húsið til sýninga. Sitthvað er ógert enn en við getum loks kinnroðalaust boðið fram húsið sem fullbúið hús til leiksýninga og annarra uppákoma.

Stóra áskorun okkar á komandi misserum er að stækka kjarnann í félaginu og tryggja æskilega nýliðun. Það sem helst stendur okkur fyrir þrifum er mannfæð og stjórn hefur þegar rætt leiðir til að bæta úr því. Við horfum björtum augum fram á veginn nú þegar við leggjumst í okkar sumardvala og hlökkum til spennandi nýrra verkefna á næsta leikári.

Fyrir hönd stjórnar
Hörður Sigurðarson

Leikfélag Mosfellssveitar

Fríða og dýrið

Höfundur: Gabrielle Suzanne Barbot de Villeninuive
Þýðing: Bjarney Lúðvíksdóttir
Leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Agnes Þ. Wild
Þátttakendur: 17 Sýningar: 2 Áhorfendur: 160

Draugasögur úr sveitinni

Höfundur og leikstjóri: Birgir Sigurðsson
Þátttakendur: 10 Sýningar: 1 Áhorfendur: 25

Lísa í Undralandi

Höfundur: Lewis Caroll og Agnes Þ. Wild
Leikstjórar: Agnes Þ. Wild og Sigrún Harðardóttir
Þátttakendur: 57 Sýningar: 5 Áhorfendur: 490



Allskonar Elvis

Ávaxtakarfan

Höfundur: Kristlaug María Sigurðardóttir
Leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Halldór Sveinsson
Þátttakendur: 16 Sýningar: 2 Áhorfendur: 150

Porri og Pura, jólin nálgast

Höfundar og leikstjórar: Agnes P. Wild og Sigrún Harðardóttir
Þátttakendur: 2 Sýningar: 1 Áhorfendur: 124

Allskonar Elvis

Höfundar: María Guðmundsdóttir og Ingrid Jónsdóttir
Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir
Þátttakendur: 55 Sýningar: 9 Áhorfendur: 900

Ævintýrin gerast enn

Höfundur: María Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Ólöf Þórðardóttir
Þátttakendur: 14 Sýningar: 3 Áhorfendur: 75

Stjórn félagsins er svo skipuð:

Ólöf A. Þórðardóttir, formaður

Dóra G. Wild, varaformaður

Brynhildur Sveinsdóttir, gjaldkeri

Eva Björg Harðardóttir, ritari

Hrefna Vestmann

Guðrún Esther Árnadóttir

Elva Hlín Harðardóttir

María Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

Námskeið

Leikárið hófst að venju með námskeiðshaldi fyrir börn og unglinga og voru einnig haldin námskeið að vetri til fyrir börn. Aftur var haldið Stubbanámskeið fyrir 4–5 ára þar sem vel gekk árið áður og er þetta vonandi komið til að vera. Námskeiðin enduðu öll með misstórum sýningum eins og Fríðu og dýrinu og Ávaxtakörfunni auk fjölda frumsaminnna leikrita. Leiðbeinendur voru Agnes Þorkelsdóttir Wild, Sigrún Harðardóttir og Elísabet Skagfjörð. Smink- og búninganámskeið var einnig haldið í umsjón Evu B. Harðardóttur.

Sýningar

Lokaverkefni unglinganna sl. leikár var söngleikurinn Lísa í Undralandi. Alls voru þátttakendur yfir 40. Að hausti var frumsýnt frumsamið barnaleikrit sem var samansett af stuttum leikþáttum og kallað var Ævintýri gerast enn. Leikstjórn var í höndum Ólafar Þórðardóttur. Einnig var í sýningunni lifandi tónlist og glæsilegir búningar, saumaðir undir stjórn Evu Bjarkar Harðardóttur. Í desember var sýningin Porri og Pura, jólin nálgast sýnd en hún var fyrir börn á öllum aldri.

Allskonar Elvis var frumsýnt í febrúar og var fjöldi þátttakenda á fimmta tug. Á sýningunni var lifandi tónlistarflutningur í höndum hljómsveitarinnar 66. Á sýningunni komu einnig „gestaleikarar“ sem fluttu atriði og voru þar m.a.: Soffía Karlsdóttir söngkona, Íris Hólm söngkona, Bjarni töframaður og Stefán Helgi Stefánsson óperusöngvari, danspör og Tindatríó tók þátt í öllum sýningum. Leikstjórn var í höndum Ingridar Jónsdóttur.

Árlegir viðburðir og annað

- Sumardagurinn fyrsti – ekkert gert þar sem daginn bar upp á Skírdag.
- Listavor á bókasafninu – félagið tók þátt í því í samvinnu við Tindatríó annað árið í röð og voru fluttir stuttir frumsamdir leikþættir um draugagang í sveitinni þar sem tvinnuð voru „draugalög“ inn í.
- 17. júní – að venju sáum við um að kynna á setningu uppi á Torgi. Leikfélagið var einnig með tvo stutta leikþætti og söng lög úr Emil í Kattholti.
- Kveikt á jólatrénu – fjöldi jólasveina og hyski á þeirra vegum sáu um skemmtun við þennan viðburð og dansa í kringum tréð.
- Þrettándinn – fjölmennasta verkefni okkar árlega og alltaf fjölgar í leikhópnum sem tekur þátt í þessu. Tröllabörn, álfar, jólasveinar, Grýla og Leppalúði létu sig ekki vanta þetta árið. Álfadrottningin var Brynhildur Sveinsdóttir þriðja árið í röð.
- Í túninu heima – að venju var leikfélagið með bás og þetta árið vorum við með myndaalbúm allt frá upphafi félagsins enda er LM 35 ára á þessu ári og var boðið í afmæli í básnum.



Lísa í Undralandi



Porri og Pura, jólin nálgast



Ævintýrin gerast enn

- Leiklistarskóli Bandalagsins – félagið átti einn þátttakanda þetta árið.
- Dagur listaskólans – vorum með opið hús og notuðum að venju tækifæri til að laga til og koma búningum fyrir í nýja aðstöðu.
- Aðalfundur BÍL – var í umsjón LM, haldinn í Mosó og tókst með ágætum.



Leika, alltaf leika

Leikfélag Ólafsfjarðar

Leika, alltaf leika

Höfundur: Guðmundur Ólafsson o.fl.

Leikstjóri: Guðmundur Ólafsson

Þátttakendur: 17

Sýningar: 6

Áhorfendur: 576

Samþykkt var á fundi félagsins að ráða Guðmund Ólafsson til að leikstýra á fimmtíu ára afmæli félagsins. Ákveðið var að líta yfir farinn veg og taka senur úr hinum og þessum verkum sem félagið hefur sett á fjalirnar. Tók Guðmundur að sér það mikla verk að velja og raða saman senum sem tengdar voru saman með upplestri milli atriða. En í upplestrinum var farið yfir önnur verk sem ekki komust fyrir í sýningunni og blandað inn í skemmtilegum sögum af óvæntum uppákomum sem fylgja hverri sýningu. Úr þessu varð hin mesta skemmtun þar sem blandað var inni gamni, alvöru, söng og dansi.

Margir voru að stíga sín fyrstu skref á sviði og aðrir að koma til baka eftir langan tíma. En þegar Gummi Fjólu tekur að sér að leikstýra hjá okkur vilja allir vera með. Og oftast en ekki hefur hann búið til atriði svo allir þeir sem vilja leika fá eitthvað að gera. Guðmundur ákvað að taka fyrir eina góða senu úr Draumi á Jónsmessunótt sem oftast er sleppt. Var fyrri parturinn leikinn í byrjun sýningar og endað á seinni hlutanum. En hún fjallar um nokkra áhugaleikara sem eru að æfa sýningu fyrir aðalsmann nokkurn í grenndinni. Fyrri parturinn er æfingin og seinni parturinn sjálf sýningin og auðvitað voru bara karlmenn í þessari senu því á þessum tíma þegar verkið er skrifað seint á fimmtánda öld af Shakespeare fengu bara karlmenn að leika. Vakti þetta mikla lukku og var mikið hlegið. Var þetta flottur endir á frábærri fimmtíu ára afmælis-sýningu Leikfélags Ólafsfjarðar. Færum við Guðmundi kærar þakkir fyrir hans miklu vinnu við uppsetningu þessarar sýningar.

Þuríður Sigmundsdóttir

Leikfélag Ólafsvíkur

Á svið!

Höfundur: Rick Abbot

Pýðing: Guðjón Ólafsson

Leikstjóri: Gunnsteinn Sigurðsson

Þátttakendur: 25

Sýningar: 2

Áhorfendur: 169

Leikfélag Patreksfjarðar

Aðalfundur var haldinn mánudaginn 12. október 2010 og var boðið upp á grænmetissúpu. Ágætis mæting var.

Djúpið – einleikur með Ingvari E. Sigurðssyni – föstudaginn 16. október 2009. LP sá um að setja upp auglýsingar, taka á móti pöntunum og selja miða. Fengum smá pening fyrir það.

Námskeið í gervum/förðun og búningum var haldið miðvikudaginn 21. október 2009 og fór Sólveig Ásta Jóhannsdóttir á það á vegum LP.

Leynivínavíka hófst 5. desember 2009. Þátttakendur skráðu sig hjá Fanneyju í Sælukjallaranum. Gekk vel og fólk var duglegt að skrá sig. Uppskeruhátíð þann 19. desember var haldin í Skjaldborg.

Karóki-spurningakeppni. Stjörnukvöld voru haldin og gekk það yfirleitt mjög vel. Hagnaður af þeim er 551.707 kr. 1. maí var úrslitakeppni, annars voru þetta fjögur kvöld. Mikil vinna og mikill kostnaður.

1. maí var skemmtun í Félagsheimili Patreksfjarðar á vegum eiganda þess og komum við að því með því að baka kökur o.fl.

Bréf var sent á Vesturbyggð til að kanna vilja sveitarfélagsins til þess að LP fái varanlega aðstöðu fyrir félagið í Skjaldborg. Fengum við bréf þess efnis að Vesturbyggð hefði samþykkt það og formanni falið að hafa samband við bæjarstjóra um frekari tilhögun. Kanna á möguleika á styrkjum.

Aftur átti að halda Stjörnukvöld þó með öðrum formerkjum því ekki var um söngkeppni að ræða heldur einungis spurningakeppni. Ekki skráðu sig nema þrjú lið og var því ekki hægt að halda keppnina. Einhverjir vildu meina að nafnið hefði fælt frá en okkur í stjórninni fannst það ansi fráleitt að ekki mætti vera með „að okkar mati skemmtilegan húmor“ í keppni sem leikfélagið héldi. Við þurfum að upphugsa aðra leið til fjáröflunar fyrir húsnæði.

Heimasíða LP. Ekkert hefur verið gert í henni ennþá. Spurning um að fá manneskju í verkið og borga fyrir því þetta er mikil vinna. Þarf að skrá sögu félagsins um leið. Fullt af gögnum fundust í Skjaldborg þegar tekið var til þar og allt dót flutt upp í sláturhús. Gott að hafa það þar á meðan kjallarinn í Skjaldborg er tekinn í gegn. Þarf að fara á fullt til að fá styrki til að koma yfir okkur húsnæði.

Halldóra Björnsdóttir leikkona var búin að samþykkja að leikstýra verki hér í vetur en eins og allir vita er hún nú flutt og því varð ekki úr því. En við erum svo heppin að leikkonur virðast lenda hér á Patreksfirði í stríðum straumum og önnur leikkona sem á hús hér og dvelur hér annað slagð búin að bjóða fram krafta sína. Sú heitir Ingrid Jónsdóttir og mun hún leikstýra verki hér eftir áramót. Hún hefur nú þegar sent mér tvö handrit og er verkefni næstu stjórnar að ákveða hvort verkið verður æft. Æfingar byrja að öllum líkindum í janúar–febrúar 2011.

Við sjáum þegar við skráum allt þetta niður að ýmislegt hefur verið gert og það er vel. Fundir hafa verið haldnir nokkuð reglulega og eru ýmsar hugmyndir í gangi og vonandi mun næsta starfsár verða litríkt og verkefni mörg. Leikfélag er að okkar mati nauðsynlegt í bæjarfélagi sem þessu til að efla menningu og auðga lífsgildi. Til þess að leikfélagið geti dafnað og blómstrað er þátttaka í ýmsum verkefnum nauðsynleg. Þegar fáir félagar eru vill vinnan oft lenda á sama fólkinu og fólk brennur út í svona félagsstarfi. Því hvetjum við sem flesta til að taka þátt og fá fólk með sér til starfa því margar hendur vinna létt verk eins og hefur oft sýnt sig í starfi LP, því ekki má gleyma því að mjög margir koma að starfi leikfélagsins og er það hér með þakkað af alhug. Mjög nauðsynlegt er að við förum að fá varanlegt húsnæði. Varðar framtíð félagsins að mínu mati.

Leikfélag Rangæinga

Jól hjá Glætunni

Höfundur: Leikhópurinn

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Þátttakendur: 21 Sýningar: 2 Áhorfendur: 163

Pyrnirós

Höfundur: Gústaf Óskarsson

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Þátttakendur: 20 Sýningar: 2 Áhorfendur: 186

Leikfélag Rangæinga setti ekki upp neitt leikverk á síðasta leikári (2010–2011) þar sem ekki hafðist að manna þau verk sem hugmyndin var að setja upp. Gerð var tilraun með að hafa leiklistarnámskeið fyrir fulloröna en engin þátttaka var og var horfið frá því.

En ungliðastarf Leikfélagsins leikárið 2010–2011 var með hefðbundnum hætti síðastliðin leikár. Leiklistaræfingar voru einu sinni í viku allan veturinn og settar upp tvær sýningar, ein fyrir jól og ein eftir. Fyrir jól settum við upp sýningu sem við nefndum Jól hjá Glætunni, samið af leikhópnum og leikstjóra. 24 tóku þátt í sýningunni og var aðsókn góð. Í lok sýningartíma var ákveðið að fara til Vestmannaeyja og heimsækja leikfélagið þar og sjá

sýningu þeirra „Konungur ljónanna“. Alls fóru 59 manns héðan frá Hvals- velli í þessa ferð og var mikil ánægja með ferðina. Sýningin frábær, Herj- ólfur hagaði sér vel og allir í sólskinsskapi.

Eftir jól var sett upp leikritið Þyrnirós í leikgerð nemenda í Drangnesskóla. 22 tóku þátt í sýningunni og sýnt fyrir fullu húsi. Leiðbeinandi og leikstjóri sýninga leikársins var Margrét Tryggvadóttir.



Stríðið okkar

Leikfélag Reyðarfjarðar

Stríðið okkar

Höfundur og leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Þátttakendur: 51

Sýningar: 3

Áhorfendur: 320

Stjórn Leikfélags Reyðarfjarðar skipa:

Gunnar Ragnar Jónsson, formaður

Vigdís Þorgerður Hallgrímsdóttir, varaformaður

Þórður Vilberg Guðmundsson, gjaldkeri

Guðmundur Y. Hraunfjörð, meðstjórnandi

Thelma Rún Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Jón Páll Helgason, varastjórn

Gerður Rún Rúnarsdóttir, varastjórn

Í febrúar árið 2010 kom upp sú hugmynd að leikfélagið gengi til samstarfs við kirkjukór Reyðarfjarðarkirkju og danshópin Rigmor Hansen um gerð skemmtidagskrár vegna þess að 70 ár voru liðin frá hernámi Breta á Reyðarfirði. Ákveðið var að taka þátt í þessu, og gengið til samninga við Ármann Guðmundsson um að skrifa söngleik og leikstýra verkinu um sumarið.

Júní

Þann 1. júní hófst stutt en strangt æfingafæri fyrir verkið og í stuttu máli sagt gekk þetta allt saman vonum frammar og frumsýnt var á sjálfan afmæli- isdaginn, 1. júlí og þrjár sýningar sýndar. Ekki verður þó framhjá því litið að það er ekkert áhlaupaverk að setja upp stykki sem þetta, enda saman kominn stór hópur fólks, 24 leikarar, 30 manna kór og 8 dansarar. En allt saman tókst þetta með sameiginlegu átaki þeirra er að þessu komu. Hér er þó sennilega rétt að þakka sérstaklega Fjarðabyggð fyrir ýmiskonar aðstoð, þar á meðal húsnæði, prentun, leikmuni o.fl. Sýningin tókst með miklum ágætum og viðtökur voru gífurlega góðar. Sýninguna sáu um 300 manns og var það frammar okkar björtustu vonum!

September

Brot úr verkinu Stríðið okkar var að beiðni sveitarfélagsins Fjarðabyggðar sett upp á Stríðsárasafninu á Reyðarfirði og sýnt fyrir stjórnendur tónlist- arskóla á Íslandi. Var það upphafið að stærra þróunarverkefni í samvinnu leikfélagsins og Stríðsárasafnsins á Reyðarfirði sem að hefst með leiksýn- ingu 1. júlí nk.

Október

Brot úr verkinu Stríðið okkar var sett upp á Stríðsárasafninu á Reyðarfirði í tilefni landsfundar Roundtable á Íslandi.

Nóvember

Frumsamin leikgerð af þjóðsögunni um Áreyjarskottu var sett upp á Stríðsárasafni í tilefni af Dögum myrkurs.

Desember

Leikfélag Reyðarfjarðar útvegaði jólasveina við tendrun jólaljósa á Reyðar- firði að beiðni Fjarðabyggðar. Einnig stóð leikfélagið fyrir dagskrá fyrir eldri borgara á Reyðarfirði þar sem að Aðventa Gunnars Gunnarssonar var lesin upp í tvennu lagi. Þá kom Leikfélagið að tískusýningu í Fjarðaportinu á Reyðarfirði í samstarfi við Hjálpræðisherinn í Fjarðabyggð. Var sýningin haldin til styrktar jólasjóði Fjarðabyggðar, Rauða krossins og kirkjunnar.

Janúar

Leikfélagið stóð fyrir leiklistarnámskeiði fyrir félagsmenn þar sem farið var í grunnatriði rýmispplifunar og spuna auk þess sem gerðar voru minnis-

æfingar og traustsæfingar.

Febrúar

Einn stjórnarmeðlima, Guðmundur Y. Hraunfjörð, nýtti reynslu sína og menntun á leikstjórnarnámskeiðum þegar að hann veitti hópi á vegum STARFA tilsögn. Þá starfar Guðmundur einnig að Þjóðleiksverkefninu en þar leikstýrir hann hópi grunnskólanema við Grunnskóla Reyðarfjarðar.

Apríl

Tekinn var dagur í að koma skikki á leikmunageymslu.

Maí

Mánuðurinn var nýttur til skrifa á leikriti sem að verður frumsýnt 1. júlí. Er um að ræða leikrit sem að formaður og gjaldkeri hafa skrifað og tengist sögulegum arfi Reyðarfjarðar tengdum hernáminu. Á sama tíma munu félagar í leikfélaginu klæða sig upp, fara um þorpið og glæða það hernámsanda. Um samstæð verk er að ræða en það verður brotið upp og einstaka þættir þess settir upp inni á Stríðsárasafni fyrir smærri og stærri hópa en verið er að vinna í því að slíkt yrði hluti af dagskrá sýniferða skemmtiferðaskipa.

F.h. stjórnar

Gunnar Ragnar Jónsson

Leikfélag Sauðárkróks

Jón Oddur og Jón Bjarni

Höfundur: Guðrún Helgadóttir

Leikstjórar: Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir og Stefán Friðrik Friðriksson

Þátttakendur: 50 Sýningar: 11 Áhorfendur: 865

Svefnlausir brúðguminn

Höfundur: Arnold og Bach

Þýðing: Sverrir Haraldsson

Leikstjóri: Jakob S. Jónsson

Þátttakendur: 35 Sýningar: 11 Áhorfendur: 900

Leikárinu 2009–2010 lauk á aðalfundi 7. júní 2010 að viðbættum framhaldsaðalfundi sem haldinn var 14. júní 2010. LS var með brúðuleikhúsi í umsjón Rakelar Rögnvaldsdóttur á 17. júní skemmtun á Sauðárkróki og á Jónsmessuhátíð á Hofsósi helgina eftir. Það gekk mjög vel og fékk góðar viðtökur. Fyrir Lummudagana tóku dugnaðarforkar sig til og var Leikborg máluð að utan og einnig var byrjað að taka húsið í gegn innan dyra. LS tók þátt í Lummudögum 2010 með brúðuleikhúsi og andlitsmálningu, en eftir það var komið að smá sumarfríi. Mikið hefur verið um lán á búningum til einstaklinga og jafnvel húsgagna t.d á tónlistarhátíðinni Gærinni 2010. Heiðurinn af þeirri vinnu á Sigrún Heiða búningavörður.

12. september var svo boðað til fyrsta fundar fyrir haustverkefnið sem var barna- og fjölskylduleikritið Jón Oddur og Jón Bjarni í leikstjórn Stefáns Friðriks Friðrikssonar og Sigurlaugar Vordísar Eysteinsdóttur. 13. september var fyrsti leiklestur og hópefli en æfingar hófust ekki að fullum krafti fyrr en 21. september sökum þess hversu illa gekk að fá karlmenn til að leika. Það gekk þó allt upp að lokum og var leikritið Jón Oddur og Jón Bjarni frumsýnt 31. október. Leikritið var sýnt 11 sinnum í Bifröst og alls komu 865 áhorfendur. Leikritið fékk góða dóma. Þess má geta að LS hélt upp á það í haust að hafa sýnt barnaleikrit samfleytt í 10 ár og var að því tilefni ákveðið að lækka miðaverð niður í aðeins 1000 kr. Æfingar og sýningar gengu vel og lauk með því að hópurinn horfði á upptöku af sýningunni í Bifröst. Eftir það var farið í Leikborg þar sem Hanna Bryndís Þórisdóttir var búin að elda veislumat ofan í allt liðið! Vert er að þakka öllum sem komu að sýningunni.

17. október fóru gamla og nýja stjórnin í skemmtiferð til Akureyrar í boði LS sem þakkætisvott fyrir vel unnin störf. Borðað var á Strikinu og svo farið í Hof að sjá Rocky Horror. Var sú ferð afar vel lukkuð. Þessi liður var viljandi færður frá júníbyrjun fram í október þar sem sýningar á Rocky Horror voru á haustdögum og var biðin alveg þess virði.



Jón Oddur og Jón Bjarni



Svefnlausi brúðguminn

23. október fékk hljómsveitin Bróðir Svartúlfs Leikborg lánaða til að taka upp myndband sem var mjög vel lukkað.

10. nóvember var leikhópnum frá Jóni Oddi og Jóni Bjarna boðið á generalprufu á leikritinu Sextán hjá Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra, en hópur frá þeim hafði komið á general hjá okkur. LS lánaði FNV búninga fyrir þessa sýningu.

29. desember var svo loksins komið að því að kvikmyndin Rokland yrði forsýnd í Bifröst en stór hópur LS-fólks tók þátt í upptökum og fleiru í þeirri mynd. Eftir sýninguna var svo forsýningarteiti á Kaffi Krók í boði sveitarfélagsins fyrir sýningargesti.

9. janúar voru 70 ár frá því að LS var endurvakið eftir nokkurn dvala.

30. janúar kom svo hópur saman á tiltekta degi og var Leikborg gjörbreytt að innan í miklu tiltekta æði og voru hvorki meira né minna en tveir risastórir gámar troðfylltir af rusli. Stjórn LS þakkar hópnum fyrir frábæran dag og var hópnum launað með máltíð á Ólafshúsi strax eftir tiltekt.

LS lánaði Árskóla búninga fyrir leikritið Glanna Glæp sem var frumsýnt 29. mars.

27. febrúar var boðið til fyrsta fundar fyrir Sæluvikuleikritið. Byrjað var á leiklistarnámskeiði 7.–11. mars sem var vel lukkað. Strax þar á eftir hófust æfingar á Sæluvikuleikritinu Svefnlausi brúðguminn í leikstjórn Jakobs Jónssonar. Frumsýnt var 1. maí í Bifröst. Sýnt var 11 sinnum og voru áhorfendur 900. Æfingar og sýningar gengu vel. LS fékk gagnrýnanda til að koma á sýningu (sem ekki hefur verið gert í nokkur ár) og fékk sýningin góða dóma þar líkt og hjá leikhúsgestum. Var lokapartý haldið 28. maí með því að horft var á upptöku af leikritinu í Bifröst og síðan haldið í grillveislu í Leikborg þar sem Páll Friðriksson og Guðný Axelsdóttir biðu með glæsilega máltíð. Vert er að þakka öllum sem komu að sýningunni.

LS lánaði Skottu ehf. búninga í byrjun apríl fyrir stuttmyndina Grettir sem sýnd var í Bifröst 13. maí. Einnig fékk Ópera Skagafjarðar lánaða búninga fyrir sýningu þeirra á Sæluvikunni.

Stjórn LS þakkar öllum fyrir skemmtilegt leikár og hlakkar til að takast á við nýtt leikár sem er uppfyllt af skemmtilegum verkefnum. Er það von okkar í stjórn LS að þátttaka LS-fólks verði áfram góð því án ykkar gengur þetta ekki upp.

Leikfélag Selfoss

Hið dularfulla hvarf hollvinafélagsins

Höfundar: Gunnar Björn Guðmundsson og leikhópurinn

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendur: 29 Sýningar: 15 Áhorfendur: 564

Krimmi

Höfundur: Michael Green

Þýðing: Guðjón Ólafsson

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Þátttakendur: 12 Sýningar: 1 Áhorfendur: 50

Á heimilinu

Höfundur: María Guðmundsdóttir

Leikstjórar: Gunnhildur Þórðardóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir

Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40

Beðið eftir Lúdó

Höfundur: Hjörleifur Hjartarson

Leikstjóri: Sigríður Hafsteinsdóttir

Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40

Kjaftakerlingin

Höfundur og leikstjóri: Don Ellione

Þátttakendur: 8 Sýningar: 1 Áhorfendur: 46



Hið dularfulla hvarf hollvinafélagsins

Til heilla heimskra kvenna

Höfundur: Margaret Atwood

Þýðing: Guðfinna Gunnarsdóttir

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 146

Hefndin er sæt

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjóri: Marianna Ósk Hölludóttir

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 90

Love me tender

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 146

Bensínblús

Höfundur: Don Ellione

Leikstjóri: Einar Þorgeirsson

Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 46

Snemma beygist krókurinn

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjóri: Einar Þorgeirsson

Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 46

Stjórn skipti með sér verkum á sínum fyrsta fundi. F. Elli Hafliðason varaformaður, Íris Árný Magnúsdóttir ritari, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri og Stefán Ólafsson meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Gerður H. Sigurðardóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Hanna Sigga Benediktsdóttir. 31 stjórnarfundur var haldinn á leikárinu.

Fyrsta verkefnið var þátttaka á Vor í Árborg í maí á síðasta ári. Þá sýndum við tvær aukasýningar á leikritinu Birtingur í styttri útgáfu. Opið hús var í leikhúsinu á laugardeginum og var Gerður H. Sigurðardóttir með yfirumsjón með því. Boðið var upp á kynnisferðir um húsið, myndasýningu á tjaldi og andlitsmálun. Gekk þetta frábærlega þar sem stöðugur straumur fólks var í húsið allan daginn.

Nokkrir félagar fóru á aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldinn var að Sveinbjarnargerði í Eyjafirði. Guðfinna Gunnarsdóttir sem sat í stjórn Bandalagsins tók stöðu varaformanns. Á fundinum kom fram að styrkur fyrir leiksýningar myndi lækka töluvert á árinu og ákveðin var hækkun árgjalda.

Fimm félagar fóru í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga síðastliðið sumar en skólinn færðist um stað og var haldinn að Húnavöllum í A-Húnavatnssýslu. Mikil ánægja var hjá félögum okkar með skólann á nýjum stað.

Tvö leikhúsnámskeið fyrir börn voru haldin síðastliðið sumar í umsjón Írisar Árnýjar Magnúsdóttur og Gerðar H. Sigurðardóttur og var góð þátttaka á þau bæði, rúmlega 20 börn á hvoru námskeiði.

Í júní fóru félagar á Úlfjótsvatn til að andlitsmála þar sem starfsmannafélag MS var í útilegu. Einnig fóru félagar og buðu upp á andlitsmálun einn laugardag í ágúst á Sumar á Selfossi. Þá sömu helgi fóru þrír ungir leikarar og léku Bakkabræður á Sigtúninu.

Farin var leikferð með sýninguna Birtingur á NEATA-leiklistarhátíð á Akureyri 10.–15. ágúst, en sýningin var valin úr hópi umsækjenda til að taka þátt á hátíðinni. Vel tókst til á hátíðinni og var sýningunni hrósað vel og mikið. Aðstandendur stóðu sig vel og voru allir leikfélaginu til sóma.

Haustfundur var haldinn í september þar sem dagskrá vetrarins var kynnt. Mikill hugur var í fólki og stefnt að mörgu. Einnig var sent út fréttabréf með dagskrá vetrarins og var mikil ánægja með það. Laugardagskaffi er orðinn fastur liður í starfi félagsins og höfum við fengið marga góða og óvænta gesti þar.



Kjaftakerlingin



Beðið eftir Lúðó



Kjaftakerlingin



Snemma beygist krókurinn



Hefndin er sæt



Love me tender



Verndarenglar

Í byrjun október var haldinn Haustfagnaður fyrir leikfélaga, vini og velunnara Leikfélags Selfoss. Fagnaðurinn byrjaði í leikhúsinu þar sem leikritið Krimmi var sýnt í leikstjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur og síðan var gengið yfir í Tryggvaskála þar sem boðið var upp á léttar veitingar og gestir gátu spjallað og dansað að vild. Veislustjórn var í höndum Sigurgeirs H. Friðbjólfssonar. Tókst þessi fagnaður afar vel þar sem rúmlega 40 manns mættu. Í undirbúningsnefnd voru Guðfinna Gunnarsdóttir og Íris Árný Magnúsdóttir og eiga þær þakkir skildar fyrir.

Hugarflug var haldið í nóvember þar sem yngri og eldri leikarar stigu á stökk. Heppnaðist sýningin vel og er greinilegt að Hugarflug er orðinn einn af föstum liðum félagsins.

Jóladagskrá fór fram þann 16. des. Þar voru lesnar sögur, sungið og jóla-sveinar komu í heimsókn.

Gunnar Björn Guðmundsson var ráðinn sem leikstjóri vetrarins og var hugmyndin að spinna út frá þjóðsögum. Gunnar Björn lagði upp með að allt ferlið væri námskeið, fyrsta vikan fór í að hrista hópinn saman, hugmyndavinnu og létt spunanámskeið. Um það bil 19 manns tók þátt í fyrstu vikunni en 10 mynduðu lokahópinn. Mikil gleði var á æfingatímabilinu og kom Þór Vigfússon m.a. í heimsókn og sagði stórskemmtilegar sögur sem fjölluðu um drauga og ýmis konar verur. Verkið sem samið var af leikhóp og leikstjóra hlaut nafnið Hið dularfulla hvarf hollvinafélagsins. Frumsýning var 4. mars og var stemningin góð og velunnarar kátir og glaðir. Alls urðu sýningar 15 á Hinu dularfulla hvarfi Hollvinafélagsins. Til gamans má geta þess að farið var með atriði úr sýningunni á 600 kvenna kóramót nú fyrir stuttu.

Mikið var leitað eftir að fá húsið lánað undir ýmis konar starfsemi. Leikfélagið Snúður og snælda kom í heimsókn og sýndi Nakinn maður og annar í kjölfötum eftir Dario Fo. Menningarnefnd Árborgar fékk aðstöðu hér í leikhúsinu fyrir 70 ára hernámsafmæli og sýndum við þátt úr Brú til betri tíðar við þann atburð. Einnig var Menningarnefnd Árborgar með menningarkvöld hér í leikhúsinu og var það tileinkað Sandvíkurhreppnum og haldið til heiðurs Páli Lýðssyni frá Litlu Sandvík. Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands fékk síðan húsið lánað í nóvember fyrir æfingar og sýningar á frumsömdu leikverki og nú fyrir stuttu fékk Kór Tónsmíðjunnar leikhúsið að láni til tónleikahalds.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir árið 2011 fór fram þann 29. apríl–1. maí sl. í Mosfellsbæ og fóru nokkrir félagar á hann. Mikil ánægja var með fundinn. Farið var með þrjú stuttverk á einþáttungahátíð sem haldin var á föstudeginum. Þeim verkum var vel tekið og fengu þau öll góða umsögn frá gagnrýnendum.

Það er ljóst að það er alltaf mikið líf og fjör hjá okkur í Leikfélagi Selfoss, spennandi og skemmtileg verkefni bíða nýrrar stjórnar.

Stjórn Leikfélags Selfoss

Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

Verndarenglar

Höfundur og leikstjóri: Þórný Björk Jakobsdóttir

Þátttakendur: 48

Sýningar: 5

Áhorfendur: 630

Samkvæmt venju var sett upp leikrit og varð fyrir valinu Verndarenglar sem höfundurinn Þórný Jakobsdóttir leikstýrði. Tónlist samdi Láraur Sigurðsson. Æfingar gengu vel, þótt formaðurinn gæti með engu móti séð að þessi tilraun ætti eftir að takast. En svona er nú þetta hérna hjá okkur. Það er mín skoðun að Þórný búi yfir þeirri mestu þolinmæði sem formaður hefur orðið vitni að, því oftast eru leikstjórar eins og hengdir upp á þráð á meðan æfingatímabilið gengur yfir. Frumsýnt var á Sumardaginn fyrsta og voru sýndar fimm sýningar. Aðsókn var með ágætum.

Til að loka verkinu var farið út að borða á Hótel Geysi þetta árið, því leikfélagið átti 80 ára afmæli. Stjórn leikfélagsins þakkar þeim góðu aðilum

sem lögðu hönd á plóg og einnig mökum sem heima voru, á meðan makar þeirra voru á æfingu eða á sýningum!

Sölvi B. Hilmarsson, formaður

Leikfélag Vestmannaeyja

Konungur ljónanna

Höfundar: Irene Mecchi og Jonathan Roberts

Þýðing: Ólafur Haukur Símonarson

Leikstjóri: Haraldur Ari Karlsson

Þátttakendur: 35 Sýningar: 12 Áhorfendur: 1473

Mamma míá! Sjens á skrens

Höfundur: Catherina Johnson

Þýðing: Þórunn Erna Clausen

Leikstjóri: Guðjón Þorsteinn Pálmarsson

Þátttakendur: 38 Sýningar: 15 Áhorfendur: 2004

Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

Stútungasaga

Höfundar: Ármann Guðmundsson, Hjördís Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Þátttakendur: 23 Sýningar: 15 Áhorfendur: 850

Leikárið hófst með því að ný stjórn tók til starfa en á síðasta aðalfundi gengu úr stjórn Ásta Margrét Grétarsdóttir, gjaldkeri og Íris Hafþórsdóttir, meðstjórnandi. Í stjórn tóku sæti að nýju eftir „fæðingarorlof“ þær Árný Leifsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir. Kolbrún Gunnarsdóttir og Jónas Höskuldsson voru varamenn. Í ár ganga úr stjórn Magnþóra, Kolbrún og Jónas.

Á þessu leikári höfum við fengið nokkuð af styrkjum sem þó hafa verið töluvert lægri en undanfarin ár og fara lækkandi ár frá ári. Það er því nokkuð ljóst að á brattann verður að sækja hvað varðar styrki á komandi árum.

Í fyrra gerðumst við aðilar að Gagnrýnendasjóði sem stofnaður var af nokkrum leikfélögum. Við munum halda áfram að vera aðilar að honum þó ekki hafi hann staðið undir væntingum nú í vetur. Við teljum að um „byrjunarörðugleika“ hafi verið að ræða. Þær Árný og Þrúður fóru á fund með öðrum aðilum sjóðsins nú fyrir stuttu og þar var tekið á þeim vandamálum sem upp hafa komið og teljum við að næsti vetur ætti að ganga mun betur. Þá var einnig ákveðið að lækka árgjald úr 15.000 kr í 10.000 kr.

Aðalfundur BÍL var haldinn í Mosfellsbæ að þessu sinni. Hann sóttu Árný, Hulda, Magnþóra og Þrúður fyrir hönd LÖ. Fundurinn gekk hratt og örugglega fyrir sig og margt áhugavert sem þar kom fram. Árgjald til Bandalagsins mun haldast óbreytt eða 50.000 kr fyrir verk í fullri lengd. Fyrir uppsetningu á tveimur verkum greiðist eitt og hálf árgjald eða 75.000 kr. og þremur eða fleiri tvöfalt árgjald eða 100.000 kr. Ef leikfélag setur ekki upp sýningu á leikárinu greiðist hálf árgjald eða 25.000 kr. Á fundinum kom einnig fram mikil ánægja með heimasíðu Bandalagsins. Hvetjum við ykkur til að skoða hana og skrá ykkur á póstlista. LÖ á nú fulltrúa í varastjórn bandalagsins en Þrúður tók sæti þar. Aðalfundur BÍL mun fara fram á Ísafirði að ári.

Þrjár fulltrúar frá LÖ, þau Hulda, Daníel Haukur og Þrúður, fóru á NEATA-hátíðina á Akureyri sem fram fór 10.–15. ágúst. Frábær hátíð þar sem við kynntumst fullt af fólki frá hinum ýmsu leikfélögum og löndum. Þetta var mikil vinna en jafnframt mjög skemmtileg.

Bandalagsskólinn verður haldinn 10.–19. júní að Húnavöllum eins og í fyrra. LÖ er greinilega að slíta barnsskónum því loksins eru nemendur frá okkur að fara í skólann. Það eru þær Árný og Þrúður. Vonandi verða enn fleiri frá okkur á næsta ári en þá verða grunnnámskeið í boði.




Konungur ljónanna



Mamma míá! Sjens á skrens



Stúttungasaga



Litla hryllingsbúðin



Kvöldhúm

Starfið hófst með miklu öskufalli á Hafnardögum, þar sem frönsk kaffihúsastemning var í hávegum höfð. Er óhætt að segja að það hafi fengið góðar undirtektir þorpsbúa því troðið var út úr dyrum allan tímann. Andlitsmálun og Listasmiðja fyrir börnin var á sínum stað en hún er nú orðin fastur liður í starfi félagsins enda höfum við gert samstarfssamning við menningarnefnd Ölfuss þar um, ásamt því að lesa upp úr jólabókum í desember. Fyrir þetta fáum við greiddar 140.000 kr.

LÖ sá einnig um skemmtiatriði á Sjómannadagsdansleiknum.

Næst á dagskrá voru æfingar fyrir Stúttungasögu en þær hófust í byrjun september. Töluvert tók á að finna nógu marga leikara í þetta gríðarstóra verkefni en það hafðist að lokum. Æfingar gengu vel en þó varð að fresta frumsýningu í tvígang, fyrst vegna veikinda í hópnum og síðan þegar ljósabúnaður brann yfir. Að lokum hófst þetta nú allt saman og voru sýndar 12. sýningar frá 2. nóv. til 26. nóv., þá var tekið jólafrí frá sýningum en svo sýndar þrjár sýningar eftir áramót.

Í jólafríinu brugðum við okkur í hlutverk jólasveina á skemmtun hjá leikskólanum og á Ráðhústorgi við tendrun jólaljósa. Prumpulína, Grýla og Stúfur skelltu sér svo á jólaball hjá Karatefélaginu Þórshamri í Reykjavík. Að sjálfsögðu var haldið frumsýningarpartí og lokapartí í tengslum við Stúttungasögu. Viggó Dýrfjörð sá um veitingar sem voru frábærar.

Þorablót var næst á verkefnalista og tókst það mjög vel þar sem fjölmennur hópur kom fram.

Búið er að ráða leikstjóra fyrir komandi leikár, enn er unnið að því að finna leikrit en æfingar munu hefjast um mánaðamótin ágúst–september. Stefnt er að frumsýningu um miðjan október. Er það von okkar að sem flestir taki þátt í starfinu með okkur á nýju leikári sem nú hefst og gangi í félagið.

Að lokum þökkum við öllum sem unnið hafa með okkur á þessu leikári sem er að ljúka kærlega fyrir frábærar stundir og hlökkum til að takast á við ný verkefni með ykkur.

Prúður Sigurðar, formaður

Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi

Karíus og Baktus

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðing: Hulda Valtýsdóttir

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Þátttakendur: 7 Sýningar: 8 Áhorfendur: 403

Kvöldhúm

Höfundur: Lauri Waly

Þýðing: Guðjón Sigvaldason

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Þátttakendur: 2 Sýningar: 10 Áhorfendur: 250

Litla hryllingsbúðin

Höfundur: Howard Ashman

Þýðing: Einar Kárason og Megas

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Þátttakendur: 12 Sýningar: 9 Áhorfendur: 286

Leikfélagið Peðlið, Reykjavík

Sögur af mannlífsklakanum

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson

Leikstjóri: Björn Gunnlaugsson

Þátttakendur: 4 Sýningar: 5 Áhorfendur: 85

Hlátur

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson og Kristinn Kristjánsson

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Þátttakendur: 8 Sýningar: 6 Áhorfendur: 168

Aðalfundurinn var haldinn í seinna fallinu á síðastliðnu ári eða í júní. Þá var kosin ný stjórn að mestu leyti, Hjördís Jóhannsdóttir formaður, Halldór Sigurðsson varaformaður, Hrönn Hafsteinsdóttir gjaldkeri, Guðrún Helga Tómasdóttir ritari og Stefán Berg Rafnsson meðstjórnandi, til vara voru kosin Magnús R. Einarsson og Elín Hilmarsdóttir.

Fyrsta verk stjórnar var að finna húsnæði fyrir starfseminu og bauðst okkur að leigja, ásamt Guðjóni Sigvaldassyni, 35 fm vinnustofu á annarri hæð á Hverfisgötu 46 þar sem hægt er að funda og byrja æfingar og samlestur sem og að nú erum við loksins komin með aðstöðu fyrir eigin félagsins.

Í enda júlí sóttum við um að senda sýninguna *Komið og farið* eftir Samúel Beckett sem Guðjón setti upp á menningarhátíð Grand Rokk árið 2009 á IATA-hátíðina sem haldin verður í Tromsø í júlí næstkomandi og vorum við valin til að taka þátt fyrir Íslands hönd. Stjórnin fékk aðeins tæpa viku til að útbúa öll gögn og koma þeim út til Noregs en með samstilltu átaki tókst það. En skemmst er frá því að segja að við vorum ekki svo heppin að komast að, valnefndin í Noregi fékk um 70 umsóknir en 16 sýningar víðsvegar að úr heiminum, auk tveggja norskra komust að.

Í lok ágúst tóku Peðin sig til og lögðust í langferð þ.e. við fórum alla leið inni Langagerði í grillveislu. Þátttaka var mjög góð og held ég að allflestir hafi skemmt sér virkilega vel og kunnum við Halldóri og Hrafnhildi konu hans bestu þakki fyrir að lána okkur svona frábæra aðstöðu til skemmtanahalds.

Síðastliðið haust var okkur svo boðið að setja upp sýningu í tengslum við lista- og menningarhátíð Gallery Bar 46 og tókum við því boði. Jón Benjamín hirðskáldið okkar samdi verkið *Sögur af mannlífsklakanum* sem Björn Gunnlaugsson leikstýrði. Sýningar voru aðeins 4 og oft höfum við fengið fleiri áhorfendur en aðeins um 80 áhorfendur komu að sjá flotta sýningu.

Nú er verið að æfa nýtt verk, *Hlátur*, sem byggt er á verðlaunaverki Kristins kennara og er hirðskáldið okkar hann Jón Benjamín svo elskulegur að aðstoða Guðjón, sem tók að sér að leikstýra, við textagerð og fleira.

Að lokum viljum við þakka öllum sem á einhvern hátt hafa starfað með eða stutt leikfélagið, fyrir allt og vonumst eftir áframhaldandi góðu og gefandi samstarfi.

F.h. stjórnar
Hjördís Jóhannsdóttir

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

Fiskar á þurru landi

Höfundur: Árni Ibsen

Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson

Þátttakendur: 20 Sýningar: 8 Áhorfendur: 418

Taka ber fram í upphafi þessa pistils að starfsár Leikfélagsins Skagaleikflokksins miðast við 1. janúar ár hvert, til 31. desember. sama ár. Skýrsla þessi mun þó miðast við 1. júní 2010 til 31. maí 2011 enda sé það almennt að starf áhugaleikfélaga miðist við þær dagsetningar.

Undirbúningur að leiksýningu, sem fyrirhuguð var á haustdögum, hófst með fundi með tilvonandi leikstjóra, Presti Guðbjartssyni, í byrjun júní. Var þar fastmælum bundið að Þröstur tæki að sér leikstjórn á hausti komanda. Til greina komu helst tvö leikrit; *Sex í sveit* og *Fiskar á þurru landi*. Varð það að ráði að taka fyrir *Fiska á þurru landi* og skyldi samlestur og val í hlutverk hefjast í byrjun september næstkomandi.

Á sumardögum fór mestur hluti af starfi stjórnar í að festa leikstarfseminni húsnæði en húsnæðismál hafa verið höfuðverkur Skagaleikflokksins um nokkurra ára bil. Fór svo að Skagaleikflokkurinn fékk til umráða húsnæði að Vesturgötu 119 á Akranesi en það var þó ekki fast í hendi fyrr en um mánaðamót september–október. Því hófst samlestur og fyrstu æfingar í Stúkuhúsinu að Safnsvæðinu í Görðum á Akranesi.



Hlátur



Sögur af mannlífsklakanum



Fiskar á þurru landi

Í byrjun október hófust æfingar og undirbúningur leiksýningar í húsnæðinu á Vesturgötu 119 undir stjórn Prastar. Þar þurfti að vinna mikla undirbúningsvinnu við að gera húsnæðið hæft til sýninga. Byggja þurfti upp svið og aðstöðu fyrir áhorfendur. Lögðu margir þar gjörfa hönd á plóg svo sýningar gátu farið fram á áætluðum tíma sem var 21. október.

Sýningin Fiskar á þurru landi eftir Árna Ibsen.

Leik- og sýningarstjóri Pröstur Guðbjartsson.

Leikendur: Hafdís Bergs, Gunnar Sturla Hervarsson, Guðmundur Claxton og Þórdís Ingibjartsdóttir. Aðrir sem komu að uppfærslunni: Vilborg Þóra Guðbjartsdóttir aðstoð við leikstjóra, Sigtryggur Karlsson smíði leikmyndar og framkvæmdastjórn, Guðbjörg Árnadóttir fjármál, Ingþór Bergmann Þórhallsson lýsing og hljóðmynd, Kristinn Pétursson leikskrá, Elín Ólöf Eiríksdóttir miðasala, Guðrún Guðbjarnadóttir og Bryndís Böðvarsdóttir leikmunir.

Sýningin tókst í alla staði vel og hlaut lofsamlega dóma og góðar umsagnir leikhúsgesta. Sýnt var 8 sinnum og heildarfjöldi sýningargesta nálægt 700 en aðsóknin olli aðstandendum og velunnurum nokkrum vonbrigðum.

Aðalfundur Skagaleikflokksins var haldinn samkvæmt lögum félagsins 31. janúar sl. Stjórnin var öll endurkjörin en hana skipa:

Formaður: Sigtryggur Karlsson

Gjaldkeri: Guðbjörg Árnadóttir

Ritari: Vilborg Guðbjartsdóttir

Meðstjórnandi: Gunnar Sturla Hervarsson.

Næsta verkefni var fundur sem haldinn var í lok janúar og var ætlaður öllum þeim sem áhuga höfðu á samstarfi við leikfélagið hvar sem þeir stóðu í lista og menningargeiranum. Sá fundur var ekki fjölsóttur en samt að mörgu leyti gagnlegur. Þar var fyrst og fremst rætt um framtíð og stöðu leiklistar- og menningarmála á Akranesi. Viðraðar voru hugmyndir um framtíð og samstarf hinna ýmsu listgreina á staðnum og komu þar til leiks fulltrúar bæjarfélagsins. Góð umræða og gagnleg en eftir er að sjá hverju hún skilar til framtíðar.

Í byrjun maí á þessu ári var svo hafið námskeið í leikritun og skapandi skrifum undir stjórn Bjarna Jónssonar. Reiknað er með að það verði 4 til 6 vikna ferli og ljúki um miðjan júní.

Leikfélagið Skrugga, Reykhólum

Allt í plati

Höfundur: Pröstur Guðbjartsson

Leikstjóri: Sólveig Sigríður Magnúsdóttir

Þátttakendur: 30 Sýningar: 3 Áhorfendur: 150

Litla ljót

Höfundar: Edda Antonsdóttir og Halldóra Magnúsdóttir

Leikstjóri: Sólveig Sigríður Magnúsdóttir

Þátttakendur: 40 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Saltverkunarhúsið

Höfundur: Sólveig Sigríður Magnúsdóttir og Jónas Árnason

Leikstjóri: Sólveig Sigríður Magnúsdóttir

Þátttakendur: 25 Sýningar: 1 Áhorfendur: 147

Apríl 2010

Sýning á Allt í plati sett upp í íþróttasal Reykhólaskóla, fjöldi sýninga 2.

Fjöldi leikara 30.

Nóvember 2010:

Kaffihúsakvöld í íþróttasal Reykhólaskóla. Sýndur lítill leikþáttur, Afi kemur í heimsókn, fjöldi sýninga 1. Fjöldi leikara 8.

Mars 2011

Sýning á Litlu ljót sett upp í íþróttasal Reykhólaskóla, fjöldi sýninga 1.

Fjöldi leikara 30.



Allt í plati



Saltverkunarhúsið

Apríl 2011

Saltverkunarhúsið er heimagerður leikþáttur með söngvum Jóns Múla og Jónasar Árnasona. Fjöldi sýninga 3. Fjöldi leikara 19 og einn undirleikari.

Stjórn leikfélagsins Skruggu

Leikfélagið Sýnir, á landsvísu

Allir komu þeir aftur

Höfundur: Ariel Dorfman og Tony Kushner

Þýðing: Aldís G. Davíðsdóttir

Leikstjóri: Aldís G. Davíðsdóttir

Þátttakendur: 14 Sýningar: 7 Áhorfendur: 140

Afsakið, er þessi stóll upptekinn?

Höfundur: Guðrún Sóley Sigurðardóttir

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 50

Í stjórn leikfélagsins sátu Jenný Lára Arnórsdóttir formaður, Gerður Halldóra Sigurðardóttir gjaldkeri og Guðrún Sóley Sigurðardóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Elfa Dröfn Stefánsdóttir og Helga Ragnarsdóttir.

Vorið 2010 réð leikfélagið Aldísi Davíðsdóttur til að sjá um verkefni sumarsins. Ákveðið var að setja upp leikritið Allir komu þeir aftur, sem unnið var af Aldísi og leikhópnum upp úr leikritinu Widows eftir Ariel Dorfman og Tony Kushner. Í hópnum voru margir sem ekki höfðu tekið þátt í uppsetningum félagsins áður. Leikið var í Elliðaárdal og fylgdu áhorfendur sýningunni eftir um svæðið og var hún því svokölluð „promenade“ sýning. Einungis gátu 25 áhorfendur séð hverja sýningu svo allir gætu notið hennar því sum leikrýmmin leyfðu ekki marga áhorfendur. Sýningin var hluti af ArtFart sviðslistahátíð og var hún sýnd alls þrisvar sinnum á þeirri hátíð. Frumsýnt var 19. ágúst og urðu sýningar sjö, þar af ein aukasýning. Alls tóku 14 leikarar þátt í sýningunni og var ánægja meðal hópsins og áhorfenda með árangurinn.

Leikfélagið tók þátt í stuttverkahátíð Bandalagsins sem haldin var í samhliða aðalfundi Bandalagsins í Bæjarleikhúsi Mosfellsbæjar. Þar sýndi félagið einþáttunginn Afsakið, er þessi stóll upptekinn? eftir Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur í leikstjórn Ármanns Guðmundssonar.

Leikhópurinn Lopi, Höfn

Iris

Höfundar: Brynhildur Guðjónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson

Leikstjóri: Magnús J. Magnússon

Þátttakendur: 11 Sýningar: 5 Áhorfendur: 150

Starfsemi Leikhópsins Lopa var frekar hefðbundin sl. leikár. Ákveðið var á fundi í september 2010 að einbeita okkur að Þjóðleik 2011 sem halda átti á Egilsstöðum helgina 8.–10. apríl. 2011. Síðan var leitað til okkar að vinna að litlu verkefni tengdu einelti á netinu og var það unnið í nóvember.

Eftir að við lásum þau leikrit sem í boði voru var ákveðið að taka til æfinga og sýninga, leikritið Iris eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson. Um er að ræða unglingsverk sem vekur athygli á tengslum eineltis og fíkniefnaneyslu og þeim afleiðingum sem slíkt getur haft. Æfingar hófust í janúar. Ellefu leikarar tóku þátt í sýningunni og léku 32 hlutverk. Æfingar gengu vel og var frumsýnt 22. mars 2011 við góðar undirtektir. Ekki var hægt að sýna fleiri sýningar þá. Föstudaginn 8. apríl var lagt af stað á Þjóðleikshátíðina á Egilsstöðum. Þar sýndum við tvær sýningar, á laugardegi og sunnudegi. Gekk þetta allt vel og voru Loparnir öllum til sóma.

Þegar heim var komið var sýningin sett aftur upp og sýndar tvær almennar sýningar. Gengu þær bara vel.

Í heildina gekk leikárið vel. Þetta var 26. frumsýning Lopa og 18. leikárið. Sýnir það að starfsemin er í gangi.

Magnús J. Magnússon, formaður



Allir komu þeir aftur



Iris



Baðstofan

Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal

Baðstofan

Höfundur: Hugleikur Dagsson

Leikstjóri: Margrét Ákadóttir

Þátttakendur: 30

Sýningar: 3

Áhorfendur: 306

Stjórn leikfélagsins frá síðasta aðalfundi þann 15. október 2010 skipa:

Katrín Lilja Ólafsdóttir, formaður

Ragnheiður Helga Bæringsdóttir, gjaldkeri

Hjörtur Vífill Jörundsson, ritari

Árið 2010 setti leikfélagið ekkert leikrit á svið, við sátum samt ekki auðum höndum, þar sem við tókum þátt í hinu og þessu og héldum námskeið fyrir unglinga, auk þess sem við héldum ball til fjáröflunar. Ætlunin var alltaf að gera eitthvað á haustmánuðunum, en ekki fékkst mannskapur til þess þá.

Leikklúbburinn hittist svo í janúar og var ákveðið að setja upp í vor. Leikritið *Baðstofan* eftir Hugleik Dagsson varð fyrir valinu og fengum við Margréti Ákadóttur til að leikstýra okkur. Frumsýnt var á svokallaðri Jörfagleði sem er viss hátið haldin í Dalasýslu 2. hvert ár í kringum sumardaginn fyrsta. Frumsýningin var vel sótt, miðað við að ýmsir aðrir viðburðir voru í boði og næstu tvær sýningar á eftir voru líka nokkuð vel setnar. Leikarar í sýningunni voru níttján, en heildarfjöldi þeirra sem tóku þátt að einhverju leyti voru þrjátíu. Það er auðséð að lítið félag í litlu sveitarfélagi gæti ekki borið sig nema vegna stuðnings góðs fólks og félaga og viljum við þakka Leikflokknunum á Hvammstanga, Umf. Íslendingi og Umf. Reykdæla fyrir hjálpinu.

Leikklúbburinn heldur upp á fertugsafmæli þetta árið, en við héldum að við hefðum misst af stórafmælinu í fyrra. Næst á dagskrá er að gera eitthvað heljarinnar húllumhæ í tilefni af því og vonumst við til að ná að safna nægu fé til að fjármagna nýjan sviðs- og ljósabúnað að einhverju leiti.

Við höfðum því miður ekki færi á að mæta á Aðalfund þetta árið, en fréttum að það hefði verið reglulega gaman. Við mætum næst.

F.h. Leikklúbbs Laxdæla

Katrín Lilja Ólafsdóttir, formaður

Leikkúbburinn Krafla, Hrísey

Enginn aðalfundur var haldinn á síðasta starfsári. Starfsárið 2010–2011 fór vel af stað. Seldar voru vöflur á söfnunardeginum og var innkoman þar mjög góð. Til að standa undir kostnaði af Sæborg þurfum við stöðugt að vera að og þó að ekki hafi verið framkvæmt mikið hvorki í Sæborg né í leiklistinni þá hefur stjórnin staðið sig vel í að afla fjár. Í október var boðið upp á rjómapönnur og fleira í Sæborg og kom fólk saman til skrafs og ráðagerða um uppbyggingu á húsinu, góð mæting var eins og alltaf þegar við höfum leitað til íbúa eyjarinnar.

Leiklistarnámskeið fyrir grunnskólabörn fór aftur í gang og bættust við fleiri börn þar, námskeiðið var tvisvar í viku og var skipt í tvo aldurshópa. Börnin sömdu leikþætti og var afraksturinn sýndur í febrúar og að venju var fullt hús eða um áttatíu manns. Leiðbeinendur voru Aðalsteinn Bergdal og Linda María Ásgeirsdóttir.

Um páskana stóðu Krafla og Kvenfélag Hríseyjar fyrir flóamarkaði í Sæborg og fór salan þar fram úr björtustu vonum. Töluverð vinna var lögð í að safna saman varningi og koma honum upp og ganga svo frá aftur því tónleikar voru haldnir í Sæborg daginn eftir. Litlar leigutekjur hafa verið af húsinu en bindum við vonir við að þær muni aukast með meiri starfsemi og enn frekar þegar einhverjar framkvæmdir hafa átt sér stað. En mikil þörf er á að laga ýmislegt í húsinu og verður lögð aðaláhersla á að laga snyrtingar, forstofu og sal til að fá meiri leigutekjur inn á húsið.

Á Fjölskyldu- og skeljahátíðinni í júlí var flóamarkaðnum skellt upp aftur og var salan mjög góð. Það er svo mikið dót eftir að hægt verður að halda markað aftur því það er greinilega mikill áhugi á svona markaði.

Stjórnin hefur komið þrisvar sinnum saman á þessu starfsári til skrafs og ráðagerða og telur að nú þurfi að láta verkin tala. Stjórnin vill hvetja íbúa til að taka þátt í starfinu með okkur og aðstoða við að byggja upp öflugt leikfélag og fallett félagsheimili. Það að vera í leikfélagi er bara svo gaman og gefandi og svo mörg hlutverk sem þarf að skipa bæði á sviði og utan þess því það er ekki síður fólkið á bak við tjöldin sem á heiðurinn af þeirri vinnu sem fram fer hjá leikfélagi.

*F.h. stjórnar Kröflu
Linda María Ásgeirsdóttir*

Leikklúbburinn Saga, Akureyri

Saga hefur ekki starfað neitt undanfarin tvö ár. Við sem vorum og hétum Sögumeðlimir lifum enn í von um að einhver lífgi hana við fyrir norðan en ekkert hefur orðið af því enn. Þó eru uppi einhverjar bollaleggingar um uppvakningu hennar á næsta ári en enn er óvíst um hvort af verður.

*Vala Höskuldsdóttir,
formaður*

Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg

Það má segja að starfsárið hafi byrjað að fullum krafti í desember 2010 en þá tók við ný stjórn og nýjar áherslur. Var byrjað á því að setja saman handrit að kvikmynd sem síðan var frumsýnd á þorrablóti Félags Íslendinga í Lúxemborg í febrúar 2011. Unnið var sleitulaust allan janúarmánuð við tök og klippingar á myndinni sem fékk nafnið *Das Fest*. Margir einstaklingar komu við sögu í myndinni, og höfðum við mjög gaman af því að gera eitthvað nýtt og spennandi. Við vorum einnig svo heppin að vera með atvinnufólk með okkur, svo sem tökumann, hljóðmann og tvo atvinnuleikara úr hópi íslendinga hér í Lúxemborg. Sýning myndarinnar tókst með ágætum og voru allir sammála um að þetta væri góð tilbreyting hjá leikhópnum. Höfundar og leikstjórar *Das Fest* voru Páll Eyjólfsson og Hrefna Einarsdóttir.

Sem stendur er Spuni að undirbúa fjölskylduskemmtun sem verður haldin á Hrekkjuvökunni (Halloween) í lok október, en það er fastur liður á ársdagskránni.

Að öðru leyti er enn óljóst hvert framhaldið verður hjá Leikklúbbum Spuna.

Hrefna Einarsdóttir, formaður

Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan

Höfundur: Marc Camolotti

Þýðing: Sigurður Atlason

Leikstjóri: Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir

Þátttakendur: 9 Sýningar: 3 Áhorfendur: 350

Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Ingibjörg Jónsdóttir

Ritari: Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir

Gjaldkeri: Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Þótt árið 2011 sé ekki liðið er leikári félagsins lokið. Ákveðið var í desember 2010 að fara út í uppsetningu á leikriti á komandi ári. Yrði það þriðja uppsetningin hjá félaginu eftir endurkomu þess árið 2004 en hafði leikfélagið þá verið í hvíld í 22 ár. Fyrir valinu varð farsinn *Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan* eftir Marc Camolotti.

Leitað var til Aðalbjargar Árnadóttur til að leikstýra en starfaði hún með félaginu við síðustu uppsetningu. Hún var upptekin á þeim tíma sem félagið hafði hugsað sér að setja upp leikritið en benti á Jóhönnu Friðriku Sæmundsdóttur. Mætti Jóhanna í byrjun febrúar á Laugarbakka og hélt



Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan

fyrsta fundinn með leikfélaginu. Byrjunin gekk frekar brösulega þar sem þrír (helmingur leikhópsins) hættu við þátttöku vegna anna en þó tókst að manna upp í staðinn þó það hafi tekið smá tíma. Æfingar hófust af alvöru 22. febrúar og var þá bara að spýta í lófana þar sem fyrirhuguð frumsýning var 25. mars og því rúmur mánuður til stefnu. Æfingar gengu mjög vel, æft var um þrisvar í viku að undanskilinni seinustu vikunni þar sem æft var alla daga. Leikhópurinn var mjög ánægður með Jóhönnu leikstjóra. Hún var mjög ákveðin við hópinn og kom einnig með mjög skemmtilegar viðbætur við leikritið sem fékk fólk til að hlæja enn meira.

Sýndar voru tvær sýningar helgina 25.–27. mars og sú þriðja um páskana. Voru þær allar vel sóttar og hefðu ekki fleiri komist á þá þriðju enda þurfti að bæta við stólum á þeirri sýningu sem raskaði að vísu byrjunaratriði leikritsins en leikhópurinn reddaði sér út úr því með glæsibrag. Stendur til að fara með sýninguna til Hólmavíkur í nóvember nk.

Litli leikklúbburinn, Ísafirði

Emil í Kattholti

Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðing: Vilborg Dagbjartsdóttir

Leikstjóri: Elfar Logi Hannesson

Þátttakendur: 24 Sýningar: 10 Áhorfendur: 944

Á skíðum skemmti ég mér

Höfundur: Elfar Logi Hannesson og Guðmundur Hjaltason

Leikstjóri: Elfar Logi Hannesson

Þátttakendur: 31 Sýningar: 9 Áhorfendur: 760

Formaður tók við af Finni Magnússyni á síðasta aðalfundi og þótti dálítið fundaglaður enda nýr í starfi. Strax eftir aðalfund var farið að ræða um næsta verk. Búið var að gera samning við Elfar Loga Hannesson um leikstjórn og hafði hann hönd í bagga með að ákveða verkefni. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og setja upp Emil í Kattholti. Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir tók að sér söngstjórn og Guðmundur Hjaltason tónlistarstjórn. Sýningunni var vel tekið og tókst vel í alla staði þrátt fyrir að koma út í smá tapi. Stóðu allir leikararnir sig með þryði og þá sérstaklega börnin. Í janúar fór allur hópurinn í bíó og horfði á sýninguna. Síðan var farið út að borða og með því var því verki lokið.

Strax við upphaf æfingatímabils Emils var ákveðið að fara aftur af stað með söngvasýningu eftir áramót og urðu lög Ingimars Eydal fyrir valinu. Sýningin hlaut nafnið Á skíðum skemmti ég mér. Var Elfar Logi ráðinn leikstjóri ásamt því að gera handritið. Guðmundur Hjaltason stýrði tónlistinni. Tókst þetta vel að venju en uppgjör fyrir sýninguna liggur ekki fyrir þegar þessi skýrsla er rituð. Til stóð að fara með verkið í leikferð til Búðardals en það gekk ekki eftir.

Um mánaðamótin apríl/maí fóru Pröstur og Þorsteinn á aðalfund Bandalagsins og mun næsti aðalfundur verða haldinn á Ísafirði á vordögum. Þar því að skipa nefnd til að halda utan um það mjög fljótlega. Í sumar munu nokkrir félagar úr Litla leikklúbbnum sækja Leiklistarskóla Bandalagsins. Tekið var til á háaloftinu í vor en betur má ef duga skal. Þakka ég öllum félögum fyrir gott samstarf á á leikárinu og óska þeim velfarnaðar á komandi leikári.

Katrín Líney Jónsdóttir

Snúður og snælda, Reykjavík

Rauða klemman

Höfundur: Hafsteinn Hansson

Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson

Þátttakendur: 9 Sýningar: 16 Áhorfendur: 939

Á aðalfundi félagsins 19. maí 2009 var fráfarandi stjórn endurkjörin, hún flosnaði upp um haustið og var því ný stjórn valin í skyndi 24. nóvember



Emil í Kattholti

sama ár. Á aðalfundi 12. maí 2010 var svo kosin ný stjórn sem skipuð var eftirtöldum:

Hörður S. Óskarsson, formaður, Gunnar Helgason, varaformaður, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, gjaldkeri, Björg Aðalsteinsdóttir, ritari og Magnús H. Ólafsson, meðstjórnandi. Í varastjórn voru kjörin Sigríður Helgadóttir og Theódór Halldórsson.

Haldnir hafa verið sjö formlegir stjórnarfundir þar sem ýmis mál voru rædd svo sem styrkir til félagsins, fjármál, leikritaval o.fl. Stjórnin ákvað að enduræfa á haustdögum leikrit frá síðasta ári „Nakinn maður og annar í kjölfötum“ og sýna það á Selfossi og Hvolsvelli í tilefni af 20 ára afmæli félagsins. Grétar Snær hætti skyndilega að starfa með leikfélaginu, þá hljóp Magnús H. Ólafsson í skarðið og æfði hlutverkið á hálfum mánuði og stóð sig með þryði. Ennfremur efndi stjórnin til veglegs afmælishófs í Stangarhylnum með matarveislu og skemmtiatriðum sem tókst mjög vel. Auk þess undirbjó svo stjórnin vetrarstarfið og las yfir fjöldann allan af leikritum. Ákveðið var svo að taka til sýninga veturinn 2010–2011 leikritið „Rauða klemman“ eftir Hafstein Hansson. Hófst fyrsti samlestur 5. nóvember undir leikstjórn Bjarna Ingvarssonar. Nokkuð erfiðlega gekk að manna stykkið og tókst það ekki fyrr en mánuði síðar eða 6. desember. En þá komu líka til liðs við okkur tveir nýir frábærir leikarar og erum við þeim afar þakklátir. Æfingar hófust svo að fullu og fyrsta sýning var svo á Hótel Örk þriðjudaginn 8. febrúar 2011. Alls urðu 10 sýningar á Örkinni. Frumsýning var svo í lðnó 20. febrúar. Í lðnó voru haldnar þrjár sýningar og svo á Hrafnistu í Hafnarfirði og í Reykjavík og á dvalarheimilinu Grund í Reykjavík. Alls voru 16 sýningar með 899 áhorfendum (559+120+220) (56 að meðaltali).

Það er umhugsunarvert hversu léleg aðsókn er á sýningarnar í Reykjavík, hjá eldri borgurum innan FEB. Að það skuli aðeins vera innan við 1% af félögum í FEB sem sjái ástæðu til að koma á leiksýningar félags þeirra. Næsta stjórn verður því að taka upp umræðu um þetta.

Stjórnin auglýsti framsagnarnámskeið og hélt tvö námskeið fyrir og eftir áramót – góð aðsókn var á þau, 19 manns tóku þátt í þeim en þau stóðu yfir í átta vikur hvort, alls 32 tíma, og var gerður góður rómur að þeim.

Í lok leikársins, þann 14. apríl, var svo haldið lokahóf og ríkti mikil gleði þar. Þá skemmtu nokkrir félagar á árhátíð FEB í Reykjavík og nágrenni og á dansleik í Stangarhylnum.

Ég vil að lokum þakka fyrir hönd Snúðs og Snældu öllum leikurum og aðstoðarfólki á síðasta leikári fyrir þá miklu vinnu sem það hefur lagt á sig fyrir áhugamálið leiklist. Öllum styrktaraðilum og starfsfólki á skrifstofu og í sal FEB sem hefur alla tíð verið reiðubúið að aðstoða stjórnina við hennar störf. Ekki má gleyma að þakka leikstjóranum Bjarna Ingvarssyni fyrir hans frábæru vinnu og þolinmæði við uppsetningu leikverks og kennslu á námskeiðunum. Hann toppaði svo allt í vetur þegar hann hljóp fyrirvara-laust inn í eitt hlutverkið þegar einn leikarinn veiktist. Stjórnarfólki mínu þakka ég svo óeigingjarnt starf, það er ekki ónýtt að hafa svona fólk með sér í stjórn.

Hörður S. Óskarsson

Stúdentaleikhúsið, Reykjavík

Réttarhöldin

Höfundur: Franz Kafka

Þýðing: Friðgeir Einarsson

Leikstjóri: Friðgeir Einarsson

Þátttakendur: 16 Sýningar: 6 Áhorfendur: 600

DNA

Höfundur: Dennis Kelly

Þýðing: Sara Marti Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Sara Marti Guðmundsdóttir


Þátttakendur: 16 Sýningar: 9 Áhorfendur: 500



Á skíðum skemmti ég mér



Rauða klemman



Réttarhöldin



DNA

Í júlí 2010 ákvað stjórn Stúdentaleikhússins að ráða Friðgeir Einarsson sem leikstjóra haustanna. Áhugi var fyrir því að setja upp einhvers konar samblöndu af helstu verkum Kafka en að lokum var ákveðið að setja upp Réttarhöldin. Friðgeir vann upp leikgerð eftir kvikmynd Orson Welles. Leikhópur var svo valinn eftir vikulangt námskeið í september og æfingar hófust 15. september. Í leikhópnum voru 11 aðilar á aldrinum 20–28 ára. Birgit Ortmeyer var fengin til að sjá um búninga sýningarinnar. Þær Ragnheiður Máisól, Bryndís Ingvarsdóttir og Særós Björnsdóttir sáu um að hanna og setja upp leikmyndina sem samanstóð af miklu magni af pappír. Katrín Gunnarsdóttir sá um sviðshreyfingar. Kjartan Darri Kristjánsson sá um að lýsa sýninguna, og voru um 100 ljósakjú í sýningunni. Haraldur Sverrisson gerði hljóðmynd verksins. Verkið var svo frumsýnt þann 13. nóvember á Norðurljósum. Sýndar voru 6 sýningar og um 600 áhorfendur komu á sýningarnar. Sýningum lauk þann 3. desember.

Sara Marti Guðmundsdóttir var ráðin leikstjóri voranna. Ákveðið var að setja upp verkið DNA eftir Dennis Kelly. Verkið var samið sérstaklega fyrir breska þjóðleikhúsið vegna unglitahátíðar sem þar fer árlega fram. Því hentaði DNA Stúdentaleikhúsinu mjög vel, þar sem flestir voru með álíka stór hlutverk og fengu tækifæri til þess að þróa hæfileika sína. Sara Marti þýddi verkið sjálf, og er þetta í fyrsta skipti sem DNA er sýnt á Íslandi en Dennis Kelly hefur notið mikilla vinsælda víða um heim og verk eftir hann hafa verið sett upp hér á landi. Eftir vikulangt námskeið var leikhópurinn valinn og samanstóð hann af 11 aðilum á aldrinum 20–28 ára. Aðstoðarleikstjóri var Sigríður Eir Zophoníasardóttir. Birgit Ortmeyer var aftur fengin til að sjá um búninga, Ragnheiður Máisól sá um vídeóverk sem myndaði leiktjöld sýningarinnar og Kjartan Darri Kristjánsson sá um lýsingu. Sóley Stefánsdóttir samdi tónlistina fyrir sýninguna. Verkið var frumsýnt þann 19. mars á Norðurljósum og sýndar voru 9 sýningar og áhorfendur voru um 500. Sýningum lauk þann 6. maí.

Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri

Leikdeild Umf. Ármanns hefur legið í dvala undanfarin ár en verður vakin upp af værum blundi næsta vetur. Verið er að taka við áhugaskráningum frá fólki og stefnt er á blómlegt leikhúslíf á Klaustri næstu vetrarmánuði.

*Linda Agnarsdóttir,
formaður Ungmennafélagsins Ármanns*

Umf. Biskupstungna, leikdeild

Við hjá leikdeild Umf. Biskupstungna, settum ekkert upp á síðasta leikári. Það síðasta sem við settum upp var Undir hamrinum, og var umfjöllun um það í ársriti BÍL 2009–2010. Það hefur verið óskráð regla að setja upp leikrit annað hvert ár hjá okkur, með örfáum undantekningum. Í byrjun árs 2012 er áætlað að setja eitthvað upp.

Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

Saga úr vesturbænum

Höfundur: Arthur Laurents, Leonard Bernstein og Stephen Sondheim
Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson
Leikstjóri: Arnór Benónýsson
Þátttakendur: 60 Sýningar: 12 Áhorfendur: 1045

Vetrarstarf leikdeildarinnar hófst á haustmánuðum þegar ákveðið var að setja upp verkið West Side Story eftir Arthur Laurents og Stephen Sondheim við tónlist Leonard Bernstein. Arnór Benónýsson var ráðinn leikstjóri og Jaan Alavere tónlistarstjóri. Þar sem þetta verk hafði aldrei verið sett upp áður af áhugaleikfélagi á Íslandi þurfti að sækja um leyfi fyrir uppsetningu til umboðsskrifstofu erlendis og tók það nokkurn tíma áður en leyfið fékkst. Strax og leyfið var komið hófust æfingar og söngprufur og var verkið frumsýnt 17. mars í félagsheimilinu að Breiðumýri í Reykjadal.

Í sýningunni tóku þátt 35 leikarar og voru margir þeirra að stíga á svið í fyrsta sinn en aðrir eru komnir með töluverða reynslu þrátt fyrir ungan aldur enda hefur ungt fólk í Reykjadal fengið leiklistaruppeldi, danskennslu



Saga úr Vesturbænum

og sungið í kórum alla sína skólagöngu. Ásamt unga fólkinu stigu á svið nokkrir af þrautreyndustu mönnum leikdeildarinnar. Í hljómsveitinni voru þrír menntaðir hljóðfærleikarar og að tjaldabaki vann stór hópur fólks að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Alls voru það um 60 manns sem að sýningunni komu. Ýmsir höfðu efasemdir um að svo lítið leikfélag réði við svo stóra sýningu m.a. vegna þess hve tónlistin er flókin og sýningin mannmörg. Það reyndist ekki vandamál að manna sýninguna eða fá fólk sem auðveldlega gat sungið raddað. Tónlistin er útsett fyrir þrjátíu manna hljómsveit en var leyst með þriggja manna hljómsveit og óhætt er að segja að tónlistarstjórinn leysti það verkefni snilldarlega af hendi. Leikstjóri leysti sitt hlutverk einnig mjög vel af hendi og hafði einstakt lag á að ná því besta fram hjá hverjum og einum án þess að slá nokkurs staðar af kröfum. Hann nýtti alla þá möguleika sem sýningarhúsnæðið hafði uppá að bjóða á skemmtilegan hátt. Sýningin fékk góðar viðtökur og urðu sýningar alls 12 og sáu 1045 manns verkið.

Að hausti skipuðu leiknefnd Eflingar Þorgerður Sigurgeirsdóttir formaður, Baldur Danielsson, Freydís Anna Arngrímsdóttir og Ingólfur Sigfússon en eftir áramót urðu mannbreytingar í nefndinni og núverandi leiknefnd skipa Freydís Anna Arngrímsdóttir formaður, Baldur Danielsson og Járnbrá Björg Jónsdóttir.

Freydís Anna og Járnbrá Björg

Umf. Dagrenning, leikdeild, Borgarfirði

Eina starf leikdeildar Umf. Dagrenningar leikárið 2010–11 var að halda leiklistarnámskeið vorið 2011. Þröstudur Guðbjartsson hélt námskeiðið og stóð það í tvo daga. Ætlunin með námskeiðinu var að undirbúa okkur fyrir leiksýningu í haust.

*Þór Þorsteinsson,
formaður*

Umf. Íslendingur, leikdeild, Borgarfirði

Með fullri reisn

Höfundur: Terrence McNally

Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson

Leikstjóri: Margrét Ákadóttir

Þátttakendur: 40 Sýningar: 14 Áhorfendur: 1100

Leiknefnd skipa Katrín Jónsdóttir, Jón Eiríkur Einarsson og Jónmundur Hjörleifsson.

Leikdeild félagsins stóð í stórræðum þetta árið með vel heppnaðri uppsetningu á Með fullri reisn (e. The Full monty) eftir Englendinginn Terrence McNally í þýðingu Karls Ágúst Úlfssonar. Leikstjórn var í höndum Margrétar Ákadóttur og var frumsýnt fyrir húsfylli í Brún í Bæjarsveit þann 12. nóvember 2010. Verkið fjallar um 6 karla, sem missa vinnuna og hvaða áhrif það hefur á þá og fjölskyldur þeirra. Þeir bregðast við aðstæðum með því að halda strippsýningu til fjáröflunar sér og sínum. Fjöldi félaga tók þátt í uppfærslunni (ásamt gestaleikurum) sem tókst með miklum ágætum og sýningar urðu 14 talsins og uppselt á margar þeirra, og sýnt alveg fram undir miðjan desember.

Umf. Reykdæla, leikdeild, Borgarfirði

Kjöllinn hennar Grýlu

Höfundur: Þórvör Embla Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Jón Pétursson

Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 100

Með vífið í lúkunum

Höfundur: Ray Cooney

Þýðing: Árni Ibsen

Leikstjóri: Þröstudur Guðbjartsson

Þátttakendur: 16 Sýningar: 9 Áhorfendur: 467



Með fullri reisn



Kjöllinn hennar Grýlu



Með vífið í lúkunum

Leiknefnd Ungmennafélags Reykdæla var að þessu sinni skipuð þeim Þórvöru Emblu Guðmundsdóttur, Hafsteini Þórissyni, Ármanni Bjarnasyni, Krístrúnu Snorradóttur og Katrínu Eiðsdóttur.

Settar voru upp tvær sýningar. Að þessu sinni var ákveðið að hafa jóla-skemmtun og var m.a. sett upp stutt leikrit, Kjöllinn hennar Grýlu eftir Emblu Guðmundsdóttur í leikstjórn Jóns Péturssonar. Leikarar voru sjö og má segja að jólasveinarnir hafi verið nokkuð kostulegir í fyrstu ferð sinni til byggða enda erindi þeirra óvenjulegt.

Eftir áramót var ákveðið að taka til sýninga farsann Með vífið í lúkunum eftir Ray Cooney. Þröstur Guðbjartsson leikstjóri var ráðinn til verksins en alls tóku átta leikarar þátt í sýningunni auk annarra baktjaldamakkara. Aðalhlutverk var í höndum Jóns Péturssonar en aðrir leikarar voru þau Katrín Eiðsdóttir, Nafi Jónsson, Hafsteinn Þórisson, Þórhildur Kristinsdóttir, Ármann Bjarnason og Krístrún Snorradóttir. Þá höfðum við einnig að láni leikarann Þór Þorsteinsson frá Ungmennafélaginu Dagrenningu í Lundarreykjadal. Sýningar gengu mjög vel og mikið var hlegið. Þrátt fyrir það fengum við ívið færri áhorfendur en við eigum að venjast og kunnum auðvitað ekki nokkrar skýringar á, nema ef vera skyldi kreppuskýringar! Þröstur leikstjóri fær hér sérstakt hrós fyrir elskusemi og þolinmæði en hann er frábær samstarfsmaður og einstaklega skipulagður.

Jólasveinar Ungmennafélags Reykdæla hafa undanfarin ár heimsótt Borgnesinga í byrjun aðventu þegar kveikt er á jólatré Borgarbyggðar. Svo var einnig að þessu sinni.

Tveir nemendur fóru í leiklistarskóla Bandalagsins á Húnavöllum, einn í leikstjórn og einn í leiklist.

*Þórvör Embla Guðmundsdóttir,
formaður leiknefndar*

Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

Ferðin á heimsenda

Höfundur: Olga Guðrún Árnadóttir

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

Þátttakendur: 40

Sýningar: 11

Áhorfendur: 453



Ferðin á heimsenda

Af hjartans list

Alþjóðleg leiklistarhátíð á Akureyri 10–15. ágúst 2010



Það var ekki laust við að snertur af óraunveruleika hafi fylgt mér út á svalirnar í Hofi á setningarhátíð NEATA-hátíðarinnar 10. ágúst í fyrrasumar. Sem betur fer var ég með ukuleleið til að halda mér í og þurfti að leiða viðstadda í fjöldasöng á nýsöndu lagi sem enginn kunni nema ég og starfslið hátíðarinnar sem dreifði sér um hópinn, auðþekkt í skærgrænu bolunum sínum. Sem sagt, þarna stóð ég með skýrt afmarkað verkefni og engan tíma fyrir heimspekilegar vangaveltur um það undarlega ferðalag sem hafði leitt okkur öll hingað.

Óraunveruleikinn stafaði kannski af tvennu. Annarsvegjar hinum langa aðdraganda svona hátíðar (NEATA eru samtök áhugaleiklistarsambanda Norður- og Eyrstrasaltslandanna og skiptast á að halda leiklistarhátíð á tveggja ára fresti). Ég man alls ekki hvenær við byrjuðum að leggja drög að þessari hátíð, eiginlega ekki heldur hvenær við lýstum því formlega yfir að við myndum halda hana. Hinsvegjar tengdist óraunveruleikinn vitaskuld því litla babbi sem kom í fjárhagsbátinn skömmu áður en að hátíðinni kom og gengur í daglegu tali undir nafninu Bankahrún. Á ársfundi NEATA 2009 var endanlega tekið af skarið um að af þessu yrði – ekki síst fyrir rausnarlegan stuðning þeirra þjóða sem voru aflögufærar. Við þökkum þeim. Og auðvitað líka þeim sem ákváðu að koma þrátt fyrir efnahagsþrengingar heima fyrir.

Og hér vorum við mætt. Í óvigt og varla-opnað menningarhúsi Akureyringa með iðnaðarmenn allt í kring að íslenskum sið. Útlendu gestirnir héldu vafalaust að skrúðganga fornklæddra

Eyfirðinga með húsdýr væri það þjóðlegasta á hátíðinni, að ógleymdum hr. Ólafi Ragnari, og hákarlinum í skoðunarferðinni. Við hin myndum vafalaust nefna flísaleggjarana og rafvirkjana sem voru enn að leggja síðustu hönd á verkið meðfram hátíðinni okkar, þó aldrei kæmi það að verulegri sök. Þetta reddast – annað þjóðlegt minni sem setti svip sinn á samkomuna.

Ekkert reddast samt nema einhver reddi því.

Þar vorum við svo sannarlega vel sett, með Vilborgu Valgarðsdóttur framkvæmdastjóra fremsta í flokki, hina ýmsu millistjórnendur, kynningarlið, tæknifólk, miðasöllumenn, rötara og ráðagóða heimamenn, að ógleymdu öllu því prýðisfólki sem starfar í Hofi og tók svona vel á móti okkur. Best að byrja ekki að telja upp nöfn. En ef þið hittið einhvern í eiturgrænum stuttermabol með rauðu hjarta fyrir miðju þá megið þið vel klappa viðkomandi á bakið og segja: Vel gert!

Að forminu til var hátíðin algerlega eftir hefðinni. Námskeið á morgnana og krítik/umræður um sýningar gærdagsins. Sýningar síðdegis og fram á kvöld – og svo klúbbur. Þetta fór allt saman vel fram. Við getum að ég held verið gíska montin af námskeiðshöldurum vorum sem allir eru á heimsmaelkvarða, þau Ágústa Skúladóttir, Rúnar Guðbrandsson og Bernd Ogradnik. Ég og prófessor Danute Vaigauskaite frá Litháen sögðum kost og löst á sýningum á gagnrýnifundum, ásamt með leynigagnrýnanda sem fundarstjóri gagnrýninnar, Hörður Sigurðarson,




Menningarhúsið Hof.



Line Hauger, formaður NEATA.



Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpar hátíðargesti.



Hátíðargestir á opunarathöfninni. Ef vel er að gáð má sjá formann Bandalagsins blessa samkomuna.



Létt miðaldastemning var við opnunarathöfnina.



Opnunarathöfnin vakti undrun og aðdáun erlendra hátíðargesta.



Úr sýningu Leikfélags Kópavogs, *Umbúðalaust*.

valdi úr hópi áhorfenda fyrir hverja sýningu.

Gæðalega var hátíðin á svipuðum slóðum og þessar hátíðir hafa verið frá upphafi. Nokkrar frábærar sýningar og svo einhverjar sem má deila um hvort hafi átt erindi út fyrir viðkomandi landsteina. Förum yfir þær:

Opnunarýning hátíðarinnar var **Umbúðalaust** – hópvinuverk-efni **Leikfélags Kópavogs** og leikstjórans Vigdísar Jakobsdóttur. Það var eiginlega merkilegt hvað sýningin þoldi vel flutninginn úr Black-box umhverfinu heima í víðáttur stóra sviðsins í Hofi. Þar munaði mest um leikmyndakonsept sýningarinnar, sem var klárlega sterkasti þáttur sýningarinnar. Sýningin var sjarmerandi og einlæg eins og við má búast þegar þátttakendur vinna með eigið efni. Það sem hana skorti var aðallega að komast frá erkitypunum og að einstaklingseðli hvarrar persónu – nokkuð sem oft vefst fyrir hópum sem vinna á þennan hátt.

Norðmenn buðu upp á leikhópinn **TE-Nord** og verkið **Shabbana** – leikrit um fjölmenningsvandann. Nánar tiltekið um unga stúlku af pakistönskum uppruna og árekstra óska hennar og fjölskyldunnar um framtíðina. Hér var leikhópur með fjölbreyttan bakgrunn að glíma við flókið viðfangsefni úr raunveruleikanum af ástríðu og einlægni. En því miður algerum listrænum vanefnum. Leikstjóri og handritshöfundur á byrjunarreit með að beita meðulum leikhússins við að skoða verðugt viðfangsefni, og leikhópur sem hafði næsta litla möguleika á að blása lífi í efnið. Það vekur satt að segja alltaf furðu okkar sem sækja leiklistarhátíðir reglulega þegar einhverjum hefur þótt hópum á þessu þroskastigi vera einhver greiði gerður með að senda þá sem fulltrúa landsins á hátíð sem þessa.

Lykilorðið til að lýsa litháisku sýningunni **A la Musicale** frá leikfélaginu í **Druskininkai** er sennilega kæruleysi. Það var mikil afslöppun í gangi hjá leikhópnum, nánast þönguð nálgun þó þau væru klárlega ágætis performerar sem héldu áhorfendum sínum prýðilega með hugmyndaríkri og sniðugri sýningu. Blaðinu með efnispræði verksins er ég því miður búinn að týna, en man þó að hundur kom mikið við sögu.



Úr norsku sýningunni, *Shabbala*.



Úr litháensku sýningunni, *A la Musicale*.



Úr frönsku sýningunni, *Heilapveglar (Laveurs de Cerveaux)*.



Úr sænsku sýningunni, *Gränskontroll*.

Gränskontroll, sýning sænska hópsins **Teater Nea**, var klárlega einn af hápunktum hátíðarinnar. Frábærlega flinkir leikarar með flotta sketsasýningu sem þau sögðu að væri unnin út frá hugmyndinni um mörk í mannlegum samskiptum og mörk hins leyfilega – um bannhelgi. Til mín komu aðallega sterkar myndir um einmanaleika, siðleysi og sjálfsdýrkun. Og hrifning á því hvað meðul leikhússins léku í höndunum á hópnun og leikstjórnunum Erik Nihlgård.

Frakkland er ekki eitt af Eystrasaltslöndunum og klárlega ekki í Skandinavíu, hafi einhver haldið það. Það er hinsvegar meðlimur í CIFTA, systursamtökum NEATA í latneska hluta Evrópu, og hefð er fyrir að CIFTA sé boðið að senda sýningu á hátíðir okkar. Það sama gildir um CEC – miðevrópsku samtökin, en þeirra fulltrúi, rúmensk sýning, heltist úr lestinni vegna fjárskorts á undirbúningstímanum. Einu NEATA-landinu, Eistlandi, tókst heldur ekki að fjármagna sína ferð.

En Frakkarnir mættu. **L'Asse du coin** heitir hópurinn og sýndi leikritið **Heilapveglar (Laveurs de Cerveaux)** eftir Matei Visniec, sem er, skemmtilegt nokk, rúmenskt leikskáld, og ef marka má þetta verk mjög áhugasamur um að sigr landa sinn Ionescu í absúrdisma – sem setti mig reyndar strax í varnarstellingar, enginn sérstakur aðdáandi þeirrar blindgötu í leikritunarsögunni. En sýningin var firnagóð, algerlega abstrakt og nánast eins og danssýning fyrir lélega frönskumenn eins og mig. En samleikur leikaranna þriggja og notkun þeirra á olíutunnunum þremur var til stakrar fyrirmyndar.

Önnur íslenska sýningin var **Birtingur** frá **Leikfélagi Selfoss**. Það hlýtur að hafa verið skrítið fyrir þau að flytja sýninguna sína úr örleikhúsinu við Sigtún á MINNA SVIÐ, litla sviðið í Hofi, tónleikasal sem grænklæddu galdramennirnir okkar höfðu breytt í leikhús daginn fyrir hátíð. Sýning Selfyssinga græddi því miður ekki á þessum flutningi. Galsafenginn leikstíllinn, fyrirhafnarmikil leikmyndin og helv. sembal-tónlistin varð dálítið erfið í þessum aðstæðum þó útlitið væri glæsilegt og aðalleikararnir flottir. Og



Úr sýningu Leikfélags Selfoss, *Birtingur*.



Úr dönsku sýningunni, *Dunkelfolket*.

stór mínus fyrir leikstjórnann, Ólaf Jens Sigurðsson fyrir að rjúfa lengdarmörk hátíðarinnar. Það skiptir í alvörunni máli, sem maður skilur í fyrsta skipti sem maður situr undir tveggja tíma rússneskri sýningu.

Lettneski hópurinn hafði komið hérna áður. Eða allavega leikfélagið, **Auseklis Limbazi**, en þau voru stjórnur hátíðarinnar á Akureyri árið 2000 með Á rúmsjó. Síðan eru liðin mörg ár og leikari úr þeim hóp búinn að stúdera leikstjórn og mætir aftur með eigin uppfærslu á einum af súrrealískari einþáttungum Toms Stoppard, **After Magritte**. Þessi sýning vakti mikla hrifningu margra, en ég var ekki sannfærður. Mér fannst sviðsetningunni ábótavant, stíllinn ekki úthugsaður og skildi ekki hvað hafði fengið hópinn og leikstjórnann til að velja þetta verkefni. Þetta var ekki illa gert, en mér fannst mér ekki koma þetta við.

Finnar komu með **Louhi og gullnu stúlkuna**, byggt á kafla úr Kalevala. Á ensku. Leikið af unglingum. Sem unnu hana sem verkefni í enskukennslu. Sýningin var í sjálfu sér ekkert ómöguleg – bara langt frá því. Mér fannst hún bara nokkuð skemmtileg. Og Finnar hafa talað um vandræði sín við að fá hópa til að fara á erlendar hátíðir (fyrir svona tíu árum mátti ganga út frá því að finnskar sýningar væru meðal hápunktanna). En samt. Leiklistarhátíðir snúast um leiklist – og þangað á að senda sýningar hópa sem taka leiklist alvarlega. Og ef hátíðirnar eru ekki sérstaklega hugsaðar fyrir börn eða unglinga þá á ekki að senda ungmennahópa. Þeir verða utanvelta og njóta ekki hátíðarinnar eins og hún er hugsuð. Í tengslum við hátíðina var verið að vinna lokaútgáfu af leiðbeinandi reglum fyrir NEATA-hátíðir framtíðarinnar. Ein reglan fjallar núna um þetta.

Danska sýningin var kærkomið uppbrot. Götuleikhúshópurinn **Dunkelfolket** fór með okkur í leiðangur frá Hofi að Bautanum og til baka og sýndi brot úr verki um forboðnar ástir. Hópurinn er þrautþjáfaður í svona vinnu, búningar og grímur eru alger augnmyndi og þau stýrðu áhorfendum af áreynslulausu öryggi sem unun var að upplifa. Hápunkturinn var þó engu að síður



Úr lettnesku sýningunni, *After Magritte*.



Úr finnsku sýningunni, *Louhi og gullna stúlkun*.



Úr færeysku sýningunni, *Havgird*.



Úr sýningu *Freyvangsleikhússins, Vínland*.

Þegar þau lentu í „árekstri“ við akureyrskan götuleikhóp í upp-
vakningsgervum. Og ég verð að játa að ég vil að leikhópar mæti
með heilsteyptar sýningar, ekki sýnishorn af þeim eins og kom í
ljós að Rökkurfólkið bauð upp á. Endilega stytta sýningarnar ef
þarf, en það sem sýnt er þarf að mynda sannfærandi heild. Já,
og ef þú mætir zombíum, don't panic!

Ég efast um að margir andmæli því að færeyska sýningin hafi
verið hápunktur hátíðarinnar. **Havgird**, uppfærsla sérsmíðaðs
hóps frá Nólsoy á eigin verki um afdrif þeirra sem farast í sjón-
um, stýrt af Ágústu Skúladóttur og leikmyndað af Katrínu Þor-
valdsdóttur. Almagnaður leikhúsgaldur hér á ferð og innkoma
tæknimannanna undir lokin fer í leikhúsminnið við hliðina á
himnaríkinu í Jesús litla sem áhrifaríkasta umbreytingin.

Freyvangsleikhúsið slúttaði hátíðinni með **Vínlandi**, óstýrilátri
stórsýningu eftir Helga Þórsson um Ameríkuferðir víkinganna.

Stór sýning, rokksöngleikur fullur af fjöri, fyrir troðfullum sal var
auðvitað fin leið til að enda hátíðina. En óþarflega kaótísk og
fókuslaus sviðsetning Ólafs Jens Sigurðssonar dró úr gleðinni
fyrir mig, sem og það að aftur hafði íslenskur hópur látið undir
höfuð leggjast að halda sýningunni innan tímamarka. Ég verð
að játa að þetta gerði mig töluvert pirraðan.

Félags- og næturlífið fór hæfilega skikkanlega fram. Einhverjir
kvörtuðu yfir dýrum veigum eins og við mátti búast – eitt af því
sem okkur tókst ekki að leysa fullkomlega frekar en flestum
sem halda svona samkomur var hátíðarklúbðurinn. En mér
sýndist nú flestir ná því ástandi sem þeir vildu. Og íslenska
sumarnóttin heillaði, sem og náttúran. Eitthvað var um það að
langtaðkomnir leikhópar sem ekki reiknuðu með að eiga leið
um Ísland aftur „skrópuðu“ á sýningar til að ná aðeins skarpari
smjörþef af landinu en þrýðileg skoðunarferð í Mývatnssveit
bauð upp á. Ekkert við því að segja – þá má leiksýning vera
góð ef hún er a) á tungumáli sem þú ekki skilur og b) magnaðri
upplifun en Dettifoss.

Og þess má svo geta að í lok formlegrar dagskrár á lokakvöld-
inu voru norðurljós á himni yfir Akureyri. Í ágúst! Veit ekki
hvernig stóð á því en hef Benedikt Axelsson tæknistjóra grun-
aðan.

Þessi hátíð var Bandalagi íslenskra leikfélaga til mikils sóma.
Við héldum hana þrátt fyrir áföll og erfiðleika, gerðum það með
eftirtæktarverðum glæsibrag og skildum eftir sterkar myndir í
leiklistar- og lífsreynslubanka fjölda fólks.

Let's celebrate the Art of the Heart.

Þorgeir Tryggvason



Grænbolirnir að slógu aldrei slöku við, Halla Rún, Fanney og Prúður til þjónustu reiðubúnar.



Gagnrýnendurnir Þorgeir og Danute að störfum, Hörður fylgist með að allt fara sómasamlega fram.



Farið var með hátíðargesti í skoðunarferð til Mývatns. Hér stilla nokkrir danskir áhugaleikarar sér upp fyrir framan Goðafoss.



Í Námaskarði brugðu Lettar á léttan leik.



Í Dimmuborgum, erlendu gestirnir áttu varla orð til að lýsa aðdáun sinni á íslenskrí náttúru.



Flestir höfðu samt orð til að lýsa hákarlinum og brennivíninu sem boðið var uppá. Flestir létu sig samt hafa það að smakka.



Benedikt „Baxi“ Axelsson, tæknistjóri hátíðarinnar, furðu lostinn yfir að vera allt í einu orðinn miðpunktur.



Kynnar á lokakvöldi hátíðarinnar voru Þráinn Sigvaldason og Sigurður H. Pálsson.

Leiklist undir berum himni



Guðbjörg Árnadóttir

Í Danmörku og Noregi er hefð fyrir útileiksýningum á sumrin. Norska sýningin „Orrustan við Stiklastaði“ á líklega lengstan sýningartíma, hefur verið sett upp í 50 ár, alltaf sama sýningin, en nýr leikstjóri og endurnýjun í leikarahópnum. Í Danmörku hafa leikhópar einnig verið með fastar sýningar þó ekki sé það eins löng saga. Flestar sýningarnar byggja á sögulegum atburðum og reynt er að setja sýninguna upp sem næst þeim stað sem atburðirnir gerðust.

DATS boðaði til ráðstefnu í lok ágúst og þar átti að fjalla um útileikhús, ráðstefnan var haldin í Vildbjerg, litlum bæ á Jótlandi og var ætluð öllum þeim sem höfðu áhuga á útileiksýningum, leiklistarráðunautum, leikstjórum, leikurum, handritshöfundum, sviðs- og búningahönnuðum, tæknimönnum og kynningarfólki, einnig héraðsskjalavörðum og sagnfræðingum. DATS bauð áhugafólki frá hinum Norðurlöndunum og þáði ég boð um að taka þátt í ráðstefnunni. Auk mín voru gestir frá Færeyjum og Noregi en alls tóku þátt nálægt 90 manns.

Hugmyndin var að kanna stöðu útileikhússins, fá nýjar hugmyndir og horfa til framtíðar. Á dagskránni voru innlegg frá margreyndum leikstjórum, leikmyndahönnuðum og leikritahöfundum Dana og síðan umræður í hópum, sem fjölluðu um mismunandi efni: Staður og form, Sagan, Skipulag og kynning.

Ég valdi mér Söguhópin og þar var Kaj Nissen (dramatiker og leikstjóri) með umsjón, en auk hans Knud Labon dramatiker við Víkingaleika á Lindholm-hæðunum. Þeir reifuðu hugmyndir, sögðu frá því sem þeir höfðu unnið með ýmsum leikhópum og sýndu myndir. Henrik Gjøde Nielsen forstöðumaður Nordjyllands museum í Hals var með stutt erindi þar sem hann benti á möguleika á samvinnu við söfnin ekki síst skjalasöfn, þegar sagan verður til.

Margir leikhópar sýndu búninga, leikmuni, veggspjöld og leikskrár og það var greinilega lögð mikil vinna í alla þessa þætti. Flestar sýningarnar voru mannmargar, sviðsmyndir voru ýmist staðurinn sjálfur eða heilu byggingarnar og allt þar á milli.

Ungt fólk hafði verið sérstaklega hvatt til þátttöku í ráðstefnunni og eftir að við vorum boðin velkomin, fóru 12–15 unglingar (16–18 ára) til að starfa í vinnusmiðju og sýndu afrakstur hennar í lok ráðstefnunnar.

Laugardagskvöld var boðið til sýningar á „Besættelsen“ sem fjallaði um hersetu Þjóðverja og samskipti þeirra við heimamenn. Í einu atriði í sýningunni ferst flugvél með sex enskum hermönnum og sýningin fór fram sem næst á þeim stað.

Þetta var fróðleg og skemmtileg helgi og með batnandi veðurfari á sumrin eigum við alla möguleika á að setja upp skemmtilegar útsýningar, nógar eru sögurnar.

P.S. Ég sá sýningu Leikfélagsins Sýnis í Elliðaárdalnum áður en ég fór út og skemmti mér vel. Sterk saga og umhverfið hentaði vel (nema þegar brúðhjónin komu á drossíu í myndatöku).

Guðbjörg Árnadóttir,
Leikfélaginu Skagaleikhópnum



1. Sumarið 2010 voru um það bil 51 útleiksýning í Danmörku, þetta voru Víkingaleikar, sögusýningar (egnspil) og sviðsverk sett upp utan-húss. Nokkrir leikhópar sýndu búninga, leikmuni, veggspjöld og fleira sem tengdist sýningum þeirra á ráðstefnunni.



2. Á hverju ári er athöfn í Skarrildkirkjugarði og þar minnst 7 breskra flugmanna sem fórust í nágrenninu 27. ágúst 1944. Sýningin „Besættelsen“ er byggð á þessum atburði og hér eru ráðstefnugestir á leið til Skarrild Plantage þar sem sýningin var.



3. Í sýningunni „Besættelsen“ fengu áhorfendur að kynna lífinu í litlu þorpi í Danmörku á stríðsárunum. Þátttakendur í sýningunni voru fjölmargir, yfir 40 leikara, 15 manna hljómsveit, fjöldi tækni og sviðsmanng og svo þessi leikfimiþópur eldri borgara.



4. „Besættelsen“. Leikarar voru með þráðlausa hljóðnema og heyrðist því vel upp í áhorfendasvæði.



5. „Besættelsen“. Skarrild Plantage, áhorfendur komu vel undirbúnir með teppi og jafnvel svefnpoka. Í hléi var hægt að fá sér heitt kakó og auðvitað eina með öllu.



6. Ungu fólkíð á ráðstefnunni tók þátt í verkstæðisvinnu undir stjórn félaga í Gelderak. „Hvordan skaber vi fremtidens egnsteater – paa Tingstedet i Vildbjerg Søpark – i løbet af 37 timer?“



7. Ráðstefnunni lauk með svo sýningu hópsins við góðar undirtektir.

Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þrskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þrskavænleg skilyrði.
 - að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001.

Allt fyrir andann

Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni.
En lát'eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin í maganum,
hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypiti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son ...

*Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason
Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson*